

ALRÆMDASTI ÞÁTTUR ÍSLANDSSÖGUNNAR

■ Haukur leysir frá skjóðunni um Ástarfleyið ■ DV birtir dagbók þátttakanda



Áfengi fyrir fjórar milljónir og þúsund smokkar



12-13

23. FEBRÚAR 2018 / 8. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

„ Aldrei möguleiki að deyja frá börnunum

Þórlaug

Gekk út af líknardeild

■ Píratar eru ungur og veikburða flokkur 8-10

„ Hringdu og ég útskýri. Keli.

HÓTAR AÐ KÆRA SUNNU OG FÖÐUR HENNAR

„ Virðist sem bílnum hafi verið stolið

■ Faðir Sunnu fékk fíkniefnadóm árið 2016

Þú borgaðir fyrir hótelið og vínið

■ Sjálfstæðisflokkurinn á Siglufirði 4

KLAM Á STRUMPA-SPÓLUM

■ Börnin þögnuðu 42

Kjaftasögur draga Annþór inn í mál Sunnu

„ Er fólk í alvörunni að segja þetta? 18-19

Upprisa Guðrúnar

BÖRNIN TEKIN MEÐ LÖGREGLUVALDI

■ „Ég var að öskra á hjálp“ 16-17

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla

Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

Sokkar Í ÁSKRIFT

Eitt eða tvö pör í mánuði

SMART SOCKS
smartsocks.is



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



LOF & LAST

- Jón Þór Ólafsson

Ég lofa Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra þegar kemur að nálgun hennar á heilbrigðismálin og að ráða fyrirverandi landlækni til að aðstoða sig í þeirri vegferð að endurreisa heilbrigðiskerfið. Ég ber mikið traust til hennar.

Lastið fær Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, fyrir skort á auðmykt við að viðurkenna mistök þegar hún lætur eitthvað frá sér sem hefði betur verið sagt öðruvísi.

Á þessum degi ...

532 – Justinianus I, keisari Austrómværska keisaradæmisins, fyrirskipar smíði nýrrar basíliku í Konstantínóbel, nú Istambúl, fyrir ortódox kirkjuna. Basílikan er nú þekkt undir heitinu Hagía Sofía (Kirkja heilagrar vísku) og gjarna nefnd Ægisif á íslensku.

1836 – Orrustan um Alamo, í San Antonio í Texas-fylki, hefst í kjölfar þrettán daga umsáturs. Orrustan stóð til 6. mars og þar bárust á banaspjót Texasbúar, sem vildu sjálfstæði frá Mexíkó, og Mexíkóar og höfðu þeir síðarnefndu betur. Texasbúar og ævintýragjarnir Bandaríkjamenn létu til skarar skriða í apríl sama ár og þá þurftu Mexíkóar að jata sig sigraða.

1887 – Öflugur jarðskjálfti ríður yfir frönsku Rivíeruna og kostar um 2.000 manns lífið.



1898 – Franski rithöfundurinn Émile Zola er sakfelldur fyrir opið bréf sem birst hafði einum og hálfum mánuði fyrr í dagblaðinu L'Aurore. Bréfið bar yfyrskriftina J'accuse (Ég ákæri) og í því sakaði Zola ríkisstjórn landsins um antisemitisma og að hafa fangelsað Richard Dreyfus höfuðsmann saklausan. Zola flúði til Englands og sat aldrei í prisund vegna málsins.

1942 – Japanskir kaþbátar láta stórskóthríð dýnja á strandlengju nærri Santa Barbara í Kaliforníu í Bandaríkjunum.



1974 – Byltingarsamtökin SLA (Symbionese Liberation Army) krefst fjögurra milljóna Bandaríkjadala í lausnarfé fyrir Patty Hearst. Fyrir höfðu samtökin krafist matargjafa til allra þurfaði í Kaliforníu. Hearst hallaðist síðar á sveif með mannræningjum sínum og tók þátt í ýmsum óhæfuverkum. Hún var handtekin 18. september 1975 og fékk 35 ára dóm. Þáverandi forseti Bandaríkjaanna, Jimmy Carter, sá aumur á henni og henni var sleppt úr fangelsi árið 1979.

EKKI HRIÐFINN AF HOLU-HJÁLMMARI

■ Hjálmar Sveinsson í strætó með DV ■ Kaos ef hætt verður við Borgarlínu

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Samgöngu- og skipulagsmál verða í brennidepli í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hjálmar Sveinsson er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Blaðamaður DV fékk hann til að fara með sér í strætó upp í Grafarvog.

„Ég tek reyndar ekki oft strætó, ég hjóla mjög mikið og svo á ég einkabíl. Það er mikill misskilningur að ég eða meirihlutinn í borginni sé alfarið á móti því að fólk keyri, það sem við viljum er að gera almenningsamgöngur að raunhæfum valkosti þannig að fólk sé ekki nauðbeygt til að eiga bíl ef það býr í Reykjavík. Í dag eru það 72% sem nota einkabíl til að komast á milli staða, við viljum færa það niður í 58% og létta þannig á

umferðinni,“ segir Hjálmar á strætóstoppistöðinni fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur. Við tókum leið 6 upp í Spöngina í Grafarvogi og þaðan til baka niður í bæ.

Fargjaldið er 460 krónur, blaðamaður verður sér úti um smáforrit Strætó en Hjálmar borgar með klinki. Hjálmar er umdeildur meðal borgarbúa, hefur hann meðal annars verið kallaður Holu-Hjálmar, viðurnefni sem hann notaði sjálfur í prófkjörsslag Samfylkingarinnar fyrr á þessu ári. Honum er ekki skemmt þegar hann er spurður um viðurnefnið. „Mér finnst viðurnefni ekkert skemmtileg yfirlétt, en ég nýtti mér það til að benda á að núna eru mestu malbikunarframkvæmdir í sögu borgarinnar og nú er verið að fylla í allar holurnar.“

Leið 6 keyrir austur á Miklubraut í átt frá miðbænum. „Það er ekki háannatími núna, ég var að keyra þessa leið á föstudaginn milli klukkan 16 og 17 í seigfljóttandi umferð. Þá var fullum strætisvagni ekið á for-

„Ég myndi ekki kalla mannréttindi gæluverkefni.“

gangsrein fram úr allri bílaröðinni, það er einföld og ódýr ráðstöfun.“

Er það borgarlína, að strætó sé þá alltaf á eigin akrein?

„Það má segja það, þá verða þeir alltaf á eigin akrein, svona lest á gúmmidekkjum. Stoppistöðvarnar á borgarlínu munu svo líta út eins og lestarvallar, gott skjól og þú gengur beint inn í vagninn, búinn að borga með appi. Þá mun allt ganga hratt fyrir sig. Þetta er mikið notað í borgum í Evrópu og Bandaríkjunum.“

Hvað gerist ef hætt verður við borgarlínu?

„Þá verður algjört kaos.“

„Borgin er vel rekin“

Hjálmar vísar því alfarið á bug að það sé óráðsía í fjármálum borgarinnar. „Borgin er vel rekin. Stór hluti af skuldum borgarinnar er framreiknaðar lífeyrisskuldbindingar, ef það væri gert hjá ríkinu þá teldust skuldir ríkisins vera um þúsund milljarðar. Eiginlegar skuldir borgarinnar eru um 35 milljarðar á sama tíma og veltan er um 100 milljarðar á ári. Það teldist gott hjá mörgum fyrirtækjum.“

Hvað með mann-

réttindaráð, lántökur og gæluverkefni?

„Ég myndi ekki kalla mannréttindi gæluverkefni, en þetta eru bara smáaurar miðað við stóru tölurnar. Það myndi engu breyta um fjárhagsstöðu borgarinnar hvort þetta yrði lagt niður eða ekki. Langstærsti útgjaldaliðurinn fer til skóla- og velferðarmála eða tæplega 70%. Restin fer í fjárfestingu í innviðum, íþróttastöðu og menningarmál. Það má alltaf gagnrýna lántökur, en þetta eru lán á hagstæðum kjörum sem við þurfum til fjárfestinga í þágu borgarbúa. Eitt dæmi um það uppbygging Dalskóla í Úlfarsárhverfi, þar kemur líka menningarmiðstöð, sundlaug, bókasafn og auðvitað íþróttastaða á svæðið. Þetta eru nauðsynlegar framkvæmdir sem kosta allt að 15 milljörðum.“

Leið 6 er á leiðinni yfir Gullinbrú og inn í Grafarvog.

Hér er ekki blönduð byggð.

„Nei, þetta er tiltölulega hrein íbúðabyggð og örugglega frábært að búa hérna, en stefnan í dag er að hafa hverfin blönduð. Það er til þess að þjónusta haldist í hverfunum, fólk getur þá jafnvel sótt vinnu í eigin hverfi og það eykur líkurnar á að kaupmaðurinn á horninu dafni. Það er langt síðan menn komu auga á gallana við að skipta borginni í hreina íbúðabyggð og atvinnusvæði. Það er betra að hafa þetta eins og í gömlu borgunum; að hafa byggðina blandaða.“

5 hlutir sem alþingismenn ættu að fá frítt

Vikuleg pítsuveisla

Þingmenn ættu að fá vikulega pítsuveislu frá Gömlu smíðjunni í Lækjargötu og ársbirgdir af Ís cola til að skola pítsunum niður.



Gjafakort í Miklagarði

Allir þingmenn ættu að fá gjafakort með inneign að allt að fimm hundruð þúsundum í Miklagarði, stærstu verslun landsins.

Þar er Lögurinn á kostakjörum og fiskbordid er alltaf vinsælt. Við bendum þingmönnum á að gleyma ekki að kippa með sér Friskamin.



Fótanuddtæki Allir þingmenn ættu að fá danska fótanuddtækið Clairol Foot Spa sem er til sölu í Radíóbúðinni í Reykjavík á aðeins 2.600 krónum.



Þingmenn sem ganga meira en 15 þúsund kílómetra á ári yrðu svo skyldaðir til að taka skó á leigu.



Frítt flug í friinu Þingmenn fá að vísu frítt flug innanlands og líka erlendis ef þeir eru að ferðast vegna þingstarfa. Það er samt sem áður nauðsynlegt að fá einnig frítt flug til að ferðast í frístundum. Það væri því við hæfi að þingmenn fengu gjafabréf aðra leið út í heim með Arnarflugi.

HÚS
OG HÍBYLI

• Gestgjafinn •

VIKAN

Tryggðu þér áskrift á birtingur.is

FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ
ÁSAMT GJÖF SEM FYLGIR ÁSKRIFT
AÐ GESTGJAFANUM OG VIKUNNI



facebook.com/Vikan.is

instagram.com/vikanmagazine



facebook.com/husoghibyli

instagram.com/husoghibyli



facebook.com/Gestgjafinnmagazine

instagram.com/gestgjafinn

MANNLÍF

mannlif.is nýr og spennandi vefur

BUBBI FALINN

„Þetta er eins og úr hryllingssögu, þvílík heilsugæsla. Greyið konan og fólkið hennar.“ Þetta sagði Bubbi á Facebook eftir að hafa lesið frétt um dauðvona konu sem skipað var að hætta að hringja á heilsugæsluna og lést í kjölfarið. Í síðustu viku var ásjóna Bubba falin á blaðsíðu 19. Ásjóna Bubba er að sjálfsgöðu aftur falin í blaði helgarinnar. Ef lesendur finna kempuna þá geta þeir sent okkur upplýsingar um felustaðinn á netfangið: bubbi@dv.is. Dregið verður úr innsendum lausnum og fær sá heppni gjafabréf á veitingastað í höfuðborginni í verðlaun.

Finndu Bubba í blaðinu



Vissir þú að ...

Doktor Henry Heimlich, sem þróaði Heimlich-adferðina árið 1974 og gengur út á að þrýsta á kvið fólks til að opna öndunarveg, beitti adferðinni í fyrsta og eina sinn til að bjarga mannlífi árið 2016. Heimlich var þá 96 ára en konan sem hann bjargaði 87 ára. Bein stóð fast í hálsi konunnar. Adferð Heimlich er sögð hafa bjargað yfir 100 þúsund mannlífum og var Ronald Reagan, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, í þeim hópi. Heimlich lést í desember 2016, saddur lífdaga. „Aðvitað framkvæmdi ég Heimlich-adferðina,“ sagði Heimlich þegar hann lýsti gladhakkalegur hvernig hann kom til bjargar. „Hún hefði dáíð hefði ég ekki beitt adferðinni. Biti af mat ásamt beini flaug út um munn hennar.“



„Ég les alltof lítið af skáldsögum því ég er alltaf að lesa þurrar sagnfræðibækur fyrir vinnuna. En nú var ég að byrja á The Nakano Thrift Shop eftir japanska rithöfundinn Hiromi Kawakami. Er spennit fyrir þessari því ég hef lesið aðra bók eftir sama höfund, Stjörnurnar yfir Tókýó, sem var yndisleg. Svona snaturlega lágstemmdar japanskar bókmenntir hafa lengi verið í uppáhaldi hjá mér.“

Bókin á náttborði Veru Illugadóttur



Alþingi splæsir:

FLUG, HÓTEL, MATUR OG VÍN!

■ Sjálfstæðismenn á Siglufirði ■ Heimsóttu brugghús ■ Ásmundur gekk

Heimsókn í líftæknifyrirtækið Genis
Páll Magnússon, Brynjar Nielsson, Óli Björn Kárason, Birgir Ármannsson og Kristján P. Júlíusson.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is




Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hélt vinnufund á Siglufirði helgina 17. til 18. febrúar. Glatt var á hjalla enda var heimsótt brugghús og gíst á fínu hóteli. Þá var etið og drukkið vín um kvöldið. Reikningurinn var svo sendur beint á ríkið. Ekki er óalgenget að stærri stjórmmálaflokkar landsins haldi fundi um tvisvar á ári úti á landi og greiða þá skattborgarar fyrir ferðir, gistingu, mat og jafnvel vín.

Þegar þingmenn komu til Siglufjarðar var lyfja- og líftæknifyrirtækið Genis heimsótt. Þingmenn fengu kynningu á starfsemi og svo var dreypt á hvítvíni á eftir. Þá var einnig heimsótt brugghúsið Segull 67 sem framleiðir meðal annars bjórinn Hérastubb. Þá var gíst á Sigló Hótel, glæsilegu hóteli við smábáthöfnina og borðað þar um kvöldið.

Góður andi virtist ríkja í ferðinni séu skoðaðar þær ljósmyndir sem teknar voru og dreift á samfélagsmiðlum. Vilhjálmur Árnason grínaðist með það á Snapchat að Ásmundur Friðriksson færi einnig með flugi. Ásmundur og Vilhjálmur eru þeir tveir þingmenn sem hæstar fengu endurgreiðslur vegna aksturs árið 2017. Ásmundur fékk 4,6 milljónir króna endurgreiddar og Vilhjálmur 3,4 milljónir. Ásmundur lét bílinn eiga sig á Siglufirði en gekk galvaskur sjö kílómetra leið í ferðinni.

Alþingi greiðir

Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að fimmtán af sextán þingmönnum flokksins hafi farið í ferðina. Sá eini sem ekki komst með var Haraldur Benediktsson, oddviti flokksins í Norðvesturkjördæmi. Birgir segir að



Sigló Hótel Glæsilegt hóteli við smábáthöfnina.



Kát Áslaug Arna Sveinbjörnsdóttir og Kristján Þór Júlíusson.

flestir hafi flogið saman en nokkrir verið komnir á undan, annaðhvort með flugi eða á bíl. Birgir segist ekki vita hver heildarkostnaðurinn við ferðina sé því hver og einn þingmaður geri upp við Alþingi eftir á. „Svo er einhver sameiginlegur kostnaður sem flokkurinn tekur á sig.“

Það voru ekki aðeins þingmenn sem voru með í för heldur einnig nokkrir aðstoðarmenn ráðherra. Má þar nefna Hildi Sværissdóttur, Laufeyju Rún Ketilsdóttur og Ólaf Teit Guðnason. Að sögn Helga Bernóðussonar, skrifstofustjóra Alþingis, greiðir þingið aðeins kostnað fyrir þingmenn. Þingmenn geta fengið endurgreiddan ferðakostnað, annaðhvort flug eða bílferð, hótulgistingu og mat. Ekki er athugað sérstaklega hvort vín eða annað áfengi sé innifalið í reikningi vegna matar. Á vef Alþingis er engu að síður tekið fram að aðstoðarmenn ráðherra og

þingflokksformanna eigi rétt á endurgreiðslu vegna ferða sinna.

Prinsippinu ekki fylgt

Að sögn Helga halda hinir rötgrónu þingflokkar fundi sem þessa um það bil tvisvar á ári. Ekki sé komin reynsla á það hjá nýrri flokkum, svo sem Viðreisn og Flokki fólksins.

Helgi segir: „Reglan er þannig að landsbyggðaðingmennirnir fá húsnæðis og dvalarkostnaðargreiðslur. Í prinsippinu eiga þær að gilda fyrir fundi þingmanna í eigin kjördæmi. Annað gildir fyrir þingmenn úr öðrum kjördæmum. Þingið verður að greiða ferða- og dvalarkostnaðinn fyrir þá. Ef þingmenn eru hins vegar sannarlega að reka tvö heimili þá er ekki hægt að ætlast til þess að húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðslurnar nái yfir þingfundi sem eru haldnir annars staðar.“

Hann segir jafnframt að prinsippið gildi ekki alveg yfir þingflokksfundi sem þennan. „Litið hefur verið á það þegar þingflokkar halda fund úti á landi, þar sem einn hópur er á ferð, þá þýðir ekkert að standa í því að draga fólk í dilka eftir kjördæmum. Því höfum við í vaxandi mæli greitt fyrir alla þingmenn því fundurinn er hvort sem er ekki haldinn að ósk þeirra.“ Því er ljóst að þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi; Kristján Þór Júlíusson og Njáll Trausti Friðbertsson, geta fengið kostnaðinn endurgreiddan.

Vín með matnum

DV hafði samband við tvo þingmenn úr ferðinni og spurði þá um kostnað. Bryndís Haraldsdóttir, úr Suðvesturkjördæmi, sagðist ekki hafa fengið upplýsingar um kostnað vegna flugsins því þingmenn væru með afsláttarkort frá þinginu.

„Ég er með reikning frá hótelinu, sem innifelur gistingu og mat, upp á 37 þúsund krónur.“

Var áfengi með í þeim reikningi?

„Borðvín, já. Rauðvín sem fylgdi með matnum. Ef maður pantaði eitthvað annað á barnum, borgaði maður það sjálfur.“

Vilhjálmur Árnason, úr Suðurkjördæmi, sagði sömu sögu. Reikningur frá hótelinu upp á 37 þúsund krónur en hann hafði ekki séð hvað flugið kostaði.

Skattborgarinn greiðir eina milljón

Ef gert er ráð fyrir að allir fimmtán rúkk Alþingi um 37 þúsund krónur fyrir gistingu, mat og borðvín gera það samtals 555 þúsund krónur.

Flugvellingum á Siglufirði var lokað árið 2014 og því er flogið til Akureyrar. Flug fram og til baka með Iceland Air Connect kostar að jafnaði 36 þúsund krónur, frá laugardegi til sunnudags, yfir vetrartímam. Að sögn Helga Bernóðussonar fær Alþingi tæplega 10 prósentu afslátt af innanlandsflugi. Ef allir þingmennirnir hefðu tekið flug væri kostnaðurinn við það í kringum 490 þúsund krónur. Þá er ótalinn ferðakostnaðurinn frá Akureyri til Siglufjarðar, tæplega 80 kílómetra vegalengd.

Út frá þessu má áætla að heildarkostnaðurinn sem Alþingi greiðir fyrir einnar nætur ferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins til Siglufjarðar sé í kringum eina milljón króna. ■

nettoline
STYRKUR - ENDING - GÆÐI



HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRETTINGAR

★★★★★
TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá
dönskum gagnrýnendum



ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.



GOTT SKIPULAG

Það getur verið mikil kúnt að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Friform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.



VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

 **Friform**
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

Svona búa vinstrimenn

Búa vinstrimenn í látlausum fjölbýlishúsum? Búa hægrimenn í glæsilegum villum? DV skoðaði heimili sex leiðtoga vinstra megin við miðju og sex leiðtoga af hægri vængnum og niðurstöðurnar falla ekki að öllu leyti inn í staðalmyndina.

kristinn@dv.is



Logi Már Einarsson

Formaður Samfylkingarinnar

Logi tók við formennsku í Samfylkingunni haustið 2016 eftir að flokkurinn nærri þurrkaðist út í þingkosningum. Fáir landsmenn þekktu Loga en hann var nýr þingmaður frá Akureyri, arkitekt og fyrrverandi dansari úr hljómsveitinni Skridjökulum. Logi hefur vaxið í hlutverki formanns og vann töluvert fylgi til baka í síðustu kosningum. Hann býr ásamt konu sinni, Arnbjörgu Sigurdardóttur, í einbýlishúsi á Munkabverástræti 35 á Akureyri.

Fermetrar: 223 Fasteignamat: 42.300.000



Katrín Jakobsdóttir

Forsætisráðherra

Þrátt fyrir að vera aðeins 42 ára hefur Katrín Jakobsdóttir verið á þingi í meira en áratug fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð. Hún hefur lengi verið einn vinsælasti stjórnmaðmaður landsins, þvert á flokkslinur. Í eftirhrunsstjórninni 2009 til 2013 gegndi hún embætti menntamálaráðherra og situr nú sem forsætisráðherra. Katrín og maður hennar, Gunnar Sigvaldason, búa á þriðju hæð í blokk í Vesturbænum, Dunhaga 17.

Fermetrar: 108 Fasteignamat: 43.800.000



Steingrímur J. Sigfússon

Forseti Alþingis

Steingrímur er jarðfræðingur og fyrrverandi íþróttafréttamaður á RÚV sem hefur langmestu reynsluna á Alþingi. Fór hann þar fyrst inn árið 1983 fyrir Alþýðubandalagið og síðan um aldamótin fyrir VG. Hann hefur gegnt mörgum ráðherraembættum, þekktastur sem fjármálaráðherra á árunum eftir hrún. Steingrímur er með lögheimili í Þistilfirði en hefur um áratugaskeið búið í Seljahverfinu í Breiðholti. Síðan 1999 hefur hann búið í glæsihýsi í Þingaseli 6 með arinstofu og sérstöku herbergi fyrir fót.

Fermetrar: 315 Fasteignamat: 79.700.000



Gunnar Smári Egilsson

Formaður Sósíalístaflakksins

Gunnar Smári hefur komið víða við sem blaðamaður og samfélagsrýnir. Var hann til dæmis einn af stofndendum Fréttablaðsins árið 2001 og Fréttatímans árið 2015. Einnig hefur hann gegnt ýmsum störfum, til dæmis verið framkvæmdastjóri SÁÁ. Eftir að Fréttatíminn varð gjaldþrota vorið 2017 hætti Gunnar í fjölmiðlum og stofnaði Sósíalístaflakkin sem mun bjóða fram í fyrsta skipti í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Gunnar og kona hans, Alda Lóa Leifsdóttir, búa í glæsihýsi á Fáfnisnesi 3 við Reykjavíkflugvöll. Húsið hefur verið á sölu síðan í júní á 125 milljónir króna.

Fermetrar: 244 Fasteignamat: 98.850.000



Dagur B. Eggertsson

Borgarstjóri Reykjavíkur

Dagur hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkur síðan árið 2002, fyrir R-listann og Samfylkinguna. Hann sat sem borgarstjóri í þrjú mánuði árin 2007 til 2008 og hefur nú verið borgarstjóri síðan árið 2014. Sumir vilja reyndar meina að Dagur hafi stýrt borginni í reynd árin 2010 til 2014 þegar Samfylkingin var í samstarfi við Besta flokkinn. Dagur og kona hans, Arna Dögg Einarisdóttir, búa á Óðinsgötu 8b, hornhúsi í Þingholtunum. Tvær íbúðir eru skráðar í húsinu og búa þau í báðum. Á Menningarnótt hefur Dagur boðið almenningi í vöflur á jarðhæðinni.

Fermetrar: 193 Fasteignamat: 95.800.000



Helgi Hrafn Gunnarsson

Þingmaður Pírata

Helgi var óþekktur þegar hann komst inn á þing þegar Píratar buðu fram í fyrsta skipti árið 2013. Píratar hafa að jafnaði engan formann en hafa margir lítið svo á að hann sé leiðtogi þeirra. Hann gegndi einnig formlegri stöðu formanns árin 2014 og 2015. Helgi var ekki í framboði í kosningunum 2016 en ákvað að gefa kost á sér á ný síðasta haust. Eiginkona Helga er Inga A. K. Straumland og búa þau í Miðtúni 80 í Laugardalshverfinu, í kjallaraíbúð í einstaklega huggulegu, bleiku húsi.

Fermetrar: 100 Fasteignamat: 38.250.000

mennt og hægrimmenn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson Formaður Miðflokksins

Sigmundur er fyrrverandi fréttamaður á RÚV og einn þekktasti stjórnmálamaður landsins. Hann varð formaður Framsóknarflokksins árið 2009 og árið 2013 varð hann forsætisráðherra eftir mikinn kosningasigur. Eftir að nafn hans kom upp í Panamaskjölunum svokölluðu hrökklaðist hann úr embætti og missti síðar formannssætið í flokkinum. Síðasta haust klauf hann flokkinn og stofnaði Miðflokkinn. Sigmundur býr ásamt eiginkonu sinni, Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur, í glæsihýsinu Skrúðási 7 í Garðabæ sem er þó í eigu foreldra Önnu, Páls Samúelssonar og Elínar Jóhannesdóttur.

Fermetrar: 370
Fasteignamat: 123.050.000



Eyþór Arnalds Oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík

Eyþór hefur komið víða við á sínum ferli í menningu, viðskiptum og stjórnmálum. Hann varð þekktur sem söngvari þónkljómveitarinnar Tappi Tíkarrass og sellóleikari Todmobile. Hann var lengi í bæjarstjórn Árborgar og hefur verið virkur í hlutabréfaviðskiptum í gegnum eignarhaldsfélag sitt Ramses. Fyrir ári varð hann stærsti hluthafi í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Hann leiðir nú lista Sjálfstæðismanna í borgarstjórnarkosningunum. Eyþór býr í virðulegu einbýlishúsi í Vesturbænum, Öldugötu 18.

Fermetrar: 295 Fasteignamat: 138.700.000



Inga Sæland Ástvaldsdóttir Formaður Flokks fólksins

Minnstu munaði að Flokkur fólksins kæmist inn í fyrstu atrennu haustið 2016, aðallega vegna persónutöfra og sannfæringar formannsins Ingu Sæland. Ári síðar náði hún fjórum mönnum inn á þing. Inga, sem er lögblind og fyrrverandi X-Factor stjarna, hefur barist hatrammlega gegn fátækt. Hún býr ásamt manni sínum, Óla Má Guðmundssyni, á jörðhæð í blokkaríbúð í Maríubaugi 121 í Grafarholti.

Fermetrar: 148 Fasteignamat: 44.250.000

HÆGRIMMENN



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir Formaður Viðreisnar

Þorgerður sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1999 til 2013 og gegndi embætti menntamálaráðherra í sex ár. Eftir hrunið var hún mikið í fréttum vegna tæplega tveggja milljarða kúluláns sem eignamaður hennar, Kristján Arason, var skráður fyrir hjá Kaupþingi en hann var þá jafnframt framkvæmdastjóri viðskiptasviðs bankans. Þorgerður kom aftur inn í stjórnmálin haustið 2016 en þá í framboði fyrir nýjan flokk, Viðreisn, og gegndi embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varð hún svo formaður flokksins í haust. Þorgerður og Kristján búa í stóru einbýlishúsi í Mávahrauni 7 í Hafnarfirði.

Fermetrar: 419
Fasteignamat: 99.350.000



Guðlaugur Þ. Þórðarson Utanríkisráðherra

Guðlaugur hefur setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn síðan 2003 og var einnig borgarstjórn Reykjavíkur árin 1998 til 2006. Guðlaugur hefur gegnt ótal trúnaðarstörfum og embættum og er talinn valdamesti maðurinn í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. Meðal annars var hann heilbrigðisráðherra frá 2007 til 2009 og hefur verið utanríkisráðherra síðan 2017. Guðlaugur er kvæntur eróbikkfrömuðinum Ágústu Johnson og búa þau í Logafold 48 í Grafarvoginum. Það er einbýlishús með tvöföldum bílskúr.

Fermetrar: 197
Fasteignamat: 56.750.000



Bjarni Benediktsson Formaður Sjálfstæðisflokksins, fjármálaráðherra

Bjarni er af ætt Engeyinga og hefur setið á Alþingi síðan 2003. Hann varð formaður flokksins árið 2009 í kjölfar hrunsins og hefur síðan árið 2013 gegnt embætti fjármálaráðherra og forsætisráðherra. Bjarni hefur mætt mörgum áskorunum á stjórnmálaferli sínum, aðallega í tengslum við aðkomu hans að viðskiptalífnum. Nafn hans birtist í Panamaskjölunum, Vafningsmálinu, Borgunarmálinu og einnig dúkkaði það upp í tengslum við Ashley Madison lekann og uppreista æru barnaniðinga. Bjarni býr, ásamt eiginkonu sinni, Þóru Margrétu Baldvinsdóttur, í stóru einbýlishúsi á Bakkaföt 2 í Garðabæ. Götu sem kölluð hefur verið Engeyjargatan.

Fermetrar: 451 Fasteignamat: 150.650.000 milljónir

Horfði alltaf fram á veginn Þórlaugu var sagt að hún mætti búast við að lifa í mesta lagi hálf tveim árum. Þrátt fyrir það hélt hún áfram að stunda nám.

„Það var ekki möguleiki að deyja frá börnunum“

■ Þórlaug gekk út af líknardeild og lenti á hrakhólum ■ Missti aldrei móðinn

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Þórlaug Ágústsdóttir lenti á hrakhólum eftir að hafa sigrast á erfiðu krabbameini. Hún lá í marga mánuði dauðvona inni á líknardeild, mánuði sem hún segir hafa breytt lífi sínu til hins betra. Í dag eru henni allar dyr opnar.

Þórlaug tekur á móti blaðamanni DV á heimili sínu í blokk í Sólheimum, veðrið er ekki upp á marga fiska þann daginn og útsýnið lítið sem ekkert. „Ég er venjulega með Esjuna og Keili nánast inni í stofunni minni, fjöllin verða að bíða betri tíma,“ segir Þórlaug og brosir. Það er erfitt að hugsa til þess að þarna sé kona sem lækningar hafi spáð dauða fyrir meira en fimm árum.

Kölluð gangandi kraftaverk

„Ég var kölluð gangandi kraftaverk. Ég var greind með legghálskrabbamein árið 2010, ég vissi að það fór ekki og fékk loksins að fara í myndatöku haustið 2011, þá kom í ljós að ég var komin á grafarkann. Ég fór í gengum hríkalega meðferð, uppskurði, innri og ytri geislameðferðir,“ segir Þórlaug. Hún var laus við krabbameinið vorið 2012 en skömmu síðar var hún greind með krabbamein í eitlum. „Ég fékk hlé þarna um sumarid og svo um haustið var sagt við mig að það væri ekkert hægt að

gera fyrir mig. Ég mátti búast við því að lifa í hálf tveim árum, í mesta lagi eitt og hálf tveim árum með lyfjameðferð.“

Ég vandaði mig að vera hinn fullkomni krabbameinssjúklingur, taka öll vítamín, drekka allt. Svo fékk ég lyf frá Bandaríkjunum, flókna fjölsykru sem virkar með lyfjameðferðinni, og öllum að óvörum þá lærði líkami minn að drepa krabbameinið. Ég var loksins laus árið 2013.“

Aldrei möguleiki að deyja frá börnunum

Á þessum tíma bjó hún úti í Danmörku og lá inni á líknardeild í Kaupmannahöfn í nokkra mánuði. Þegar hún lá þar skildi hún við eiginmann sinn. „Við höndluðum þetta ekki. Við vorum bara ein þarna úti með tvo stráka. Það var aldrei möguleiki að deyja frá börnunum. Ég gerði allt sem ég mögulega gat, ég hefði borðað sand ef einhver hefði sagt að það myndi virka.“

Það er sjaldgæft að einhver lifi af margra mánaða dvöl á líknardeild. Þórlaug horfir niður og dregur djúpt andann. „Það er mjög sjaldgæft. Það dó einhver á deildinni þriðja hvern dag. Ég gekk af og til fram á lík frammi á gangi þar sem starfsmenn voru að fá sér kaffi og spjalla. Það var ekki auðvelt að hugsa til þess að næsta dag gæti þetta verið ég. Ég horfði alltaf fram á veginn, ég fór af deildinni reglulega til að mæta í tíma í háskólanum, ég man að fagfólkinu fannst það mjög óvenjulegt.“

Meðferð sem drepur fólk

Hún var laus við krabbameinið rétt fyrir fertugsafmælið sitt þann 7. september 2013. Þá ræddi hún við DV um fögnuðinn sem hún hélt þá undir yfirskriftinni 7.9.13.

„Ég sagði við þá í meðferðinni að ég myndi bjóða í rosalegt 7-9-13 partí-endurkomu kokkteil, ef ég losnaði við krabbameinið og nú stendur til að fagna ærlega með góðum vinum. Dagssetningin er auðvitað skemmtileg í ljósi veikindanna og batans. Ég get með sanni sagt: 7-9-13!“ sagði Þórlaug við DV á sínum tíma. Síðan eru liðin nærri fimm ár og þrátt fyrir að vera laus við krabbameinið þá situr hún eftir með afleiðingarnar af meðferðinni.

„Ég fór í gengum meðferð sem drepur fólk. Ég er öryrki með stanslausu verki en ég get unnið útafliggjandi. Ég er með sérstakan stól sem ég get legið í, á fundum þá ligg ég bara flöt á meðan hinir sitja. Þannig næ ég að verða að einhverju gagni, það er svo hættulegt að finnast maður einskis nýtur. Ríkið gerir sitt besta við að láta öryrkja finnast þeir vera einskis nýtir. Ég fékk enga skipulagða endurhæfingu nema undir þeim formerkjum að komast út á vinnumarkaðinn, það er spurning um heppni á hverjum þú lendir inni í kerfinu. Það er ekki verið að hugsa um að auka lífsgæði fólks.“

Allar dyr standa opnar

Þórlaug er stjórnmaláfræðingur og starfaði sem yfirmaður vefmála hjá Össuri og 365 miðlum fyrir hrún. Hún, líkt og svo margir aðrir, missti allt sitt í hruninu og lá þá leiðin til Danmerkur þar sem hún veiktist. Þegar hún flutti heim til Íslands árið 2013 lenti hún á hrakhólum. „Ég þekki það að hafa misst allt, átti ekkert nema hausinn á mér, börnin og skuldir. Ég var tvo mánuði frá því að vera á götunni og þegar þú ert sjúklingur þá er það bara mjög erfið staða. Ég hef búið á ellefu stöðum síðan ég flutti heim, þú getur bedið vini þína um að hjálpa þér að flytja einu sinni en í fimmta sinn eða tíunda sinn, nei.“

Fyrir ári eignaðist hún svo loksins eigin húsnæði. „Núna standa allar dyr opnar. Það er svo mikill munur á andlegri líðan og öryggis-tilfinningu að vera komin í eigin húsnæði. Það er ekki hægt að lýsa því hversu þægilegt það er að vita að ég sé ekki að missa húsnæðið á morgun.“

Ástríðan liggur í stjórnmalunum

Þórlaug hefur unnið fyrir Pírata frá því hún flutti heim og var í þriðja sæti á lista flokksins í Reykjavík í síðustu sveitarstjórnkosningum. Halldór Auðar Svansson, oddviti flokksins, gefur ekki kost á sér og Þórgnýr Thoroddsen, sem var í öðru sæti, hefur gefið það út að hann sækist ekki eftir forystusæti.

„Ég var kölluð gangandi kraftaverk.“

Þórlaug gefur kost á sér fyrsta sæti í komandi prófkjöri flokksins.

„Þetta er ekki svona einfalt, allir í prófkjöri Pírata bjóða sig fram í fyrsta sæti vegna þess að þannig virkar kosningakerfið. Þessi slagur lítur mjög asnalega út því fólk sem langar ekkert að vera oddviti listans er að bjóða sig fram í fyrsta sæti. Kerfið leyfir þér að forgangsráða fulltrúum, það er ekki eins og í prófkjörum þar sem fólk fær aðeins að njóta sinna vinsælda,“ segir Þórlaug.

Sem dæmi, ef frambjóðandi myndi hljóta helming atkvæða í fyrsta sæti og helming atkvæða í tuttugasta sæti þá lendir frambjóðandinn í tundaða sæti. „Það hefur gerst að fólk hefur verið tekið niður, fólk sem naut mikils stuðnings en var umdeilt.“

Þórlaug hefur eytt miklum tíma í að hugsa um stjórnmal síðustu ár og það heyrir á henni að þar liggur hennar ástríða. Hún hefur miklar áhyggjur af reynsluleysi þeirra sem eru að sækjast eftir forystu hjá Pírötum. „Ég hef ekkert áhuga á því að verða borgarfulltrúi, mér finnst ekki aðlaðandi starf að vera í pólitík. Það togast á í mér að ▶

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is



Hispurslaus Þórlaug vill ekki sykurhúða það sem hún hefur að segja þar sem hún hafi áttað sig á að lífið er of stutt til að vera stillt og þrúð.

vilja láta gott af mér leiða og að vilja ekki koma nálægt þessu. Ég hef hins vegar lofað stuðningsfólki mínu að nafnið mitt verði í pottinum.“

Leiðtogakrísa hjá Pírötum

„Flestir sem voru í hópnum fyrir kosningarnar síðast vilja halda áfram vinnunni en það virðist vera þannig að því meira sem fólk veit um pólitík því minna langar það að leiða lista.“ Hún segir þetta ekki aðeins eiga við um Pírata. „Það er alltaf að koma inn nýr og nýr bjargvættur. Hjá Sjálfstæðismönnum var það Halldór Halldórsson síðast, góður maður sem hefur sinnt sínu starfi vel, en núna er hann ekki nýi gæinn. Fólk sem hefur unnið vinnuna fær ekki umboð því það þarf alltaf að finna einhvern nýjan. Við Píratar erum að brenna okkur á þessu líkt og aðrir, að fá inn einhver ný eða þekkt andlit sem eiga að bjarga málinum.“

*Eru Píratar í Reykjavík að leita að bjargvætti?**

„Já, það er ákveðin leiðtogakrísa í gangi. Það vildi enginn vera fyrstur til að stíga fram. Þegar ég geri það fæ ég ákveðna skotskífufu á mig. Ég ætlaði að sýna samfelldu, þegar Halldór Auðar sagði að hann ætlaði að hætta þá steig ég upp neðar af listanum. Það var ekki vinsælt í ákveðnum hópi innan flokksins.“ Þórlaug segir Pírata veikburða. „Við erum ungu og veikburða flokkur, það er margt fólk sem einfaldlega skortir starfsreynslu og er þarna því það langar að breyta heiminum. Þeir sem eru komnir sem reynsluna til að geta það, þá langar ekki í starfið.“

Drama og togstreita

Þórlaug segir erfitt að halda utan um nýjan stjórnvalaflokk. „Við eigum Birgittu Jónsdóttur mikið að þakka en það tók hana tvær atrennur að stofna stjórnvalaafli. Við þurfum stöðugt að hugsa hvort við séum að starfa eftir okkar grunnildum. Við þurfum að vita hvers vegna við eigum erindi í borgarstjórn. Við erum ekki að fara þangað því við erum jafnaðarmenn, við erum að fara þangað því við erum með ákveðna nálgun.“

Sem dæmi nefnir Þórlaug nálgun Pírata á jafnrétti kynjanna. „Píratar líta ekki á þetta eins og feministar almennt, að það sé í gangi stórt samsæri og valdajafnvægið sé ávallt komum í óhag. Við horfum á valdahlutföllin, sums staðar eru konur sterkar og annars staðar veicar. Við erum núna að stofa feministaflokk Pírata, það er

Við erum mannapa-hópur sem er að reyna að eiga fínan bíl og líða vel í fínum fötum.

að valda heilmiklu drama og togstreitu. Ákveðinn hópur vill stofna þetta félag og það er töluverð andstaða við það meðal annarra hópa innan flokksins. Það hefur verið mjög erfitt, mjög lengi að vera femínisti innan Pírata.

Jafnaðarmenn eru enn að rífast um það hvort við höfum efni á að skipta auðnum á meðan Píratar eru að ræða tæknilega útfærslu á því hvernig við förum að því, það er til dæmis hugmyndin um borgaralaunin.“ Þórlaug segir erfitt að staðsetja Pírata á hægri-vinstri skalanum því á sama tíma og þeir vilja öflugt velferðarsamfélag þá deili þeir sýn frjálslyggjunnar á ýmsum sviðum, þar á meðal þegar kemur að sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga.

„Við erum mannapa-hópur“

Sósíalistar hyggjast bjóða fram í borginni, Þórlaug segir Pírata eiga litla sem enga samleið með þeim. „Við búum alltaf á endanum í markaðssamfélagi þar sem markaðurinn ræður þrátt fyrir að við séum með verkalýðshreyfingu sem eigi að virka. Við getum ekki stokkað upp samfélagið þannig að það sé einhver nefnd sem ákveði hvers virði hlutirnir eru. Meirihluti fólks myndi aldrei samþykkja sósíalískt kerfi, það stríðir gegn hugmyndum Pírata um samræðustjórn, samfélagið fer blandaða leið því enginn vann, það var bara lýðræðið sem vann.“

*Píratar eru í meirihlutasamstarfi í Reykjavík með Samfylkingunni, Vinstri grænum og Bjartri framtíð, fyrir síðustu tvær þingkosningar hefur flokkurinn útilokað samstarf með Sjálfstæðisflokknum. Eru Píratar þá ekki hreinlega vinstri flokkur?**

„Já og nei. Við stöndum mjög nálægt Viðreisn og Sjálfstæðisflokknum þegar kemur að hlutum á borð við frelsi einstaklingsins, við eigum frjálslyndið sammerkt með þeim. Við eigum að mörgu leyti samleið með vinstri flokknum þegar kemur að viðhorfi

til valds. Við skipum okkur alltaf í sveit með þeim valdalitlu. Gagnrýni okkar á markaðshagkerfið snýr einmitt að þessum fasísku tilhneigingu að taka alltaf afstöðu með þeim sterka.“

*Hvað áttu við með fasískum tilhneigingu?**

„Það er mikið af þeim í viðskiptalífinu. Það er þannig með manneskjuna að við erum að nota gáfurnar okkar til að svala mjög frumstæðum þörfum. Við erum að fara ótrúlega langar leiðir til þess að ná okkur í maki. Sama á við um mat. Við erum mannapa-hópur sem er að reyna að eiga fínan bíl og líða vel í fínum fötum. Það er hégómi og sókn í völd sem rekur marga áfram í stjórnvalum. Ég sé marga reyna að búa eitthvað til svo það komist í fjölmíðla og að reyna að hanka einhvern á einhverju.“

Auðvelt að gagnrýna

Píratar hafa verið gagnrýndir fyrir framkomu sína, Þórlaug segir hollt fyrir flokkinn að þurfa að taka ábyrgð líkt og í meirihlutasamstarfinu í Reykjavík. „Það er

afar auðvelt að vera gagnrýnandi og benda á hvernig aðrir gætu gert betur, það er hægt að gera allt betur. Við Píratar höfum stundum haldið að eitthvað búi að baki einhverju máli þegar það er í raun bara eitthvert klúður.“

*Eru Píratar of fljótir að rísa upp og garga „spilling“?**

„Nei, yfirleitt ekki. Það er þó betra að spyrja og fá svarið að allt sé eðlilegt en að spyrja aldrei neins.“

Þórlaug segir áhrif Pírata í borginni hafa farið langt fram úr þeim sex prósentum sem flokkurinn hlaut í kosningunum, í dag sé nauðsynlegt fyrir flokkinn að fara lengra í áherslum sínum. „Stjórnvaldamenn í borginni hafa verið tregir við að hverfaskipta borginni meira, að færa þannig lýðræðið nær fólkinu með því að gera þjónustumiðstöðvar hverfanna að eins konar ráðhúsum. Samtalið fer nú mest fram um umgjörð borgarinnar og flugvöll í stað þess að tala um innihald og borgarlífið.“

Tíminn er dýrmætur

Þrátt fyrir að Þórlaug brenni fyrir stjórnvalum þá á hún erfitt með að gera upp við sig hvort hún hyggist halda áfram eða fara í önnur verkefni. „Ég hef farið alla leið inn á líknardeild. Það að karpa um einskis nýta hluti er ekki eitthvað sem ég vil eyða tímanum mínum í. Það er hægt að hafa áhrif með svo mörgum hætti, til


dæmis í gengum verkalýðshreyfinguna, hagsmunabaráttu eða Öryrkjabandalagið, ég þarf ekki að vera kjörinn fulltrúi. Það sem ég vil gera er að halda Pírötum við efnið, vitandi það að ég er að hafa áhrif á samfélagið í heild.“

Það sem Þórlaug hefur núna er frelsi. „Eftir allt sem ég hef gengið í gengum þá sé ég núna hversu mikið fólk sóar tímanum sínum. Hafa áhyggjur af einhverju tilgangslausu. Stressa sig yfir einhverju. Ekki spá í af hverju það er að gera eitthvað. Hangir á netinu tímunum saman og montar sig. Það áttar sig ekki á því hversu tíminn er dýrmætur.“

Ég ætla að eyða mínum dýrmæta tíma í að hjálpa öðrum og skapa. Ég nýt þess að búa eitthvað til með þeim kröftum sem ég hef, sauma, skera út, grafa í moldinni, til þess var ég hönnuð sem lífvera. Ég hef orðið ennþá skritnari en ég var, hispurslausari og dettur ekki í hug að lifa lífinu mínu fyrir einhvern annan.“ ■



Brennur fyrir stjórnvalum Þórlaug hefur áhyggjur af stöðunni innan Pírata, þar sé margt reynslulítið fólk sem langi að breyta heiminum.



GRETTIR
VATNSKASSAR
Sími 577 6090



★★★★★
ADALBÓN

Bryngljáa-
vörn
á bílinn
12 mánaða
vörn

hreinlega betri

Lyngháls 10 , 110 Reykjavík • S: 571 6005 / 776 7500 • adalbon@adalbon.is

Alræmdasti þáttur Íslandssögunnar:

Haukur leysir frá skjóðunni um Ástarfleyið

■ Þetta gerðist á bak við tjöldin ■ Áfengi fyrir fjórar milljónir og þúsund smokkar

Steingerður Sonja Þórisdóttir ritstjorn@dv.is



Um aldamótin síðustu varð byltingarkennd hreyfing í sjónvarpsefni. Mannlegt eðli var orðið skotsþórninn og framleiðendur um allan heim sáu sér leik á borði að nýta þetta mögulega form, einfaldnin væri kannski best og það þyrfti ekkert handrit. Minni kostnaður, meiri gróði.

Íslensk sjónvarpsframleiðsla blómstraði í kjölfarið. Allt í einu var komið ódýrt en vinsælt form af áhorfsefni og hver sjónvarpsstöðin á fætur annarri spratt upp og engin vildi vera eftirbátur hinna. Djúpa laugin, Idol, Bachelor-inn. Eðlislæg hnýsni manneskjunnar gerði það að verkum að allt fékk þetta byr undir báða vængi en hvað svo?

500 vildu sigla með Ástarfleyinu

Árið er 2005. Ríflega 500 ungmenni sóttu um þátttöku á Ástarfleyinu og framleiðendur ítrekuðu að lokahópurinn yrði valinn af sálfræðilegri kostgæfni, hvað sem það nákvæmlega þýðir. Haukur Valdimar Pálsson var ekki í hópi þeirra ungmenna sem voru valin í lokahópinum, enda sótti hann einfaldlega aldrei um. En hvernig æxlaðist það að hann endaði við stendur tyrknesku riveriunnar á seglskútu með fjórtán ókunnugum einstaklingum, 25 kössum af Egils Lite og Valdimar Flygenring sem skipstjóra?

„Ég var nemi á þessum tíma í Kvikmyndaskólanum, sem var þá á hálfgerðu tilraunastigi, og við nemendurnir vorum sendir í



starfsnám hjá kvikmyndafyrirtækjum,“ segir Haukur. „Ég fór ásamt bekkjarsystkinum, Hauki nafna mín- um og Maríu, á vegum framleiðslufyrirtækisins Storm til Tyrklands að aðstoða við Ástarfleyið. Sem nemar vorum við auðvitað ekki á launum og fljótlega tókum við Haukarnir eftir því að stelpurnar sem voru að taka þátt voru farnar að daðra við okkur, jafnvel meira en við þátttakendurna. Ég hafði heyrt af því í svona þáttum að stundum hafi stúlkurnar allt í einu meiri áhuga á tókumönnunum, kannski því þeir fá ekki færi á að gera sig að fíflum eins og þeir sem eru að taka þátt. En við vorum sem sagt settir í það að vera aðstoðartökumenn á meðan María var á hótelinu að sjá um þá keppendur sem reknir voru frá borði.“



Áfengi fyrir fjórar milljónir, þúsund smokkar og rúndallurinn Þannig að þið voruð bara í því að taka upp þættina?*

„Nei, við vorum settir í að taka upp meira svona aukaefni. Það var mikil bjartsýni í gangi og þetta var akkúrat að detta í hápunkt góðærisins.

Það var gert ráð fyrir að þetta myndi slá í gegn og það þyrfti að hafa aukaefni fyrir DVD-diskinn eða ef þetta yrði kannski selt til erlendra sjónvarpsstöðva. Það voru miklir peningar settir í þetta og einhvers staðar sá ég að okkur hafi tekist að drekka áfengi fyrir heilar

fjórar milljónir, en þetta var líka mikið keyrt á sponsi. Einhverjir 25 kassar af Egils Lite voru teknir með út, en þá var hann nýkominn á markað. Svo drakk maður kannski lókal bjórin Efes mest þar til vélarnar fóru í gang og þá var það bara beint í Lite bjórin. Svo vorum við send út með einhverja 1.000 smokka.“

Þúsund smokka fyrir 14 manns í tvær vikur?

„Já, eins og sagði, það var mikil bjartsýni í gangi,“ svarar Valdimar. „En já, svo var aukaefnið sem við tókum bara notað í þáttinn. Fyrst um sinn gistum við hinn Haukur í annarri skútu sem fylgdi fast á hæla Fleysins. Við kölluðum hann Runkdallinn. Við drukkum samt stíft með þátttakendum og fljótlega var félagi minn kominn á séns með einni af stúlkunum. Hún náði svo einhvern veginn að fá hann í þáttinn og yfir á sjálft Ástarfleyið. Ég húkti einn áfram á Runkdallinum í nokkra daga til viðbótar en það átti eftir að breytast.“

Leikreglurnar voru nokkurn veginn á þá leið að fólk ætti að reyna að finna sér fórunaut, annars hefði það á hættu að vera kosið burt og sent heim. „Ég fékk mitt helsta kultúr-sjokk þegar ég vaknaði í rúmi um borð í fleyinu en ekki í Runkdallinum, minnislaus uppi í rúmi með tveimur þátttakendum og horfði í linsu eftirlitsmyndavélar sem ég



“Ég hafði heyrt af því í svona þáttum að stundum hafi stúlkurnar allt í einu meiri áhuga á tókumönnunum, kannski því þeir fá ekki færi á að gera sig að flflum eins og þeir sem eru að taka þátt.

ráðvilltur og á viðkvæmu stigi tilfinningalega þegar ég sá hana fyrst. Mig grunaði þó að eitthvað myndi gerast milli okkar, hvort sem það yrði þá bara bak við tjöldin, sem svo gerðist. Framleiðendurnar var líklegast farið að gruna það svo ég var sendur í land að sjá um þá sem höfðu verið kosnir í burtu með Maríu. Svo við næstu kosningu tilkynnir Flygenring að nú væru fjögur laus pláss í bátunum og því ættu strákarnir að kjósa tvær stelpur og allar stelpurnar að kjósa tvo stráka inn. Það mátti velja alla sem höfðu verið í þættinum og báða Haukana. Allt í einu var ég orðinn þátttakandi án þess að vita af því,” segir Haukur.

Haukur var þá kosinn um borð ásamt Kíu, Tinnu og Daða. En hvernig fór þetta allt?

„Lokabátturinn var svo haldinn í stúdíó Stöðvar 2. Þar voru þátttakendur mættir ásamt kapteininum og mikil spennan lá í loftinu, ekki bara af því þeir vissu ekki til hvers var að vinna, heldur var stemningin milli okkar keppendanna orðin smá vandræðaleg. Við horfðum alltaf á þættina saman fyrst en svo fór það að tvístrast eftir að á leið. Þá sáum við loksins allt sem gerðist bak við tjöldin og sumir voru kannski líka farnir að sjá eftir þátttökunni. Þá urðu hlutirnir aðeins stirðari. Við vorum held ég samt öll frekar spennt að sjá hvað væri í verðlaun. Ég reyndi samt þarna að sannfæra Kíu um að við þættumst vera saman en svo kom í ljós að það voru fleiri með sömu hugmyndir. Það var flett ofan af einhverju slíku og myndaðist slæm stemning í salnum.“

Að lokum var eitt par valið sem endanlegur sigurvegari og kom þá loks stundin sem allir höfðu beðið eftir.

„Svo bauð kapteinn Flygenring þarinu sem virtist enn vera saman vinninginn sem var ekkert annað en trúlofunarhringar frá einhverjum gullsmið. Við dóum öll úr vandræðalegheitum, flestir

hafði sjálfur tengt í káetuhorninu,” segir Haukur þegar hann rifjar upp tímamann um borð.

En hvernig var stemningin um borð í Ástarfleyinu?

„Það er nokkuð furðulegt hve mikil spennan myndaðist og hálfgerð keppnissskap þrátt fyrir að enginn vissi hvert lokatakmarkið var. Sá fyrsti sem var rekinn frá borði táraðist en það sem verra var er að allir hinir keppendurnir hágrenjuðu með honum. Kannski ekki skrýtið eftir þrjá daga af stanslausri drykkju.“

Sá sem fyrst var sendur frá borði hafði verið með stúlkú í káetu sem Haukur hafði haft augastað á.

„Þetta voru frekar sérstakar aðstæður, ég var frekar hrifnæmur,

DAGBÆKUR

08.08.2005

Við vorum að passa upp á strákana, að þeir sæju ekki stelpurnar, samt vorum við öll í sama fluginu. Furðulegt, eins og fermingarfræðsluferð nema við erum með tuttuguogfimm kassa af áfengi og þúsund smokka, allt frá styrktaraðilum. Þessi þáttur er ákveðið menningarsjokk fyrir alla viðkomandi, tókuliðið veit ekki alveg hvað við erum að fara út í. Það er biblíu um borð sem segir okkur hvað á að gera. Love Boat-bíblian eftir Mark Burnett, framleiðanda Survivor og þessara helstu veruleikabáta. Leikstjórinn og framleiðandinn lesa hana og fletta upp ef eitthvað kemur upp á. Kött, skoðum biblíuna, höldum áfram. Við vorum að leggja úr höfn Marmaris á Runkdallinum svokallaða, eftirbáti Ástarfleysins. Lentum í Tyrkjaveldi í fyrrinótt, græjuðum fleyid í gær. Runkdallurinn er ekki jafn íburðarmikill og Ástarfleyid enda engar ástir hér, aðeins sjónvarpsmenn, allir á föstu nema við Haukur og kaftinninn Flygenring en góð stemning og dýr knörr engu að síður.



10.10.2005

Ég var dreginn á bar fleysins og drakk þar fimm tekilastaup á einni mínútu af því ég var alltaf of fljótur að staupa. Kía var líka dugleg að staupa og við lögðumst með krökkunum á bakborða fleysins eftir sólsetrið. Haukur og Gréta voru einhvers staðar inni en hann á langt í land með að öðlast viðurkenningu krakkanna eftir að Snorra var varpað frá borði, en þau eru þó að meðtaka sídleysid betur með hverj-hárgreiðslu, slökkti ljósín á bakbordnum. Við Kía töluðum við hann í myrkrinu en hann er ósáttur að vera alltaf með túristafarm, langar að stýra flutningaskipi. Hann sefur víst alltaf þar sem við lögum, rétt við stýri því báturinn er ekki með sjálfstýringu. Hann spurði mig í gær hvort ég vildj gefa honum bol sem ég á þar sem á stendur „Fuck me, fuck you, fuck tv, fuck playstation, fuck the east, þá aðstöðu að bregðast öðru hvoru þeirra. Ég sagði já en í dag spurði Kía mig líka og ég sagði líka já við henni og er kominn í Hreiðar leikstjóri fór eitthvað að gruna þegar hann sá mig hvergi og spurði yfir hópinn í myrkrinu hver væri þar.



12.10.2005

Hreiðar leikstjóri bað mig um að eiga eitt orð við sig og við fórum til hliðar. Hann sagði mér að ég væri að fara í land að fylgjast með landkröbbunum á hótelinu og María færi á fleyid í minn stað, ekki af því að ég hefði gert eitthvað vitlaust, hann var virkilega sáttur, heldur til að María fengi líka að sigla eitthvað og svoleidid. Ég var bara sáttur sjálfur, enda dauðþreyttur og timbraður og gjórsamlega til í að sofa aðeins út og bjóst við því að vera farinn í frí. En enginn veit sinn næsturstað í þessari ferð. Mér var hvort ed er farið að líða eins og fiski á þurru landi, vissi ekki hvoru megin ég var staddur í þættinum, hvort ég væri að þættinn eða þátturinn með okkur. Ég hlakkaði bara til að hitta hana án þess að það kæmi í sjónvarpinu mánuði seinna.

Ég fór í sturtu og pakkaði niður. Mér líður eins og síðasta vika hafi verið sjö ár og veit ekki hvað ég heiti.

14.10.2005

Ég held að ég sé að klúðra þessu. Ég var nú svo sem eitthvað bjartsýnn að halda að ég myndi finna hamingjuna í einhverjum sjónvarps-þætti á fyrrirí en bjartsýnir hefur haldið mannkyninu gangandi í þúsundir ára...

Já ég var farinn að hafa áhyggjur af því að atburðarás þáttanna væri orðin of róleg miðað við fyrri hneykslin en það kom nú annað á daginn. Um kvöldið fórum við út að borða á einhvers konar veitingastað í þessum tíu manna bæ, hann var upplýstur með ljósaseríum og samanstóð af langborði við hliðina á litlu húsi, mjög krúttleg kvöldmáltíð. Við Sumarliði drukkum endalaust raki, hið tyrneska snaps, sem bragðast eins og lakkris og landi, en fengum einnig nóg af borðvíni með matnum. Svo ég reki nú söguþráðinn eftir alla drykkjuna þá var ég lítið með Kíu þegar hér var komið sögu, hún talaði lítid við mig í dag. Svo kom að því að Hulda átti að velja einhver þá saman í herbergi og það leit á tímabili út fyrir að allt stefndi í það, við þóttumst kyssast og Kía virtist halda að ég væri til í að vera í káetu með honum en í rauninni hefði ég alveg eins viljað segja bæ og fara í land eða að minnsta kosti aftur í Runkdallinn frekar en að vera búinn að elta Kíu í Ástarfleyid og enda svo sem sífullur kokkáláður lagsmaður annars háseta einum degi seinna. Sumarliði og Hulda enduðu samt saman í brúðarsvítunni en ekki sátt, við erum ójafnarma ástarferhyrningur og raki er algjör óþverri.

18.10. Flögid heim

Loks var tekið upp þegar við stauluðumst timbruð niður landganginn í síðasta sinn og horfðum sorgmædd á fleyid okkar fagra. Við föðmuðum alla í áhöfninni, jafnvel feita kokkinn sem við köllum Þ-íð því hann er eins og Þ í laginu. Elsku litli öflugugginn, guð blessi þig og takk fyrir mig, verði okkur að góðu. Ég gaf kafteininum FUCK – bolinn minn sem ég hafði einnig lopað Kíu og gaf Tolka rauða Hawaii-næstum af rútunni því ég hljóp á klósett á veitingastað, gat ekki haldið ólgandi meltingunni kyrri þangað til á fjarlægum flugvellinum. Ég ákvað að drekka ekki í dag flestum til undrunar og var það stórunarleg tilfinning.

höfðu vonast eftir utanlandsferð eða jafnvel peningum. Kapteinninn gleymdi að spyrja okkur út í ástamálin og ætlaði að kveðja en annar skipverji sem hafði verið með minni vinkonu áður en hann var kosinn frá borði kom spurningunni að okkur í bláendann rétt áður en kreditlistinn rúllaði. Það var fátt um svör.“

En ertu í einhverjum samskiptum við hana í dag? Eða einhverja aðra úr þáttunum?

„Jú, ég og Kía erum vinir í dag, ég talaði við hana í gær. Svo hitti ég Hauk síðast í haust, hann er eins og ég hvað þetta varðar, finnst þetta bara fyndið og skammast sín ekkert. Enda þjónar það eng-

um tilgangi og gerir þetta allt bara vandræðalegra en það þarf að vera.“

En hvað um kapteinninn sjálfan, Valdimar Örn Flygenring? Hefur þú verið í einhverjum samskiptum við hann?

„Já, heyrðu, ég nýtti mér þessa lífsreynslu í verkefni sem ég gerði í LHÍ og fékk hann til að aðstoða mig. Hann var alveg til í það. Við ætluðum að reyna að halda tíu ára endurfundi árið 2015 en það gekk nú ekki alveg upp. Haukur, félagi minn, var sá eini sem var til í það, ég var samt frekar stressaður að spyrja hina.“

Hvað kom þér mest að óvart?

„Hversu lítið þarf í raun að

leikstýra fólki miðað við það sem mætti halda þegar maður horfir á þætti sem fylgja svona formi; það þarf aðeins að setja fólk í aðstæður með einhverjum óljósum markmiðum um samkeppni, að finna ástina og hamingjuna og gefa því nóg af vini og þá skapast drama sem hægt er að klippa saman í áhugavert efni.“

Þegar allt kom til alls var reglulegt áhorf ekki mikið en umtal um keppendurnar meira.

„Ég grínast stundum með skipbrot Ástarfleysins og það að í seinni tíð viðurkennum við fæst að fyrri bragði að hafa yfirleitt stigið um borð.“ ■

Sjálflímandi hnífaparaskorður

Hjálpá þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filtil til að klæða skúffur og filtil með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is

SENDUM Í PÓST-KRÖFU



Ásbjörn Óttarsson Sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn 2009–2013.

Skip Ásbjarnar landar ítrekað umfram burðargetu

■ Stýrir verkefnisstjórn um öryggi ■ Banaslys vegna ofhleðslu ■ Landlægt vandamál

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ofhleðsla skipa er landlægt vandamál á Íslandi og til stendur að gera hana refsiverða í kjölfar banaslyss. Ásbjörn Óttarsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er formaður verkefnisstjórnar á vegum samgönguráðuneytisins um öryggi sjófarenda sem styður þá tillögu. Skip í eigu Nesvers, fyrirtækis Ásbjarnar, er hins vegar sjálft að koma ítrekað með umframhleðslu í land.

Einn lést þegar Jóni Hákon hlófði
Um hádegis tíð þann 6. júlí árið 2015 fór báturinn Jón Hákon BA 60 úr höfn í Patreksfirði og stefndi á dragnótaveiðar við norðanverða Vestfirði. Fyrsta halið sem báturinn tók inn var 3,5 tonn af ýsu og gekk veiðin vel. Skipverjar veiddu alla nóttina og var síðasta halið tekið inn klukkan sjö um morguninn. Þá var tíu metra vindur og smá veltingur með stjórnbörðsslagsíðu. Talsverður sjór var kominn inn á þilfar og í einni veltunni flæddi sjór yfir börðstokkinn stjórnbörðsmegin. Enn meira flæddi í næstu veltu og lagðist báturinn þá á hliðina. Þá áttuðu skipverjar sig á því að bátur myndi hvöfva.

Pröstur Leó Gunnarsson leikari var um borð í bátinum og náði að komast nærri þurrum fótum yfir á kjölinn þegar báturinn hlófði. Gat hann þá aðstoðað tvo féлага sína, sem höfðu lent í sjónum, upp á kjölinn sem varð þeim sennilega til lífs. Jón Hákon hvarf úr vöktunarkerfinu og var annar bátur sendur til að athuga með hann. Þá fannst Jón Hákon á hvolfi og þrír af fjórum skipverjum héngu á kilinum. Höfðu þeir þá hafst þar við í um það bil klukkustund. Fjórdi skipverjinn, Magnús Kristján Björnsson, fannst látinn á floti skammt frá. Tíu mínútum síðar sökk Jón Hákon til botns.

Skortir refsheimildir vegna ofhleðslu

Ýmislegt fór úrskeiðis í tilfelli Jóns Hákons. Tveir björgunarbátar og sjálfvirkur sleppibúnaður virkuðu ekki, staðsetningarbúnaður var

Tryggvi Eðvarðs SH 2
Landaði 18,6 tonnum 5. janúar.



gallaður og erfiðlega gekk að koma skilaboðum til nærliggjandi báta. Ástæðan fyrir því að báturinn sökk er hins vegar sú að hann var ofhlaðinn og með viðvarandi stjórnbörðshalla. Rannsóknarnefnd samgönguslysa tók málið til skoðunar og skilaði af sér skýrslu í mars árið 2017.

Þann 15. febrúar árið 2017 munaði minnstu að annar bátur, Hjördís HU 16, færir vegna ofhleðslu. Hjördís var á veiðum á Breiðafirði og fór að taka inn á sig sjó. Sent var út neyðarkall en báturinn rétti sig af þegar skorðið var á línuna. Hjördís er 10 brúttótonna bátur og umframhleðslan reyndist 4,5 tonn. Skipstjóri taldi það þó ekki vera ofhleðslu.

Jón Bernóðsson hjá Samgöngustofu segir að brúttótonnin gefi nokkuð góða mynd af því hversu hlaðinn báturinn má vera: „Ef þú ert með bát sem er skráður á fimmtán brúttótonn þá getur þú alltaf sett fimmtán tonn í hann en þú átt ekki að fara mikið yfir það. Þá verðum við að taka allt með í reikninginn: aflann, balana, olúna, vistirnar, mannskapinn um borð og margt fleira.“

Vandamálið segir Jón hins vegar vera að það eru engar refsheimildir til við þessu. Þann 5. september skilaði Rannsóknarnefnd samgönguslysa af sér tillögum að öryggissátt til að taka á ofhleðslu skipa. Fyrsta tillaga nefndarinnar var að það yrði gert afdráttarlaust

Pröstur Leó Gunnarsson
Bjargaðist þegar Jón Hákon fórst.



refsivert að ofhlaða fiskiskip og eftirlit með því tryggt.

Greiddi sér ólöglegan arð

Tillögur rannsóknarnefndarinnar voru studdar af verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda með nokkrum fyrirvörum þó. Í stjórnninni sitja fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila, svo sem Landsbjargar, Landhelgisgæslunnar, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjómannasambandinu. Skipaður formaður er Ásbjörn Óttarsson, sem sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 2009 til 2013. Árið 2010 var hann mikið í fréttum vegna ólöglegra arðgreiðslna úr útgerðarfélaginu Nesveri ehf. í Snæfellsbæ. Greiddi hann sér tugmilljónir króna þrátt fyrir að eigið fé fyrirtækisins væri neikvætt. Ásbjörn viðurkenndi brotið en sagðist ekki hafa vitað að þetta væri

ólöglegt. Sagðist hann jafnframt hafa endurgreitt féð.

Nesver ehf. rekur fiskiskipið Tryggva Eðvarðs SH 002 sem hefur skráða heimahöfn í Rífi á Snæfellsnesi. Skipið er 14,96 brúttótonn af gerðinni Cleopatra 38, framleitt af Trefjum ehf. í Hafnarfirði. Frá Trefjum ehf. fékk DV þau skilaboð að Tryggvi Eðvarðs ætti ekki að vera hlaðinn meira en sem nemur um 15 tonnum.

Landa ítrekað yfir burðargetu

Vel hefur veiðst á Tryggva Eðvarðs undanfarna mánuði en samkvæmt heimildarmanni DV var desemberveiðinni fagnað sérstaklega með kökubóði. Löndunartölurnar benda þó til að skipið hafi komið ofhlaðið í land.

Þann 9. desember kom Tryggvi Eðvarðs með 15,3 tonn af óslægðum afla í land og daginn eftir með 14,8

„Að vera töffarinn úti á sjó ... það er búið.“

tonn. 29. desember var metdagur í mánuðinum. Þá landaði skipið tvisvar, 12,5 tonnum í fyrri ferð og 16,6 tonnum í seinni. Janúarveiðin var ekki síðri og fimmta dag mánaðarins var 18,6 tonnum landað. Í tvö skipti í til viðbótar var landað yfir 15 tonnum af afla. 10. febrúar kom Tryggvi með 17,2 tonn.

Hafa ber í huga að línubátar eru jafnan með á bilinu 30 til 60 bala sem að sögn Jóns Bernóðssonar geta vegið samanlagt tvö til þrjú tonn. Þá er ótalin þyngd olúu, bauja, vista, mannskapar og svo framvegis.

Hefur áður misst skip

Ekki náðist í Ásbjörn Óttarsson við vinnslu þessarar fréttar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, bæði með hefðbundnum leiðum og í gegnum ráðuneytið. Augljóst er að skipið hefur verið að koma í land með meiri hleðslu en burðargetan segir til um. Að öllum líkindum yfir 20 tonn í einu tilfellinu.

Ofhleðsla skipa er töluvert vandamál á Íslandi og hefur valdið banaslysi. Samkvæmt áætlun eiga víðurlög við ofhleðslu að vera innleidd næsta sumar eða haust. Jón Bernóðsson segir: „Í gamla daga voru allir bátar með þetta vandamál. Þegar þeir lentu í vandræðum gáfu þeir bara í. Þetta hefur samt lagast mjög mikið með nýjum skipum og það er metnaður þeirra sem eiga bátana að vera með fína báta og hafa þá örugga. Að vera töffarinn úti á sjó ... það er búið.“

Ásbjörn Óttarsson og fyrirtæki hans Nesver hafa áður misst skip, en reyndar ekki vegna ofhleðslu. 5,8 tonna færabáturinn Herdís SH var á veiðum úti fyrir Bjargtöngum árið 2009 þegar eldur kom upp í lúkarnum. Tveir menn voru um borð, þar á meðal sonur Ásbjarnar. Var þeim bjargað upp í annað skip en Herdís sökk þegar reynt var að draga hana í land. ■



VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

BÖRNIN TEKIN MEÐ LÖGREGLUVALDI

■ Fyrrverandi fíklar deila reynslusögum sínum ■ „Ég var komin í andlegt þrot“

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Um sumarið missti ég stelpurnar frá mér. Stelpurnar voru teknar með lögregluvaldi. Í kjölfarið reyndi ég að fremja sjálfsmorð.

Þetta segir Guðrún Ósk Þórudóttir, ung móðir sem hefur loks haft betur eftir erfiða baráttu við áfengi og fíkniefni. Í upphafi þessa árs var ljóst að loka þyrfti göngudeild SÁÁ á Akureyri sökum niðurskurðar. Göngudeildin á Akureyri hefur verið starfrækt frá árinu 1993 og hefur hún veitt ráðgjöf og greiningu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á Norðurlandi. Mikil óánægja er ríkjandi meðal fólks vegna fyrirhugaðrar lokunar og stofnaður hefur verið undirskriftalisti sem gengur nú manna á milli í þeirri von að hætt verði við.

Mikil aukning hefur orðið á aðsókn í meðferðarheimili síðastliðin ár og eru biðlistarnir langir. DV ræddi við fjóra fyrrverandi áfengis- og vímuefnasjúklinga sem allir eiga það sameiginlegt að hafa nýtt sér þjónustu meðferðarheimila hér á landi til þess að verða edrú.

Bláðamaður ræddi við hvert og eitt þeirra um fyrri tíð og fékk góða innsýn í það hvernig líf fíklis í neyslu er.

Byrjaði í neyslu þrettán ára gömul
Guðrún Ósk Þórudóttir er fædd árið 1991 og ólst upp í Keflavík. Hún á í dag tvær ungar dætur og er um þessar mundir í endurhæfingu.

„Ég byrjaði í neyslu þrettán ára gömul. Ég var í raun undir áhrifum allt þar til ég varð ólétt að eldri stelpunni minni, daginn áður en ég varð átján ára gömul,“ segir Guðrún, sem hefur upplifað hryllilega hluti á stuttri lífsleið.

„Það var búíð að reyna að senda mig á Stuðla en ég grenjaði mig þaðan út eftir nokkra daga. Barnavernd ákvað þá að senda mig í framhaldsskólann á Laugum, sem hjálpaði ekkert. Þar var meira djamm, meira frelsi og engir forráðamenn.“

Guðrún olli fjölskyldu sinni miklum áhyggjum en hún lét sig reglulega hverfa. Þegar Guðrún var fjórtán ára gömul hóf hún svo að drekka áfengi og fór strax illa með vín. Áfengið átti svo eftir að leiða hana á aðrar og harðari slóðir.

E-pillan meira spennandi en áfengi

„Mér fannst e-pillan alltaf miklu meira spennandi en áfengi, mér fannst fulla fólkið alltaf bara vera ógeðslega asnalegt,“ segir Guðrún. „Eftir að ég byrjaði að drekka fór ég að missa æskuvinkonurnar og

Guðrún Ósk „Ég byrjaði í neyslu þrettán ára gömul“
MYND EINAR RAGNAR



í staðinn kom eldra fólk sem var í harðari neyslu.“

Eftir fimm ára neyslu sem hafði ágerst hratt með tímanum uppgötvaði Guðrún að hún bar barn undir belti. Þegar barnið kom í heiminn árið 2010 tók annar öldudalur við en Guðrún var greind með mikið fæðingarþunglyndi.

„Ég hætti í öllum fíkniefnum á meðan ég var ólétt og ætlaði mér alls ekki að halda áfram eftir fæðinguna. Það gekk ekki eftir. Mamma sá um stelpuna mína og ég var úti að drekka og sýndi henni engan áhuga. Ári síðar kynntist ég seinni barnsföður mínum og vorum við á tímabili eingöngu að drekka saman en ekki að neyta fíkniefna. Mamma var alltaf að passa og ég gerði allt til þess að deyfja mig. Ég átti ömurlega æsku, kem úr alkóhólísku umhverfi og fékk það í arf.“

Aftur ólétt

Guðrún hafði verið í sambandi í fjóra mánuði þegar hún varð á ný ólétt. Gekk meðgangan betur í þetta skiptið.

„Meðgangan gekk rosalega vel og líka eftir að barnið kom í heiminn. Hins vegar var barnsfaðir minn alltaf í neyslu svo við hættum saman. Mér fannst ég tengjast eldri stelpunni minni miklu betur og ég gat haft þá yngri á brjósti. Ég lét alla neyslu eiga sig í um þrjá mánuði.“

Þetta var árið 2012. Guðrún var á leið til útlanda stuttu síðar og var Benidorm áfangastaðurinn. Þar tók Guðrún örlagaríka ákvörðun. Hún taldi að óhætt væri að drekka áfengi. En því hélt hún leyndu.

„Ég taldi mér trú um að ég gæti vel drukkið, en ég gæti ekki neytt fíkniefna.“

Dæturnar teknar með lögregluvaldi

Árið 2013 var Guðrún djúpt sökkinn í neyslu á ný. Hún hóf samband með barnsföður sínum og neyttu þau fíkniefna saman. Það átti eftir að hafa örlagaríkar afleiðingar.

„Um sumarið missti ég stelpurnar frá mér,“ segir Guðrún. „Stelpurnar voru teknar með lögregluvaldi. Í kjölfarið reyndi ég að fremja sjálfsmorð.“

Guðrún var hætt komin og var á gjörgæslu í á annan sólarhring. Segir Guðrún að henni hafi verið vísað út og þurft á frekari aðstoð að halda en ekki fengið.

„Það endaði auðvitað á því að ég fór að drekka á ný og harðar enn áður. Í rúmlega eitt og hálf ár drakk ég rosalega illa. Ég fékk íbúð frá félagsþjónustunni og ég gjörsamlega rústaði henni. Þarna

Ég bjó á götunni og ég heyrði ekki í stelpunum mínum í sjö mánuði.

fékk ég stelpurnar aftur til mín og var með þær hjá mér í um eitt og hálf ár. Ég missti þær svo aftur árið 2015.“

Að horfa á eftir börnunum var botninn. Við tók tímabil sem hún lýsir sem óhugnanlegu. Guðrún varð götustelpa og börnin sá hún ekki í sjö mánuði.

„Ég gafst upp, ég var komin í andlegt þrot,“ segir Guðrún sem óskaði eftir að komast í áfengis meðferð á Vogu. „Ég var enn í sambandi með barnsföður mínum og við ákváðum að fara í meðferð saman. Við náðum að vera edrú í um það bil sex mánuði.“

Guðrún bætir við að þau hafi ekki farið eftir því sem lækarnir á Vogu höfðu ráðlagt þeim og óheildarleikinn var allsráðandi.

„Við fórum til Spánar með fjölskyldunni og stelpurnar með okkur. Þetta átti að vera frábær fjölskylduferð fyrir börnin okkar en við duttum í það.“

Aftur tók við feluleikur og þar sem þau voru í eigin húsnæði komst neyslan ekki upp. Barnavernd var reglulega í sambandi en þau sögðu starfsfólkinu þar ítrek að ósatt.

Ætlaði að sprauta sig með of stórum skammti

Það var í neyslu þar til í janúar 2017. Þá brotnaði Guðrún saman og opnaði sig um feluleikinn og neysluna sem hafði staðið alltof lengi yfir.

„Ég fór að grenja og öskra á barnaverndarfulltrúann minn. Ég sagði að ég gæti ekki meira. Ég var að öskra á hjálp. Ég gekk út af þessum fundi, börnin voru tekin og sett til tengdaforeldranna. Við tók rosalegt djamm í einn og hálfan mánuð. Ég man ekkert eftir þessum tíma. Á endanum langaði mig til þess að enda þetta. Ég ætlaði að læra að sprauta mig og sprauta mig með of stórum skammti, því mér leið svo illa.“

Það var svo dag einn sem amma Guðrúnar kom í heimsókn. Hún táraðist þegar hún sá hvernig komið var fyrir ömmubarninu. Þá áttaði Guðrún sig á því hvað hún var að gera sjálfri sér og börnunum.

„Amma kom þarna með tårin í augunum. Það var erfitt að sjá ömmu sína særða. Ég gat ekki horft upp á það að sjá ömmu mína gráta



Guðrún Ósk í dag.

fyrir framan mig út af því hvernig ég var búin að fara með mig.“

Guðrún innritaði sig á Vog og við tók erfið meðferð vegna fráhrarfa. Í kjölfarið fór hún á Vík í eftir meðferð. Með aðstoð ráðgjafa á staðnum fór henni að ganga betur. Hún tók ákvörðun um að loka á barnsföður sinn sem var þá í mikilli neyslu.

„Ég fór í AA-samtökin og fann mér sponsor. Þarna ætlaði ég að vera edrú og sagði sjálfri mér að tækist mér ekki að vera án áfengis ætti ég ekki skilið að eiga og hafa börnin hjá mér.“

Samviskubít

Guðrún finnur enn fyrir samviskubít fyrir að hafa brugðist börnunum sínum. Þá er eldri dóttir hennar enn að vinna í því að treysta móður sinni.

„Það tók mikið á hana að missa mömmu sína hvað eftir annað. Ég var alltaf að koma og fara. Fyrstu átta mánuðina þá vakti hún alltaf þangað til að ég kom heim og þá sofnaði hún.“

Dópuð í jarðarför vinkonu sinnar

Nýlega missti Guðrún vin sinn, sem einnig var í neyslu. Á aðfangadag árið 2016 missti hún vinkonu sína.

„Ég var ekki einu sinni edrú í jarðarför vinkonu minnar. Ég fer reglulega að leiði hennar í dag og tala við hana, segi henni að ég vildi óska þess að ég hefði verið edrú í jarðarförinni og að ég hefði lært af því að hún hefði dáið úr þessu. Núna er ég þakklát fyrir að fá að fara í gegnum þetta edrú, að geta verið til staðar.“

Guðrún segist óska þess að hún gæti farið til baka í tíma og haft vit fyrir sjálfri sér, komið í veg fyrir að hún hefði tekið fyrstu e-pilluna.

„Afi minn, sem var í raun eins og pabbi minn. Hann lést þegar ég var þrettán ára og ég deyfði þá sorg með fíkniefnum. Enn þann dag í dag, þrettán árum síðar, er ég að takast á við þessa sorg. Hans ósk var alltaf að mér myndi ganga vel í lífinu og að ég myndi ekki leiðast út í vandræði, en ég gerði það samt og þar er mikil eftirsjá.“

Guðrún segist virkilega reið yfir því hversu eðlilegt það er talið í dag að reykja kannabisefni og að það skuli vera í umræðunni að lögleiða það efni.

„Þetta er mannskemmandi, alveg sama hvað fólk reynir að halda

Þá datt ég í sama farið, varð óheiðarlegur og datt strax í það.


fram hinu gagnstæða. Þetta veldur geðsjúkdómum, geðhvörfum og kemur fólk á geðdeild. Það eru um 570 manns á biðlista inn á Vog og Guð má vita hversu margir af þeim munu falla frá á meðan þeir bíða. Maður er svo sár og svekkur út í þessa ríkisstjórn að setja ekki meiri peninga í þetta. Þetta er það sem heldur okkur á lífi. Þegar við erum í neyslu þá finnum við engar tilfinningar, við finnum ekkert. Hvorki sorg, samkennd né neitt, okkur er alveg sama um alla nema okkur sjálf. Í dag er ég þakklát fyrir að fá að takast á við lífið, sorgina og allt saman edrú.“

Saga Sigurðar Guðjóns Duret

Sigurður Guðjón Duret er tuttu og tveggja ára gamall og starfar sem verslunarstjóri búðar á höfuðborgarsvæðinu. Sigurður hefur farið hringinn í kringum landið í meðferðir og trúði hann því að örlog hans væru þau að vera í neyslu þar til hann myndi deyjá.

„Ég var fimmtán ára gamall þegar ég byrjaði að sprauta mig og sökk algjörlega ofan í þennan heim. Ég trúði því aldrei að ég myndi ná tvítugsaldri enda leit allt út fyrir að ég myndi deyjá. Ég hef verið ótal sinnum á spítala þar sem ég var nær dauða en lífi með sýkingar,“ segir Sigurður sem hefur upplifað mikið af viðbjóði í heimi fíkniefnanna síðan hann var einungis ungur strákur.

„Þegar ég var tíu ára gamall þá fannst mér þetta allt saman mjög spennandi. Ég var á leiðinni í skólann og stoppaði við í húsbíl hjá félagamínnum. Við ætluðum að verða samferða í skólann en fundum áfengi í húsbílnum og drukkum það allt saman, síðan byrjaði boltinn að rúlla og ég fór að finna mér sífellt harðari efni. Það fyrsta sem ég hugsaði í hvert skipti sem ég



Sigurður Guðjón þegar hann var í neyslu.

prófaði nýtt efni var að þetta væri eitthvað sem ég ætlaði mér að gera mikið af, af því að þetta var svo mikil lausn fyrir mig. Mér leið alltaf svo hrikalega illa þrátt fyrir að ég ætti góða móður sem gerði allt fyrir mig, en það var alltaf eitthvað sem vantaði og fíkniefnin fylltu það tómarúm.“

Byrjaði að sprauta sig fimmtán ára gamall


Þegar Sigurður var fimmtán ára gamall hóf hann að sprauta sig og var það í fyrsta skipti sem hann upplifði þá löngun að vilja verða edrú.

„En ég bara gat það ekki. Ég notaði rosalega mikið af lækna-dópi, aðallega ritalíni. Ég fór í margar meðferðir og um leið og ég kom út úr þeim þá datt ég í sama farið, varð óheiðarlegur og datt strax í það. Síðasta meðferðin mín var í Krýsuvík og ég var þar í sjö mánuði, ég var algjörlega búinn á því. Mig langaði þannig séð ekkert til þess að verða edrú og ég hafði enga trú á að ég gæti það, mig langaði bara hreinlega að deyjá.“



Sigurður Guðjón „Þegar við keyrðum í burtu frá Krýsuvík þá fékk ég hjartaáfall á afleggjaranum“

MYND EINAR RAGNAR



Guðrún Ósk þegar hún var í neyslu.

Örlögin gripu þó í taumana hjá Sigurði sem varð til þess að hann fékk löngun til að komast úr þessum víta-

hring.

Fékk hjartaáfall

„Eftir mánuð í meðferðinni þá tók ég þá ákvörðun að fara, ég hringdi í vinkonu mína sem kom og sótti mig. Þegar við keyrðum í burtu frá Krýsuvík þá fékk ég hjartaáfall á afleggjaranum, án þess að vera búinn að fá mér neitt. Ég fór upp á spítala og þar var ég settur í alls konar rannsóknir sem sýndu síðan svart á hvítu að hjartað í mér var nánast ónýtt. Hjartalokurnar voru komnar í algjört rugl og blóðið í mér var orðið allt of þykkt, það var allt í klessu inni í mér. Þessa nótt fékk ég einhverja flugu í hausinn og áttaði mig á því að ég þyrfti að breyta lífi mínu ef ég ætlaði að lifa.“

Þetta var í fyrsta skipti sem Sigurður fór að fylgja þeim leiðbeiningum sem hann fékk í meðferðinni og dag einn fór hann að hætta að finna fyrir fíkninni.

„Mér fór að hætta að finnast vera flott að vera óheiðarlegur, ljúga, stela og meiða aðra og ég fór að upplifa löngun til þess að hjálpa öðrum. Í fyrsta skiptið fór ég að upplifa eitthvað gott, eitthvað raunverulegt, raunverulega hamingju. Mér fannst það svo ótrúlega gott að mig langaði í meira og fór því að gera meira af því að hjálpa. Ég er þannig fíkill

“Málið er að þetta er ótrúlega gaman fyrst, rosalega spennandi, en svo verður þetta kvöð, pína og algjört svartnætti.”

að ég geri allt sem mér þykir gott. Þarna fór ég að finna fyrir þakklæti og hamingju frá öðrum. Áður fyrr var ég þannig að ég gat stolið og svikið hvern sem er og ég fann ekkert fyrir því, ég gekk kannski inn í búð og þótt ég væri með pening í vasanum þá stal ég samt og mér var alveg sama. Það skipti mig engu máli og ég hugsaði mig aldrei tvisvar um, ég var algjörlega siðlaus.“

Sigurður hefur misst marga vini sem hafa fallið frá vegna fíknarinnar.

Fólk dó fyrir framan hann

„Ég hef ekki einu sinni tölu á því hversu marga ég hef misst, fólk hefur dáið fyrir framan mig. Ég var algjörlega dofinn fyrir þessu á sínum tíma.“

Sigurður segir að þótt honum hafi verið gerð grein fyrir því hvernig hlutirnir myndu enda ef hann héldi áfram að nota þá hafi hann bara þurft að upplifa það sjálfur og brenna sig á því.

„Ef ég gæti bara útskýrt hversu mikið svartnætti þetta er. Málið er að þetta er ótrúlega gaman fyrst, rosalega spennandi, en svo verður þetta kvöð, pína og algjört svartnætti. Maður verður svo háður þessu að maður gerir hvað sem er fyrir næsta skammt, maður selur allar eignir sínar og allt.“ ■

STEVE HÓTAR ANNA KJAFNASÖGUR DRAGA

„Það virðist sem bílnum hafi verið stolið. Hringdu og ég útskýri. Keli.“

Farsinn á Spáni, mál Sunnu Elvuru Þorkelsdóttir, heldur áfram að vinda upp á sig og taka nýjar stefnur. Eigandi bílaleigu á Spáni hefur hótað að kæra Sunnu og föður hennar fyrir bíljúfnað. Steve Hicks, eigandi bílaleigunnar, staðfestir það í samtali við DV.


Kjafnasögur á kreiki

Kjafnasögur berast á milli manna og taka breytingum og góðir sögmenn bæta jafnvel í áður en þeir hvísla henni til næsta manns í heita pottinum eða í matarhléinu í vinnunni. Sumir halda fram að Sunna hafi hent sér sjálf niður af annarri hæð í glæsihýsinu á Marbella á meðan aðrir eru vissir um að þarna hafi verið um að ræða handrukkun sem fór úrskeiðis. Sjálf hefur Sunna sagt að um hafi verið að ræða slys og þau hafi verið þrjú heima, hún, Sigurður Kristinnsson og barnið þeirra. Hún er viss um að Sigurður hafi ekki slasað hana en kveðst ekki muna eftir hvað hafi gerst. Aðrir vilja meina að Sunna sé höfuðpaurinn í málinu og sé að fara með ósannindi í hverju orði. Fáir taka mark á slíkum ljótum sögum. Ljóst er að Sunna er fórnarlamb og hefur slasast alvarlega og þarf nauðsynlega á lækisþjónustu að halda svo von sé að hún nái bata.

Þá er ein saga sem hefur borist oftar en einu sinni inn á íslenska fjölmiðla og hún er að Annþór Kristján Karlsson hafi verið valdur að slysinu. Annþóri sárnar sú umræða og skilur hvorki upp né niður í þessum kjafnasögum. Hann hafi ekki farið til útlanda í marga mánuði.

Þjóðin hefur fylgst agndofa með málinu eins og áður segir. Sunna Elvira liggur lömuð á sjúkrahúsi í Malaga eftir að hafa að hafa fallið milli hæða á heimili sínu í spænsku borginni. Hefur hún biðlað til íslenskra yfirvalda um aðstoð við að komast á betra sjúkrahús sem getur veitt henni nauðsynlega meðferð við meidslum hennar. Spænsk lögreglu-yfirvöld hafa þó virt þær óskir að vettugi og segir Sunna Elvira að henni sé í raun haldið í gíslingu þar ytra. Það sé gert til þess að setja pressu á hana um að veita upplýsingar um umfangsmikið fíkniefnamál, kennt við Skáksamband Íslands, sem eiginmaður Sunnu Elvuru, Sigurður Kristinnsson, er flæktur inn í.

Skáksmyglsmálið svokallaða hófst þegar pakki frá Spáni barst til skrifstofu Skáksambands Íslands í Faxafeni. Reyndist hann inni-



Fyrstu samskiptin við Sigurð

halda um sex kíló af fíkniefnum sem falin voru í verðlaunagrip fyrir skák. Sendingin barst frá fyrirtækinu Marmoles y granitos interlap í Altea á Spáni.

Örlagarík vika

Sunna Elvira var í löngu viðtali á Stöð 2. Í þessari umfjöllun ætlum við að skoða hvað hafi gerst síðan þá en óhætt er að segja að vikan hafi verið örlagarík. Þegar Sunna var spurð hvort þau hefðu verið öll heima sagði Sunna: „Já, við vorum öll heima. Ég, maðurinn minn og dóttir mín.“

Í samtali við DV fljótlega eftir slysið sagði Sigurður að hann hefði ekki verið til staðar. Hvort hann hefði ekki verið á heimilinu, því svaraði Sigurður ekki. Þá sagði Sunna að eiginmaður hennar væri ekki ofbeldismaður. Sigurður er hins vegar með dóm á bakinu. Þá sagði Sunna að hún hefði ekki séð Sigurð í nokkra daga og skyndilega heyrta af honum á Íslandi og ekki vitað að hann væri flæktur í málið. Í Fréttablaðinu er fullyrt að Sigurður hafi viðurkennt smygilið fyrir Sunnu áður en hann fór til Íslands. Hann hefur einnig sagt að Sunna hafi ekki átt neina aðkomu að málinu. Sunna Elvira hefur einnig

haldið fram að ævintýraþráin ein hafi leitt hana og eiginmanninn til Spánar. Raunveruleikinn er sá að Sunna Elvira flúði til Spánar ásamt eiginmanni sínum, sem skildi eftir sig slóð svika hér á landi.

Þá greindi Vísir frá því að hús Sunnu og Sigurðar hefði verið sett á sölu fyrir litlar 172 milljónir. Þá sagði DV frá því að sjúkrafugið kostaði 4,1 milljón en ekki 5,5 eins og fjölskyldan hefur stöðugt haldið fram. Það skal tekið fram að eftir að DV kannaði verð á sjúkraflogi á milli Íslands og Spánar kom í ljós að verðið var á milli 3,5 til 4 milljónir. Það var Jón Kristinn Snæholm sem hafði milligöngu um að láta DV fá í hendur pappír sem sýndu að verðið væri 1,5 milljónum lægra en áður hafði verið haldið fram og gerði hann það með glöðu geði og taldi að um misskilning hefði verið að ræða með verðið á flugfarinu.

Voru saman á pósthúsinu

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Sigurður og Sunna Elvira hafi komið á pósthús DHL í Altea nokkrum dögum áður en pakki var póstagður. Altea er nálægt Alicante, rúma 350 kílómetra frá heimili þeirra Sigurðar og Sunnu



í Marbella. Sá sem er skráður fyrir pakknum heitir David López Cobos og fór hann með pakkann í póst þann 26. desember. Pakkinn kom til Íslands í byrjun janúar og var svo afhentur Skáksambandinu 9. janúar eftir að hafa verið toll-afgreiddur. Lögreglan vissi af fíkniefnum í pakknum og handtók fjóra vegna málsins, bæði á skrifstofu Skáksambandsins og í húsnaði Hvíta riddarans í Mosfellsbæ.

Marmoles y granitos interlap sérhæfir sig í smíði hluta úr marmara og graníti og ásamt því að útvega borðplötur og slíkt þá er einnig hægt að panta hjá þeim fingerðari hluti úr marmara líkt og skákverðlaunagrip. Pakkinn sem sendur var til Íslands var ansi þungur, samkvæmt heimildum DV var hann 80 sentimetrar á allar hliðar og vó rúmlega 30 kíló. Sendingarkostnaðurinn var í samræmi við það, 463 evrur eða rúmlega 57 þúsund krónur. Fyrirtækið segir að aðilinn sem hafi pantað vöruna hafi fengið pakkann í sína vörslu áður en starfsmaðurinn fór með hann til DHL. Fyrirtækið hefur ekki viljað svara fyrirspurnum DV um hver hafi pantað vöruna. Þá hefur annar maður en David López svarað síma hans og sagt að hann sé ekki við.

Eigandi bílaleigu hótar að kæra

Á jóladag 2017 leigðu Sigurður Kristinnsson og Sunna Elvira Þorkelsdóttir Renault Megane-bifreið í einn mánuð af bílaleigu í smábænum La Fuente. Sigurður sendi skilaboð til eiganda bílaleigunnar um að þau gistu við El Plantío-golfvöllinn í Alicante og hvort hægt væri að fá bílinn sendan þangað. Hann þyrfti að fá bíl daginn eftir í síðasta lagi og spurði hvort það væri þak á kílómetrafjöldanum. „Hann verður aðeins notaður í fjölskylduerindum núna. Spyr bara sem varúðarráðstöfun.“

Annan dag jóla fengu þau Hyundai-bifreið leigða til að sækja foreldra Sunnu á flugvöllinn og 28. desember fengu þau Renault-bifreiðina afhenta í Torreveja og greiddu 100 evra tryggingu. Skila átti bílnum klukkan 13.00 þann 26. janúar en þegar það gerðist ekki sendi eigandi bílaleigunnar eftirfarandi skilaboð til Sigurðar:

„Getið þið haft samband við okkur á WhatsApp sem allra fyrst því að bílnum átti að vera skilað í dag eins og samið var um ... Við erum búin að leigja hann aftur út þar sem þið sögðust ekki hafa meiri not fyrir hann.“


Faðir Sunnu tvíðæmdur

Þá var haft samband við

ÞU KÆRA SUNNUNU: ANNÞÓR INN Í MÁLIÐ



David López Cobos, maðurinn sem sendi pakkann til Íslands.



bílaleiguna úr síma Ólafs Þorkels Þórissonar, föður Sunnu Elviru, og beðið um heimild til að hafa bifreiðina til 3. febrúar. Þegar hringt var í síma Ólafs Þorkels vildi viðkomandi ekki ræða við blaðmann. Ólafur Þorkell, faðir Sunnu Elviru, hefur í tvígang hlotið fangelsisdóm vegna fíkniefna, fyrst árið 1986 og svo aftur árið 2016. Á níunda áratugnum var hann dæmdur í sjö mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir smygil á 2,3

kílóum af hassi til landsins. Samkvæmt dómi þá keypti hann hassið í Amsterdam í Hollandi og flutti til landsins í því skyni að endurselja það. Hann var handtekinn við komu til landsins í október árið 1984.

Ólafur Þorkell skýrði þá málsatvik svo að hann hafi farið til Hollands til að kaupa bíl. Hann hafi þó frétt af því frá þáverandi unnustu sinni, sem er ekki nafngreind í dómnum og því óvíst

hvort sé móðir Sunnu Elviru, sem fæddist ári eftir að dómur féll, og bróður sínum að tollverðir hygðust fara í verkfall. Því gæti það verið vænlegur kostur að festa kaup á fíkniefnum í Hollandi með það í huga að flytja til landsins meðan tollverðir væru uppteknir við stéttabaráttu. Það gekk þó ekki því tollverðir fundu fíkniefnin í farangri hans.

Nokkrum árum síðar, eða árið 1994, flæktist Ólafur Þorkell aftur í smygilmál, þá kókaínsmygl. Rétt er að taka skýrt fram að hann hlaut ekki dóm fyrir það. Í vikublaðinu Eintak frá þessu ári var greint frá því að Þór Karlsson, þá um þrjúttugt, hafi verið handtekinn á flugvelli í Kólumbíu með 250 grömm af kókaíni á sér. Ferðafélagi Þórs í þeirri ferð var Ólafur Þorkell.

Í viðtali við Eintak sagðist Ólafur Þorkell hafa verið að heimsækja fjölskyldu sína í Kólumbíu og Karl hafi slegist í för. Hann sagðist ekki hafa komið nálægt smyglinu og hafa grunað félagi sinn um að vera flæktan í slæm mál. „Ég hafði ekkert með þetta að gera og þykir leiðinlegt ef verið er að bendla mig við málið,“ sagði Ólafur Þorkell. Hann var enn fremur spurður út í dóminn sem hann hlaut á níunda áratugnum og svaraði hann þá: „Það eru tíu ár síðan og ég hef ekki komið nálægt fíkniefnamálum síðan.“

Auk þessa fékk Ólafur Þorkell þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm í hittifyrri fyrir fíkniefnalagabrot. Hann var gómaður í nóvember árið 2015 með 50 kannabispöntur á heimili sínu í Hveragerði. Hann var auk þess dæmdur fyrir að hafa flutt til lands 250 grömm af Bali Shag-reykstóbaki sem fannst við leit tollvarða við komu hans frá Bretlandi. Í þeim dómi kom fram að Ólafur Þorkell hefði einu sinni áður hlotið dóm, þá fyrir hasssmyglið á níunda áratugnum.

Samskiptin við bílaleiguna

Eftir að bíllinn skilaði sér ekki sendi eigandi bílaleigunnar skilaboð í síma Þorkels:

„Skilið svo bílnum á réttum tíma núna. Skila átti bílnum síðasta miðvikudag áður en maðurinn endaði í fangelsi. Ef enginn hefði haft samband hefðum við tilkynnt hann stolinn.“

Þann 31. janúar var samið um að hafa bílinn til 9. febrúar en bílnum var ekki skilað. Þann 12. febrúar fékk bílaleigan senda stöðumælasekt frá þeim tíma er Sigurður og Sunna höfðu bílinn og 13. febrúar sendi Þorkell svohljóðandi skilaboð:

„Það virðist sem bílnum hafi verið stolið. Hringdu og ég útskýri. Keli.“

„Er fólk í alvörinni að segja þetta?“

Líkt og greint hefur verið frá eru ýmsar kjaftasögur á kreiki varðandi slysið og dópinflutninginn. Ein af þeim er að Annþór Kristján Karlsson sem var töluvert í fréttum á árum áður fyrir handrukkuun tengist málinu. Slúðrað er um að hann hafi hrint Sunnu Elviru og hefur sú saga borist inn á borð DV úr nokkrum átum sem og á fleiri fjölmiðla. Þessi kjaftasaga er tóm þvæla og segist Annþór í samtali við DV ekki einu sinni hafa farið til útlanda síðan hann losnaði úr fangelsi nýverið.

Annþór virðist hafa ákveðinn húmor fyrir þessu þótt honum þyki það miður að svona sé talað um hann þar sem hann sé nú á beinu brautinni. „Er fólk í alvörinni að segja þetta? Ég er bara ekki að trú þessu. Ég hef ekki einu sinni farið til útlanda eftir ég losnaði,“ segir Annþór og hlær.

Hann telur líklegast að þessi kjaftasaga hafi sprottið upp úr annarri kjaftasögu, um að íslenskir handrukkarar hafi farið til Spánar og beri ábyrgð á falli Sunnu. „Það eru auðvitað einhverjar kjaftasögur um það að það hafi farið einhverjir til að handrukka þau úti, frá Íslandi. Ég held að það sé nú líka algjört rugl. Ætli þetta sé ekki eitthvað sprottið upp úr því, einhver segir að Íslendingar hafi farið út og þá segir annar: „Það er pottþétt Annþór“. Ég og Siggí erum vinir og ég á ekkert sökótt við hann. Það væri nú auðvelt að kanna hvort ég hafi verið á faraldsfæti á þessum tíma eða ekki,“ segir Annþór.

Hann segir að það sé helst að fréttá hjá sér að hann sé bara á fullu í vinnu eftir að hann losnaði við ökklabandið í desember.

Eigandinn svaraði:

„Láttu mig vita undir eins. Bíllinn var leigður Kris og dóttur þinni. Þú ert fjölskyldan hennar og hún getur ekki keyrt þannig að ég gerði ráð fyrir að þú keyrðir bílinn. Ég hefði aldrei leyft neinum öðrum að keyra bílinn sem ég hef engar upplýsingar um.“

Föstudaginn 16. febrúar bauð eigandinn þeim þá að kaupa bílinn til að losna við málið. 1.000 evrur fyrir bílinn og 340 fyrir leiguna og sektina og tók Þorkell því boði.

Á laugardeginum hafði bílnum hvorki verið skilað né greitt fyrir hann. Bíllinn fékk sektarmiða af lögreglunni í Alicante þann 14. febrúar, við það varð eigandinn

mjög ósáttur. Hann sendi svo eftirfarandi skilaboð:

„Það hringdi maður í mig í gær og sagði að bílnum yrði skilað í dag. Ég veit ekki hvað er í gangi hjá þér, honum eða dóttur þinni en ég þarf tilkynna til lögreglunnar að þú og dóttir þín hafi stolið bílnum mínum.“ Síðan hefur eigandinn ekkert frétt af bílnum. ■





Sannar sögur án glansmyndar

Family Living - The True Story: Hópurinn sem er að slá í gegn á Facebook

Ragna Gestsdóttir
ragna@dvs.is



Flest okkar sem reka heimili vita út á hvað það gengur: seinnipartinn þegar allir koma heim úr vinnu, skóla og íþróttum er allt á hvolfi. Lærdómur, matseld, frágangur, þvottur, leiktími, bað- og háttatími ef ung börn eru á heimilinu og fleira hertekur tímann frá um klukkan 17-20. Eftir það leggjast foreldrar oft örmagna í sófann, kveikja á Netflix og reyna að horfa framhjá hrúgu af ósamantrotnum þvotti, leikföngum um allt stofugólf og ógreiddum reikningum.

Mjög fá heimili eru tilbúin fyrir Instagram og myndatökur fyrir Hús og hýbýli á hverjum degi, þótt þau geti verið það á góðum degi. Það er gaman að skoða myndir af fallegum og stílhreinum heimilum, en á sama tíma dæsir maður oft og skilur ekkert í af hverju manns eigið heimili lítur ekki þannig út alla daga, eða jafnvel bara einn dag á ári.

Hópurinn Family Living-The True Story-ICELAND á Facebook sýnir venjuleg íslensk heimili og eru meðlimir hvattir til að deila myndum og myndböndum af eðlilegu heimilisdrasli.

„Hópurinn er gerður að sænskri fyrirmynd, en ég kynnist þessum sænska hópi, sem í eru yfir 70 þúsund meðlimir, fyrir nokkrum árum og fannst ekki vanþörf á því að hafa sambærilegan hóp hér á landi,“ segir Elín Oddný Sigurðardóttir sem stofnaði hópin fyrir tveimur árum þegar hún stóð í flutningum og allt var á hvolfi.

„Ég ákvað að kyla á það, setja inn myndir og stofna hópin. Þetta er aðallega húmor og til að hafa gaman af. Venjuleg heimili eru stundum með drasli og það er

„Varðandi þvott – henda í vél, taka út, hengja upp, brjóta saman, ganga frá, henda í vél, taka út. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hannað fataherbergi við hliðina á þvottahúsinu, svo hægt sé að hengja beint upp eftir þurrk? Í staðinn þarf að burðast með þvottinn í hvert herbergi á fætur öðru og setja í skúffur og á herðatré. Og hvers vegna í ósköpunum er sturtan/baðið ekki þarna nálægt, svo hægt sé að sturta óhreinu fötunum beint í körfurnar og sækja hrein fót í fataherbergið? Ætli arkitektar sjái yfirleitt ekki um þvottinn?“



Jólin, jólin alls staðar. „Óður til liðinna jóla. Er ekki að tíma að henda þessu, finnst svo gasalega lekkert að hafa svona skraufburtt og fölt greni. Er líka að velta fyrir mér hvort þetta virki ekki líka sem páskskraut og svo sumarskraut. Hvað finnst ykkur?“



Kötturinn með „Hönnunarlausn“ fyrir pappírslus. Bætið við ketti og allir eru sáttir.“ – Bárá Halldórsdóttir.



Stofnandi grúppunnar Elin Oddný Sigurðardóttir stofnaði grúppuna þegar hún var sjálf að flytja og allt var á hvolfi hjá henni.



Jól alla daga „Get ég ekki bara breytt þessu í páskskraut?“ spyr Katrín Eva Erlarsdóttir.



Kvöldmatur við kertaljós „Það var sko kvöldmatur við kertaljós á þessu heimili í kvöld!“ Auður Alffía Ketilsdóttir. Matt McKenna er að græja kvöldmatinn. Takið eftir skáphöldunum.



Vel nýtt borðstofufuborð „Ef ég finn borðstofufuborðið í náinni framtíð held ég kannski matarboð,“ segir eigandi þessa borðstofufuborðs.

Í skugga Sveins

í Gaflaraleikhúsinu



„Fyrirtaks skemmtun
fyrir unga jafnt sem aldna“
Silja Hulduóttir Morgunblaðið

„Þar með hefst galdraverkið, spuninn.
Aldeilis ótrúlegt! Ekkert hik, engar tafir“
Bryndís Schram DV

„Sýningin er dillandi skemmtileg“
Silja Aðalsteinsdóttir TMM

Rammíslenskur gamansöngleikur
eftir Karl Ágúst Úlfsson

sunnudag 25. febrúar kl 13.00

sunnudag 4. mars kl 13.00

sunnudag 11. mars kl 16.00

sunnudag 18. mars kl 16.00

midi.is

Gaflaraleikhúsið



Haldið sofandi eftir magaermiaðgerð - Annað alvarlega tilvikið á árinu

Í lok janúar var kona á sjötugsaldri lögð inn á Landspítalann vegna fylgikvilla eftir magaermiaðgerð. Þetta er annað tilvikið á stuttum tíma þar sem einstaklingur leitar til Landspítalans vegna alvarlegra fylgikvilla eftir magaminnkunaraðgerðir.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Þann 4. janúar síðastliðinn lést 37 ára gömul kona á Landspítalanum eftir að hún undirgekkst magaminnkunaraðgerð hjá einkafyrirtækinu Gravitas, sem er í eigu Auðuns Sigurðssonar lækni, þar sem framkvæmdar eru maga-

bands- og magaermiaðgerðir.

Konan sem lést fór í magaermiaðgerð 28. febrúar 2016. Auðunn Sigurðsson sagði í forsiðufrétt Fréttablaðsins 24. janúar síðastliðinn að konan hefði fengið þekkta hliðarverkun vegna aðgerðarinnar, sem síðan hefði gengið til baka eftir meðferð. Sagðist hann engar upplýsingar hafa um meðferð hennar fyrir ára-

mót á Landspítalanum, en konan var lögð þar inn nokkrum dögum fyrir jól.

Samkvæmt heimildum DV er Auðunn ekki vel liðinn af læknum á Landspítalanum og fær ekki að koma þar inn.

Magaermiaðgerð kostar 1.500.000 krónur. Aðgerðin minnkar magann um 75–80% og verður maginn eins og ermi eða banani í laginu.

Annað alvarlegt tilvik á stuttum tíma

Konan sem liggur núna inni á Landspítalanum er á sjötugsaldri og er henni haldið sofandi.


Forsvarsmenn Landspítalans gátu ekki tjáð sig um einstök at-

vik þegar eftir því var leitað. Fyrirspurn sem send var 8. febrúar síðastliðinn um hvort algennt væri að sjúklingar leiti til Landspítalans vegna fylgikvilla af völdum magaminnkunaraðgerða hefur enn ekki verið svarað þrátt fyrir ítrekun.

Skylda að tilkynna óvænt atvik til Landlæknis

Samkvæmt lögum skal tilkynna óvænt atvik í heilbrigðisþjónustunni tafarlaust til Landlæknis sem hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu í landinu. Skal Landlæknir rannsaka slík atvik til að finna á þeim skýringar og tryggja að þau eigi sér ekki stað aftur.

Tilvik konunnar sem lést 4.



janúar síðastliðinn var tilkynnt til Landlæknis bæði af Landspítalanum og ættingjum konunnar. Konan var krufin, en samkvæmt heimildum DV tekur 6–8 mánuði að fá niðurstöður úr krufningunni og lesa úr gögnum. ■





Við rýmum fyrir sumarvörunum




AS WE GROW
40%



Hrím 1.hæð Kringlunni



www.hrim.is



Laugavegi 25 / Kringlunni 1. & 2. hæð / 553-3003



Sími:
544
2424

BÆJARLIND OG EGILSHÖLL | WWW.SAELAN.IS

UNDANKEPPNI HM
FIBA BASKETBALL
WORLD CUP 2019

ÍSLAND
FINNLAND

23. FEBRÚAR KL. 19:45

ÍSLAND
TÉKKLAND

25. FEBRÚAR KL. 16:00

SÝNDIR BEINT Á

RÚV RÚV 2



QUALIFIERS



FIBA
BASKETBALL
WORLD CUP
China 2019

tix.is

Inga ætlaði að vera í 10 daga á Kýpur



Rekur nú elsta og þekktasta grænmetisstað Kýpur

Tuttugu ára gömul fer **Inga Karlsdóttir**, ung stelpa úr Njarðvík, í stutt frí til Kýpur. Meira en 30 árum síðar er hún ennþá búsett á Miðjarðarhafseyjunni, er gift með fjögur fullorðin börn, og rekur elsta og þekktasta grænmetisveitingastað eyjarinnar: Inga's Veggie Heaven. Kristján Guðjónsson heimsótti veitingastaðinn, bragðaði á himneskum grænmetismatnum og forvitnaðist um sögu Ingu.

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Það heimsækja ekki sérstaklega margir ferðamenn til Níkósíu, höfuðborg Kýpur. Hún er staðsett inni í miðju landi – langt frá hvítu ströndunum sem ferðamenn sækja helst í þegar þeir mæta á Miðjarðarhafseyjuna. Gamli miðbærinn er innan fornra borgarmúra og í gegnum hann liggja landamæri

ríkjanna tveggja sem deila eyjunni: Lýðveldisins Kýpur – þar sem grískumælandi Kýpverjar eru í meirihluta – og Norður-Kýpur – ríkis sem er aðeins viðurkennt af Tyrklandi. Ef maður að ætlar að röltu um bæinn er betra að hafa vegabréfið með til að sýna landamæravörðunum.

Í litlu hvítu steinhúsi með bláum gluggum, við fáfarna götu í rólegu nýuppgerðu hverfi í gríska hlutanum – þónokkurn spól frá

helstu verslunargötum og lífæðum borgarinnar – er veitingastaðurinn Inga's Veggie Heaven. Staðurinn er hluti af húsaþyrpingu þar sem lista- og handverksfólk er með vinnustofur og sölurými: leirmunir, skartgripir og ýmislegt fleira er í boði.

Bak við afgreiðsluborðið standa tvær ungar dökkhærðar konur, Kristjana og Elísa, en í eldhúsinu, með svuntu og hárnnet, er móðir þeirra Inga Karlsdóttir, sólbrún með stutt grátt hár og stórt bros, hlýleg og hláturmild – þegar hún kemst að því að Íslendingar séu mættir á staðinn hennar hlær hún og faðmar þá innilega.

Hermaðurinn á diskóteknu

Við setjumst út á pall í sólina með kaffi og eplaköku og ég fæ Ingu til að segja sína sögu – hvernig kom það til að þessi Suðurnesjastelpa opnaði grænmetisstað á Kýpur.

Hún byrjar á að segja mér að hún sé fædd árið 1959 og alin upp í Njarðvík hjá einstæðri móður

Þegar hann fór sagði pabbi hans að ef hann gengi í hjónaband á Íslandi væri hann ekki velkominn aftur heim.

með fjögur börn, en faðir hennar féll ungur frá. Að lokinni grunnskólagöngu byrjaði hún að vinna fyrir sér. „Það var aldrei nein neyð á heimilinu en mamma þurfti alltaf að vinna afskaplega mikið til að eiga í okkur og á. Kannski þess vegna var maður ekkert að hugsa um að fara í nám – maður vildi bara byrja að vinna til að eignast einhvern pening,“ segir hún.

Rétt um tvítugt dró ævintýraþráin hana til Svíþjóðar. Hún vildi sjá heiminn og sá sér leik á borði og fékk vinnu í bílaverksmiðju Volvo. Það var þar, við færibandið, sem hún tók þá afdrifarlíku ákvörðun að skella sér með

finnskri vinkonu í 10 daga vetrarfrí til Kýpur, sem var þá þegar ódýr og vinsæll sumarleyfisstaður. Inga segist ekki hafa heillast sérstaklega af eyinni í upphafi. Hins vegar kolféll hún fyrir ungum Kýpverja sem hún kynntist á einu diskóteknu í strandbænum Larnaka, en þar bjó hann á meðan hann sinni herskyldu.

Inga sneri aftur um sumarið og flengdist á eyinni næstu mánuði. Ungi hermaðurinn, Demetris Hadjipanayi, hjálpaði henni að fá tímabundið landvistarleyfi og hún starfaði á diskóteknu þar sem hún gat fengið greitt svart. „Ég var svona „bar-woman“,“ segir Inga og hlær innilega.

Tengdaforeldramir vildu hins vegar ekki að sonurinn kvæntist útlendingi og þegar landvistarleyfið var útrunnið ákvað Inga að halda heim. Demetris elti Ingu hins vegar til Íslands og árið 1983 gengu þau í hnapphelduna þar í óþökk foreldra hans. „Þegar hann fór sagði pabbi hans að ef hann

Helgarkrossgátan

	krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510		suðan	hremmi	litlausa	lagður	slaka	eldstæðið	
	→								nábúa
		nema féfang							
	röð			lengdir ílát					
	ís					álpast vitstola			
	aula				skitugt	3	2 eins bág		
		14	sortera farveginn					skjóða	11
	öfug röð			muldra					
	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	ófagra	svar fóstur	2	útlími spriklað			eignaðist
		↓		6			↙	hann	
kvæðið	4				svipað gljúfur				
	vitstola óvissa		tyggja 2 eins				glens		
stranda-glópur		mykjan					flennuna	til	
reigt				fiskur	bæta fisk			beita	
	10	afgangar	5	mann peyja		rikja feitin			
	↙					8	↖	takast	12
sár					kona			9	
2 eins			4 eins hása				fanga tapa	ávextir	
	kvendýr hamla	13			baksa lykkjan				
ósoðna				kúvendi 3 eins			grastopp bilfær		
vatnsfall	glaða		skáld fiskur			góma kögur		kex	
	pöddu kærleikur				7				
2 eins			féflatta sund				haf	strákapör til	
málmur					fyrirgefa				
álitinn				1		farvegir			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----

Sudoku

Auðveld

	8			6	4	9	1	5
5		9			1			
4								8
		7	8	2			5	1
	4	2			5		9	
8				7		3	6	
					3	6	8	
9	6	5						
							2	

Erfið

	7	5		8				6
				5			4	9
1	3						5	
2		7						
	5			1	8			2
	9			6				
				5			4	7
				3	9		8	
	2						3	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Inga Dóra Konráðsdóttir
Túngötu 42
101 Reykjavík

Inga Dóra hlýtur að launum bókina *Dóra Bruder*




Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin *Skrimslí í vanda*


Skrimslí í vanda
Höfundar: Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler, Rákel Helmsdal

Æ, nei! Loðna skrimslíð er aftur komið í heimsókn til litla skrimslisins. Stóra skrimslíð vonar að það staldri stutt við. En það er nú eitthvað annað! Loðna skrimslíð segist aldrei ætla heim til sín aftur!

Skrimslí í vanda er niunda bókin um litla og stóra skrimslíð. Bækurnar hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál og hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar.




SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050




TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

Flytjum: Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða




SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - www.sendibilastodin.is

Tímarvélín



Anse pen
neðringuð balldragt útsaumuð
með hexisting og húllkílum og
inndæl spássjerdragt er til sínis
og prufu á Laufásveg 10.

Gamla auglýsingin

Vísir, 8. febrúar, 1918.



Níu ára stúlka lést í fyrsta flugslýsinu

Árið 1919 var fyrsta flugvélín flutt til landsins, AVRO 504K, samfara stofnun Flugfélags Íslands. Fyrir 25 krónur gat fólk keypt sér útsýnisflug yfir Reykjavík, en aðeins var pláss fyrir einn farþega. Þann 27. júní árið 1920 var mikill mannföldi saman kominn í Vatnsmyrinni til að fylgjast með flugsýningu vélarinnar. Fyrsta flugslýs Íslandssögunnar varð að veruleika þegar vélinni hlekkist á við landingu. Ekki höfðu áhorfendur fylgt leiðbeiningum um hvar á túninu þeir máttu standa og reyndi flugmaðurinn að sveigja fram hjá mesta fjöldanum. Vélín lenti þó á tveimur systkinum og lést níu ára gömul stúlka, Svava Gísladóttir, samstundis. Hún varð fyrir flugvélinni miðri en bróðir hennar varð fyrir vængnum og slasaðist alvarlega.



Óli á hjóli

Guðni Th. Jóhannesson er alþýðlegur forseti og hjólar mikið með börnin. Ólafur Ragnar Grímsson, forveri hans, átti einnig sína hjólréiðadaga. Í nóvember árið 1982, þegar Ólafur var alþingismaður, skellti hann sér í hjólréiðatúr með eigin konu sinni, Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur heitinni, og DV var með í för. „Við byrjum alltaf á því að hjóla hring á Nesinu, síðan förum við út í Skerjafjörð, í Vesturbæinn eða út á Granda,“ sagði Ólafur. Þá sögðu þau að vindurinn væri hluti af skemmtuninni og ekkert mál væri að klæða veðrið af sér. Ólafur sagði að það væri nauðsynlegt að „hjóla kollegana og daginn úr sér“ á kvöldin.



Klám á Strumpaspólum

„Sögur um að krakkarnir hefðu verið óvenju hljóðir“

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Í janúarmánuði árið 1992 fengu Neytendasamtökin inn á borð til sín óvenjulegt mál sem átti eftir að fara nokkuð hátt í fjölmiðlum, svokallaða Strumpaklámsmál. Í dag telja margir þetta vera flökkusögu en þetta er hins vegar dagsatt. Klámefni rataði inn á myndbandsspólur með Strumpabáttum. Steinar Berg Ísleifsson, sem gaf út spólnar, ræddi við DV.

Eitthvað ljótt á spólnni

Í Þjóðviljanum 22. janúar segir frá foreldrum sem í sakleysi sínu fóru út á myndbandaleigu og leigðu spóluna Strumparnir 1 fyrir börnin. Spólnni var rennt í tækidi fyrir börnin en þegar hún var búin komu börnin fram og sögðu við foreldrana að það væri „eitthvað ljótt á spólnni líka.“ Neytendasamtökin fengu tvö slík mál inn á borð til sín og fólu í kjölfarið lögmanni sínum að kæra Steina hf.

Steinar Berg, eigandi Steina hf., segir að það hafi ekki komið til þess. „Þetta hafði enga slíka eftirmála, en var leiðinlegt og algerlega óviðeigandi að öllu leyti.“

Hvernig gerðist þetta?

„Við fengum umboð til að framleiða Strumpana sem við vissum að við gátum gert í talsvert miklu magni. Við fengum tilboð í framleiðsluna á vídeokasettur og aðilinn sem framleiddi þetta fyrir okkur hafði greinilega notað



spólnar áður, upp að einhverju magni, í einhverja klámmyndaframleiðslu. Við höfðum ekki hugmynd um þetta.“

Steinar segist ekki muna hver framleiðandinn var en það var innlendir aðili sem var að reyna að hasla sér völl á myndbandsspólumarkaðinum. „Við vorum að framleiða gríðarlega mikið af kvikmyndum og slíku og fengum tilboð í þetta verkefni frá þessum aðila sem við höfðum aldrei skipt við áður. Hann skilaði þessu svona og

við tókum framleiðsluna og settum hana út í leigur.“

Fólki fannst þetta fyndið

Steinar segist ekki vita hvernig klám hafi verið á spólnum en samkvæmt Morgunblaðinu frá 21. janúar var um mjög gróft klám að ræða. „Ég var staddur í Cannes í Frakklandi og sá þetta aldrei. Við innkölluðum þessar spólur og sendum aftur til hans og fengum lagfæringu á þessu. Við skiptum auðvitað ekki við hann aftur og

„Þetta hafði enga slíka eftirmála, en var leiðinlegt og algerlega óviðeigandi að öllu leyti“

hann hætti í viðskiptum skömmu eftir þetta.“

Um var að ræða þáttaspólur með 45 mínútur af efni. Spólnar sjálfar voru 60 mínútur og átti síðasta korterið að vera autt. Steinar segir að málið hafi farið hærra í fjölmiðlum en efni stóðu til. „Þetta voru ein eða tvær týpur af spólum og einhverjar 100 eða 200 af þeim sem við vissum nákvæmlega hvert höfðu farið. Þetta var ekki lengi í umferð.“

Fenguð þið bágt fyrir þetta?

„Nei. Það var aðallega spilað á þetta með einhvers konar húmor af því að þetta var svo óvenjulegt.“

En var aukning í sölu á Strumpamyndböndum?

„Nei, en fólki fannst þetta fyndið, þannig séð. Sérstaklega þegar skýrðist hvernig þetta átti sér stað. Það heyrðust einhverjar sögur um að krakkarnir hefðu verið óvenju hljóðir. En ég held að þetta hafi ekki verið mörg tilfelli.“ ■

„Þarna er dauði og þögn“

Mannshvarfið í Öskjuvatni

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ódáðahrauni norðan Vatnajökuls situr eldstöðin Askja umkringd Dyngjufjöllum. Vorið 1875 hófst þar mikið gos sem olli því að margir Austfirðingar fluttu vestur yfir haf. Þá seig Askja og til varð Öskjuvatn, næstdýpsta vatn Íslands, um 220 metrar. Gosið olli miklum áhuga fólks á eldstöðinni, bæði innanlands og utan. Til dæmis komu danskir vísindamenn hingað árið eftir gosið og teiknuðu upp svæðið. Sumarið 1907 komu þrír Þjóðverjar til að rannsaka Öskju en sú ferð endaði með hvarfi tveggja þeirra. Ómar Ragnarsson er vel kunnugur á svæðinu og sagði DV hvað hann teldi að hefði komið fyrir.

Ætluðu að rannsaka Öskju

Sá sem leiddi rannsóknina hét Walter von Knebel, fullt nafn Johann Heinrich Carl Matthaeus Ralph Walther von Knebel. Hann var einungis 27 ára gamall en hafði þegar sett svip sinn á eldfjallafræði Evrópu, sér í lagi með rannsóknum á Kanaríeyjum. Knebel kom fyrst til Íslands árið 1905 til að kynna sér jarðmyndun landsins, sér í lagi undir og við jökla. Ferðaðist hann um Reykjanesið, við Heklu og norður við Mývatn. Hann málaði myndir á ferðum sínum og með honum í för var Ögmundur Sigurðsson, kennari frá Hafnarfirði.

Tveimur árum síðar fékk hann styrk hjá Humboldt-sjóðnum hjá Konunglegu þrússnesku vísindakademíunni til að heimsækja Ísland á ný og rannsaka Öskju. Með honum í för voru tveir aðrir Þjóðverjar. Annars vegar Hans Spethmann, ungur jarðfræðinemi, og hins vegar Max Rudloff málari. Sigldu þeir frá Þýskalandi til Reykjavíkur í lok júní og þaðan norður til Akureyrar. Ögmundur tók aftur að sér að vera leiðsögu- maður og fylgdi þeim að Öskju þar sem þeir settu upp tjaldbúðir.

Skiluðu sér ekki um kvöldið

Í tímaritinu Hugin frá því í ágúst árið 1907 er atburðarásinni lýst. Þann 10. júlí var Ögmundur á ferð til Akureyrar til að kaupa vistir og sækja póst. Um hádegisbil var Spethmann sendur norðaustur fyrir Öskjuvatn til að mæla og teikna upp fjallið en Knebel og Rudloff héldu út á vatnið í bát sem þeir höfðu meðferðis. Ætluðu þeir að finna sér góðan stað á vatninu til að mála öll fjöllin í kring.

Þegar Spethmann kom aftur að tjaldbúðunum, við suðausturbakka vatnsins, klukkan tíu um kvöldið voru Knebel og Rudloff hvergi sjáanlegir. Mikil þoka var á svæðinu og Spethmann taldi óráðlegt að leita félaga sinna enda taldi hann víst að þeir sneru von bráðar til baka. Þegar þeir skiluðu sér ekki næsta morgun fór hann að leita. Einsamall leitaði hann í fimm daga og var nú farinn að óttast mjög.

Kvöldið 15. júlí sneri Ögmundur til baka frá Akureyri og daginn eftir leituðu þeir saman að félögum sínum. Þá fundu þeir bæði spor mannanna, ummerki eftir bátinn og vettlinga. Í tíu daga til viðbótar var leitað og aðstoðuð

Öskjuvatn Tíminn, 26. september 1991.



Ómar Ragnarsson „Þeir voru þá einfaldlega óheppnir eða feigir.“ MYND SIGTRYGGVARI

„Beygðir í duftið dauðlegir menn. Dómsorði skaparans hlíta. Framliðnar sálir við Öskjuvatn enn sig ekki frá gröf sinni slíta.“

bændur úr nágrenninu við leitina. Þá var ræst út tíu manna leitarsveit úr Bárðardal sem fínkembdi svæðið í kringum Öskjuvatn á fjór- um dögum og hélt út á vatnið með bát. Fundu þeir þá eina ár og tvö brot úr kössum.

Á þessum tíma var enginn kafarabúnaður til en leitarmenn settu niður línur með önglum með litlum árangri. Dýpið var of mikið og hraunið braut önglana jafnarðan. Þá voru einnig hverir undir vatninu á einum stað. Voru þeir sannfærðir um að Knebel og Rudloff hefðu druknað í vatninu og eina vonin til að þeir kæmst í leitirnar væri ef líkin myndu fljóta upp á yfirborðið vegna rotnunargass í innnyflum. Það gerðist þó ekki.

Myrtir eða enn á lífi?

Þegar mannhvörf verða fara sögusagnir ævinleika á kreik. Hafði bátinum hvolft af slysi eða vegna jarðskjálfta? Eða hafði aurskriða hrífsað þá með sér út í vatnið? Þískrað hefur verið um að Spethmann sjálfur hafi myrt félaga sína. Einnig var sagt að þeir hefðu sést lifandi eftir þetta.

Á meðal þeirra sem gátu ekki sætt sig við óvissuna var Ina von Grumbkow, unnusta Knebel. Ári



Minnisvarði í vörðunni sem Ina von Grumbkow reisti.



Walter von Knebel Eldfjallafræðingur.

eftir hvarfið sigldi hún hingað til lands ásamt ungum jarðfræðingi að nafni Hans Reck til að kanna aðstæður og rannsaka hvarfið. Ferðuðust þau um Reykjanes, Skaftafellssýslur og síðan norður til Öskju þar sem þau dvöldu í viku. Í tímaritinu Nýjar kvöldvökur segir að þau hafi búið í tjöldum, verið út af fyrir sig og haft heldur lítil afskipti af fólki yfirleitt. Leit þeirra bar engan árangur en reistu þau minnisvarða, stóra vörðu, og meitlaði Reck nöfn mannanna sem týndust í grágrýtisstein. Síðar var minnismerki úr málm sett upp á sama stað.

Þó að leit Grumbkow hafi verið árangurslaus líkt og þeirra tuga manna sem leituðu árið 1907, hreifst hún af landi og þjóð. Þegar hún sneri aftur heim til Þýskaland skrifaði hún bók um Ísland

sem nefndist „Ísafold: ferðabættir frá Íslandi“ þar sem hlýhugur til Íslands sést.

Ómar segist styðja kenningar Jóns Jónssonar jarðfræðings um að Knebel og Rudloff hafi lent fyrir skriðu. „Jón taldi að þeir hefðu verið að sigla meðfram bakkanum og þá hafi hrunið úr bakkanum, jafnvel á þá sjálfa. Eða þá í vatnið og flóðbylgja hafi steypt bátinum. Þeir voru þá einfaldlega óheppnir eða feigir. Árið 2014 féll alveg ofboðslega stór skriða þarna aðeins ofar sem sýnir hvað getur gerst á þessu svæði. Það var eitt allra mesta framhlaup sem hefur mælt hér á Íslandi.“

Er þetta varasamur staður?

„Nei, ekki þar sem ferðamenn ganga. Þar er ekkert varasamt.“

Dauði og þögn

Svæðið hefur verið sveipað dulúð síðan Knebel og Rudloff hurfu og margir fullyrða að þar sé reimt. Ómar orti ljóðið Kóróna landsins um staðinn og þriðja erindið fjallar að hluta um hvarf Þjóðverjanna:


„Beygðir í duftið dauðlegir menn Dómsorði skaparans hlíta. Framliðnar sálir við Öskjuvatn enn sig ekki frá gröf sinni slíta.“

Finnur þú fyrir einhverjum ónotum við Öskjuvatn?

„Nei, ekki nokkrum. En þessi staður er kynngimagnaður og þeim sem eru þar aleinir finnst þeir komnir alveg aftur að sköpun jarðarinnar. Þarna er dauði og þögn, þetta er upplifun sem þú getur hvergi fengið nema þarna. Ég þekki dæmi þess að menn hafi orðið fyrir nokkurs konar vitrun og upplifað sig sem eina í alheiminum. Jafnvel þrælönustu menn fyllast blöndu af ótta og alsælu.“ ■

Þingmúla-annáll 1718

Sótt gekk í landinu, so víða stukkumenn af, og urðu margra hjóna skilnaðir, einkum í Múlasýslu.



Löguðu stellið í Búlgaríu

Í haust greindi DV frá því að Íslendingar leituðu til Ungverjalands til að fá ódýrari tannlækningar. Slíkur tannlækningatúrismi er þó ekki nýr af nálinni því að árið 1989 streymdu Íslendingar til Búlgaríu til að láta laga stellið. Það var ferðaskrifstofan Ferðaval sem sá um skipulagninguna og hver ferð kostaði 63 þúsund krónur. Tannlækna- kostnaðurinn í Búlgaríu var þá aðeins 10 prósent af kostnaði hér á Íslandi. Yfirleitt var fólk að fara í stærri viðgerðir, svo sem að láta setja upp brú eða falskar tennur. Á þessum tíma var Búlgaría enn þá undir jarnhæl Sovétríkjanna en undir árslok féll kommúnisminn í landinu.



Húsvíkingar vildu krókódíla

Vorið 2001 vildu Húsvíkingar ólmir flytja inn krókódíla. Hugmyndin kom upp þegar veitustjóri bæjarins fékk sent ljósrit af grein um krókódílaeldi í Colorado. Myndað hafði verið kælilón rétt utan við Húsvík og töldu Reinhard Reynisson bæjarstjóri og fleiri tilvalið að geyma krókódíla í því. Þá myndu krókódílarinn borða lífrænan úrgang úr kjöt- og fiskvinnslu og yrðu einhvers konar „endurvinnslugæludýr“ sem myndu auk þess laða að ferðamenn. Hugmyndin gekk svo langt að sett var upp umferðarskilti með mynd af krókódíl þar sem stóð „væntanlegir“. Þáverandi landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, eyðilagði hins vegar draum Húsvíkinga og bannað innflutninginn. Sagði hann: „Krókódílar eru stórhættuleg kvikindi sem geta hlaupið á sextíu kílómetra hraða og étið Húsvíkinga.“



ARON SNÝR AFTUR

„Erfítt fyrir kærustuna“

■ Strákurinn frá Alabama fær loks að spila ■ Íhugar að fara til Rússlands

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Lífið er miklu skárra núna en það hefur verið síðustu tvö ár, þetta hefur verið erfitt á köflum en ég hef reynt að vera jákvæður og vonandi heldur þetta svona áfram,” sagði Aron Jóhannsson, framherji Werder Bremen í Þýskalandi og landsliði Bandaríkjanna, þegar DV spjallaði við hann í vikunni.

Þessi öflugur sóknarmaður hefur upplifað erfiða tíma síðustu tvö ár eftir að hann gekk í raðir Werder Bremen. Erfið meiðsli hafa hrjád Aron og þegar hann hefur verið heill heilsu þá hefur hann lítið sem ekkert fengið að spila. Florian Kohfeldt var ráðinn þjálfari Bremen í lok október á síðasta ári

og þá virtist ætla að birta til hjá Aroni, liðið lék æfingaleik um leið og hann tók við og þar spilaði Aron. Óheppnin elti hins vegar Aron áfram og meiddist hann á hné í þeim leik, hann var því frá í rúmar sex vikur áður en hann sneri aftur. Kohfeldt hafði áfram trú á Aroni þegar hann sneri aftur og þegar þýska deildin hófst á nýjan leik í janúar fór Aron að fá tækifæri. Hann hefur síðan tryggt sæti sitt í byrjunarliðinu, skoraði og leggur upp fyrir samherja sína.

„Það er gaman að vera að byrjaður að spila á nýjan leik, það getur reynst erfitt að sitja í sófanum allar helgar þegar liðsfélagarnir eru að keppa. Ég hélt að það væri erfiðast af þessu öllu, að vera meiddur, en komst að því þegar ég var heill heilsu að það er miklu

„Ég mun styðja íslenska liðið, það er ekki nokkur spurning.“

verri tilfinning að vera frískur og æfa alla vikuna en fá svo aldrei að spila. Ég fékk loksins tækifæri um daginn og það hefur gengið með ágætum að nýta það, vonandi heldur það áfram.“

Erfitt fyrir kærustuna þegar hann spilaði ekki
Það getur tekið á andlega fyrir keppnisfólk í íþróttum að fá ekki

að spila og Aron fann fyrir því, hann segir að það hafi einnig verið erfitt fyrir kærustu sína. „Ég er keppnismaður og að fá ekki að spila neitt í svona langan tíma getur verið mjög erfitt, ég get ímyndað mér að það hafi líka verið afar erfitt fyrir kærustuna mína. Ég er ekki sá léttasti í skapinu þegar ég fæ ekki að spila. Það er léttara yfir manni þegar maður veit að minnsta kosti að maður verður í hópnum þegar helgin kemur og enn léttara yfir manni þegar maður fær að spila í hverri viku.“

Líkaminn þarf að venjast aftur
Í tæp tvö ár spilaði Aron nánast ekki neina leiki og líkami hans hefur verið að venjast því að spila leiki í hverri viku. „Ég spilaði ekkert almennilega í næstum því tvö ár

þannig að það er ljóst að það tekur einhvern tíma að vinna upp fullt leikform. Ég hef verið að fá högg og slíkt í leikjum en ég kalla það ekki meiðsli, þegar líkaminn er ekki vanur svona átökum þá tekur það tíma að venjast því að spila á þessari ákefð sem er í þýsku úrvalsdeildinni. Eftir fyrstu þrjá leikina þá voru dagarnir eftir langir, ég var kannski í sex tíma í endurheimt eftir leikina. Ég finn að þetta verður sífellt betra.“


Vildi sanna sig hjá félaginu
Í síðustu félagaskiptagluggum hefur Aron fengið mörg tilboð um að yfirgefa Werder Bremen en honum fannst hann eiga óklárud verk hjá félaginu og vildi því aldrei fara. „Ég gaf aldrei upp vonina hjá félaginu, ég var alltaf að vonast eftir

Ferill Arons

Aron fæddist í Mobile, Alabama, árið 1990 þar sem foreldrar hans voru í námi. Stærstur hluti uppeldis Arons átt sér hins vegar stað á Íslandi og lék hann lengst af með Fjölni, hann var hins vegar eitt ár í Breiðabliki í 3. flokki. Aron fór aftur heim í Grafarvoginn og þar fékk hann sín fyrstu tækifæri í meistaraflokki. Sumarið 2010 fór Aron að vekja áhuga erlendra liða og á endanum samdi hann við AGF þar sem hann lék í þrjú ár, eitt ár í 1. deildinni í Danmörku og síðan tvö góð ár í úrvalsdeildinni.



Sumarið 2015 var komið að því að taka næsta skref á ferlinum. Mörg félög vildu kaupa Aron frá Hollandi og það var að lokum þýska stórlíðið Werder Bremen sem gekk frá kaupum á honum. Fyrir Aron borgaði þýska liðið fimm milljónir evra sem er með því hæsta sem íslenskur leikmaður hefur verið seldur á. Aron byrjaði dvöl sína vel hjá félaginu og allt stefndi í að hann yrði lykilmáður. Þegar veturinn nálgadist meiddist Aron og var lengi frá. Það var svo ekki fyrir undir lok síðasta árs sem fór að birta til aftur. Aron var meira og minna frá í tvö ár.



Í janúar árið 2013 tók Aron sitt næsta skref á ferlinum þegar hann samdi við AZ Alkmaar í Hollandi, þar fékk hann fljótlega stórt hlutverk og sannadi sig sem frábær framherji í fremstu röð. Í 58 deildarleikjum á tveimur og hálfu ári skoraði Aron 29 mörk. Aron varð bikarmeistari með hollenska liðinu árið 2013 en þá var einnig í herbúðum liðsins Jóhann Berg Guðmundsson og náðu þeir vel saman hjá félaginu.

Aron er umdeildur leikmaður á Íslandi eftir þá ákvörðun sína árið 2013 að spila fyrir Bandaríkin frekar en Ísland. Eftir að hafa fæðst í Bandaríkjunum hafði Aron tvöfalt ríkisfang og gat því valið, hann hafði leikið fyrir yngri landsliði Íslands en ekki komist í verkefni A-landsliðsins vegna meiðsla. KSÍ reyndi að fá Aron til að spila fyrir Ísland eftir að ljóst var að Bandaríkin vildu krækja í hann. Mikill áhugi frá Jurgen Klinsmann sem var þá þjálfari Bandaríkjanna varð til þess að Aron valdi Bandaríkin. Hann hefur spilað 19 landsleiki fyrir Bandaríkin og þar á meðal kom hann við sögu á Heimsmeistaramótinu í Brasilíu árið 2014.

Því að fá sénsinn aftur til að sanna fyrir þjálfaranum hér og öllum hjá klúbbnum að ég væri nógu góður. Ég hef vissulega ekki sannað það í þessum fyrstu leikjum, en ef ég held áfram að fá að spila þá er ég vongóður um að það gerist. Eftir að tækifærin urðu fá hérna þá komu tilboð í öllum gluggum í mig en ég átti erfitt með að fara frá Bremen á þessum nótum. Ég hélt alltaf í þá von að ég fengi að sanna mig. Þegar ný æfingavika hófst þá fór ég alltaf bjartsýnn inn í hana og vonaðist eftir tækifæri. Eftir að Kohfeldt tók við þá fann ég að það var trú á mér og það var alveg frá fyrsta degi, það var stærsti munurinn. Hann sagði mér að halda áfram að leggja mig fram og sýna þolinmæði, hann sagði mér að ég myndi fá tækifærið. Markmiðið út þetta tímabilið er að vera fastur í byrjunarliðnu og vera fyrsti maður á blað.

Kröfurnar miklar í klúbbnum

Aron er á sínu þriðja tímabili með Bremen og á sínum þriðja þjálfara. Liðið hefur verið að berjast í neðri hluta deildarinnar og það sætta menn sig ekki við í þessum stóra klúbbi. Nú berst liðið fyrir lífi sínu í deildinni. „Þetta er mjög stór klúbbur og það eru ekki mörg ár síðan liðið var alltaf að berjast um sæti í Meistaradeildinni, þannig að það er alveg augljóst að þegar liðið er að berjast við botninn þá eru menn ekki sáttir. Það er aldrei gaman að vera að berjast á botninum og við viljum koma okkur þaðan sem fyrst. Við erum að spila góðan fótbolta en það hefur vant að þessa örliðu heppni til að klára

stigin þrjú. Ef við höldum áfram að spila svona vel þá er ég viss um að þetta verði allt í góðu.“

Vonast eftir tækifæri í landsliðinu

Það er talsvert síðan Aron lék sinn síðasta landsleik fyrir Bandaríkin en hann á að baki 19 landsleiki og hefur skorað í þeim fjögur mörk. Dave Sarachan stýrir liðinu tímabundið og hann fylgist með framgöngu Arons. „Ef ég held áfram að spila vel og sanna mig aftur hér hjá Bremen þá vonast ég eftir því að vera kallaður inn í landsliðið aftur. Sarachan heyrði í mér um daginn eftir að ég byrjaði að spila, hann sagðist halda áfram að fylgjast með mér og sagðist taka eftir því að ég væri að spila vel. Vonandi styttist í næsta landsleik.“

Íhugar að fara til Rússlands

Bandaríkin komust ekki á Heimsmeistaramótið í Rússlandi og var það stór skandall í Bandaríkjunum. Aron sem fæddist í Alabama en ólst að mestu upp á Íslandi íhugar að fara til Rússlands í sumar og styðja íslenska liðið enda á hann marga góða vini í liðinu. „Við konan höfum rætt það að skella okkur til Rússlands og kíkja á einn leik, það er þó ekki alveg ákveðið. Ég mun styðja íslenska liðið, það er ekki nokkur spurning. Ég hef ekki ákveðið hvaða nafni ég skelli aftan á búninginn, það verður Finnbogason (Alfred) eða Guðmundsson (Jóhann Berg). Ég þarf að sjá hvor þeirra býður betur,“ sagði þessi geðþekki drengur að lokum. ■

RÚSSLAND 2018 - HM Á FERJU -

15.-27. júní 2018

Fyrirtækið Bjarmaland ferðaskrifstofa hefur tekið að sér sölu á siglingum til keppnisborga Íslands á HM í knattspyrnu sem haldin verður í Rússlandi í júní og júlí næsta sumar. Einnig selur liðið hótलगistingu á stöðunum.

Bjarmaland hefur öll tilskilin leyfir fyrir þessari sölu frá Samgöngustofu en til að tryggja sér ferð þarf að greiða 100.000 króna staðfestingargjald. Ef ekki verður af ferðinni verður allt endurgreitt. Til að tryggja sér káetur á efri þilförum er hægt að greiða ferðina upp í topp fyrirfram.

Hægt er að framselja káetupláss til annars aðila, þ.e. nafnabreyting í skipið er leyfð.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni bjarmaland.is



Bjarmaland
ferðaskrifstofa

SAKAMÁL



8 fangaverðir og fimm fangar lágu í valnum í kjölfar uppbots í ríkisfangelsi Colorado í Canon City í Bandaríkjunum í október 1929. Forsprakki fanganna, Danny Daniels, hótaði að myrða fangaverðina ef honum og fjórum félögum hans yrði ekki sleppt lausum. Ekki var gengið að kröfum hans og hann stóð við orð sín og banaði einnig fjórum félögum sínum og framdi að lokum sjálfsvíg.



Við heimili Annie Wiseman
Lögreglan hafði ekki úr miklu að
móða við rannsókn málsins.

Sóttarinn seki

■ Örfá hár felldu morðingja Annie og Phyllis ■ Mjólkurreikningur kom lögreglu á sporið

Að morgni sunnudagsins 13. nóvember, 1938, bankaði frú Rowland Barrett upp á hjá vinkonu sinni, Annie Wiseman, við Salisbury-stræti í Glenroy í Melbourne í Ástralíu. Hugðist frú Barrett, eins og oft áður, verða Wiseman og 17 ára frænku hennar, Phyllis, samferða til messu.

Barrett brá í brún

Enginn kom til dyra og það fannst Barrett undarlegt. Vegna þess að Barrett og Wiseman voru góðar vinkonur hafði sú fyrrnefnda lykil að heimili Wiseman í fórum sínum. Hún hleypti sjálfri sér inn og leist ekki á blikuna því heimilinu hafði verið umturnað.

Wiseman og frænka hennar lágu liðin lík á gólfinu og höfðu báðar verið kyrktar.

Líkið af Phyllis var í svefnherbergi baka til. Náttkjóll hennar hafði verið dreginn upp og henni verið nauðgað. Líkið af

” Hrottaskapur morðingjans hafði verið þvílíkur að smámynt sem hafði verið á gólfteppinu hafði þrykkst inn í úlnið Annie. Segir sagan að þurft hafi hníf til að losa myntina.

Annie Wiseman var í hennar eigin svefnherbergi og var höfuðið í blóðpolli. Hún var í náttfötum og náttslöpp og lá rétt við rúmið. Hrottaskapur morðingjans hafði verið þvílíkur að smámynt sem hafði verið á gólfteppinu hafði þrykkst inn í úlnið Annie. Segir sagan að þurft hafi hníf til að losa myntina.

Mjólkurreikningur og sótt

Það kom til kasta rannsakanda að nafni Charles Taylor að skoða

vettvang glæpsins. Upp úr krafsinu hafði Taylor meðal annars reikning vegna mjólkur, smámynt og leifar af sóti.

Lögreglan fór á stúfana, kíkti í mjólkurbúðir í nágrenninu og leitaði upplýsinga. Afraksturinn var nöfn fjölmargra viðskiptavina og fór lögreglan hús úr húsi.

Það hljóp á snærið hjá lögreglunni þegar kona ein kannaðist við eigin rithönd á mjólkurreikningnum. Sagði hún að til hennar hefði komið maður



Charles Taylor rannsakandi.

7. nóvember og spurt hvort hún vildi láta hreinsa reyksháfinn. Hún hafði afþakkað boðið en skrifað nöfn mögulegra viðskiptavina á reikninginn.

Þessar upplýsingar leiddu lög-

regluna til 38 ára sóttara nokkurs, George Green.

Hárin skiptu höfuðmáli

Green sagðist enga vitneskju hafa um morðin og sagðist hafa látið kollega sína hafa mjólkurreikninginn með nöfnunum. Lögreglan lagði ekki trúnað á útskýringar Green. Þvert á móti taldi hún ljóst að Green væri sá seki, en skorti þó sannanir til að byggja á.

Charles Taylor hófst nú handa enda ekki á þeim buxunum að láta sóttarann sleppa.

Hár sem fannst við hliðina á líkinu af Wiseman var borið saman við hár sem fannst á heimili Green. Einnig fundust, eftir ítarlega leit, þrjú hvít hár á heimili hans og fékkst síðar staðfest að þau voru af Wiseman. Réttáð var yfir Green og þegar upp var staðið tók það réttinn aðeins sex klukkustundir að úrskurða hann sekan.

George Green var hengdur 17. apríl 1939. ■

40 ára píparjómfrú, Christina Edmund að nafni, varð heltekin af lækni sínum, Charles Beard. Christina, sem reyndar fullyrti að hún væri rétt skriðin yfir þrítugt, sendi læknum eldheit ástarbréf og lét sig dreyma um að hann yfirgæfi eiginkonu sína. Þegar það gerðist ekki sendi hún eiginkonu Beard eittraða konfektmola. Eiginkonan lifði af en fjögurra ára gutti dó úr eitrun. Christina fékk lífstíðardóm.



HAGGLARI HENGING &

■ Áform Henryks og Alice fóru ekki saman ■ Síðasta hengingin í London

Pað var ófögur sjón sem mætti mjólkurpóstinum í Aldington í Kent á Englandi árla morguns 13. maí 1961. Þegar hann kom að heimili Alice Buxton við Frith-veg nánast hnaut hann um einhvern sem lá á veröndinni. Þegar mjólkurpósturinn laut niður að manneskjunni sá hann að þar var engin önnur en Alice Buxton sjálf, eða líkið af henni, íklædd náttfötum og slopp.

Hlaup en ekkert skefti

Við líkið af Alice lá alblóðugt hlaup af tvíhleyptri haglabyssu og fór það ekki fram hjá lögreglunni þegar hún kom á vettvang. Skeftið var hvergi sjáanlegt.

Á flísalögðu gólfi uppþotta-herbergis inn af eldhúsinu lá

líkið af Hubert, eiginmanni Alice. Hann hafði verið skotinn til bana.

Undirritað ástarbréf

Var nú leitað dyrum og dyngjum á heimili hjónanna í von um að þar myndist eitthvað sem varpað gæti ljósi á atburði næturinnar. Á meðal þess sem fannst var rifrildi af bréfi sem hafði verið sent Alice, reyndar á eitthvert belgískt heimilisfang.

Greinilega var um ástarbréf að ræða og það var undirritað af „Henryk“. Bréfið hafði verið skrifað 8. maí og áframsent frá Belgíu til Kent.

Ljós bíll

Nágranni Buxton-hjónanna hafði séð ljósan bíl sem hafði verið lagt rétt við húsið um klukkan korter yfir níu kvöldið áður.

„**Á flísalögðu gólfi uppþotta-herbergis inn af eldhúsinu lá líkið af Hubert, eiginmanni Alice.**

Enn fremur uppgötvaði lögreglan að ein vinkvenna Alice hét Grypa Niemasz. Eiginmaður Grypu átti ljósan bíl og eiginmaðurinn hét ... Henryk.

Sem betur fer fyrir Henryk og því miður fyrir lögregluna hafði Henryk skothelda fjarvistarsönnun: Hann hafði verið uppi í

rúmi hjá eiginkonu sinni. Þetta staðfesti Grypa aðspurð.

Skeftið finnst

En lögreglan vildi ekki játa sig sigraða og fór heim til Niemasz-hjónanna nokkrum dögum síðar. Í smáhýsi baka til fannst brotið skefti af haglabyssu og Henryk var handtekinn með það sama.

Skeftið tilheyrði greinilega hlaupinu sem hafði fundist við líkið af Alice og á því voru fingraför Henryks. Alblóðugar buxur af Henryk fundust einnig og þegar þar var komið sögu sá Grypa sitt óvænna og viðurkenndi að hún hefði logið til um fjarvistarsönnun eiginmanns síns.

Óraunhæf áform Alice

Henryk upplýsti lögregluna um

að hann og Alice hefðu verið elskendur. Hún hefði heimitað að þau hlypust á brott saman, en Henryk hefði aldrei ætlað sér að fara frá Grypu.

Hvað morðin áhrærdi sagði Henryk að hann hefði hitt mann, George að nafni, á ónefndri krá. George hefði samþykkt að myrða Alice og Hubert fyrir lítil 60 sterlingspund.

Síðasta hengingin

Merkilegt nokk þá lagði kvíðdómur ekki trúnað á þá frásögn Henryks og hann var dæmdur til dauða. Föstudaginn 8. september, 1961, naut Henryks þess vafasama heiðurs að verða síðasti maðurinn sem var hengdur í London. Það var gert í Wandsworth-fangelsinu. ■



MADUR ATTI AD FA SER „ALVÖRU“ VINNU

Næturvaktin, Dagvaktin, Fangavaktin, Gullregn, Risaeðlurnar, Óskasteinar, Bjarnfreðarson, Fíaskó, Fangar. Sem betur fer fann **Ragnar Bragason** sína fjöl í lífinu þrátt fyrir að hafa aldrei kunnað við sig í skóla enda hefur þessi afkastamikli leikstjóri glatt Íslendinga með sögum sínum og verkum í tæp tuttugu ár.

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
margret@dv.is



Blaðamaður hitti Ragnar í kaffi á Kjarvalsstöðum á heldur regnvotum degi í vikunni sem leið. Þrátt fyrir þungbúinn himin var leikstjórinn kampakátur enda ferillinn í miklum blóma. Fangar fengu

fjórtán tilnefningar til Eddu sem er einsdæmi fyrir sjónvarpsseríu, Risaeðlurnar ganga enn fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu og um morguninn bárust honum fréttir þess efnis að kvikmyndasjóður ætli að styrkja kvikmynd byggða á leikriti hans Gullregni, allt í toppstandi!

Heillaðist af Wild at Heart og Sódómu Reykjavík

Fyrsta reynsla Ragnars af kvikmyndagerð var hálf tilviljanakennd. Hann var tvítugur og býsnaðist við að klára stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum í Ármúla sem gekk ekki sérlega vel. Þar mætti til leiks Anna nokkur Magnúsdóttir en sú starfar í dag sem kvikmynda-



MYND EINAR RAGNAR

”Mér leið aldrei vel í skóla

framleiðandi í Svíþjóð. Anna kenndi stuttan valáfanga við kvikmyndagerð í skólanum og þar fann Ragnar köllun sína þar sem hann leikstýrði og skrifaði handritið að sinni fyrstu stuttmynd.

„Ég hafði ekkert vit á kvikmyndagerð þegar ég skráði mig í þennan áfanga hjá Önnu. Jú, ég horfði á bíómyndir eins og aðrir, en

fram að þessu hafði ég ekki ímynd að mér að kvikmyndagerð væri eitthvað sem maður gæti raunverulega starfað við,“ rifjar hann upp og bætir við að um svipað leyti hafi myndirnar Sódóma Reykjavík og Wild at Heart haft mikil áhrif á þá ákvörðun hans að vilja starfa á þessum vettvangi. Þær voru báðar gerðar af Íslendingum, – Sódómu

Reykjavík var leikstýrt af Óskari Jónassyni, sem þá hafði nýlokið kvikmyndagerðarnámi í Englandi, og Sigurjón Sighvatsson framleiddi Wild at Heart hvar hinn eftirminnilegi ofurtöfari Nicolas Cage fór með hlutverk Sailors Ripley í snákaskinnsjakkanum fræga.

„Ég fór fimm sinnum í bíó til að sjá hana enda breytti hún einhverju

”Eitt árið hafði utanríkisþjónustan þrettán milljarða til ráðstöfunar og þar af fóru tuttugu milljónir í að kynna menningu og listir þjóðarinnar. Tuttugu milljónir?“

hjá mér og það sama gildi um Sódómu. Með þessum myndum fannst mér íslensk kvikmyndagerð taka stefnubreytingu enda höfðuðu þær báðar til yngri kynslóða og áttu þannig erindi við mig. Ég tengdi við þær og Óskar og Sigurjón urðu að einhvers konar fyrirmyndum sem gáfu mér von um að kvikmyndaleikstjórn væri eitthvað sem maður gæti raunverulega lagt fyrir sig.“


Fjölbreyttar fyrirmyndir og kerfin sem henta ekki öllum

Ragnar leit dagsins ljós þann 15. september árið 1969. Hann sleit barnskónum vestur á Súðavík og er elstur þriggja bræðra. Fjölskyldan flutti í Mosó þegar Ragnar var ellefu ára og þar kláraði hann grunnskóla. Eftir það lá leiðin í Verslunarskólann í tvö ár en Ragnar fann sig ekki í því námi og skráði sig í Fjölbrotaskólann í Ármúla þaðan sem hann lauk stúdentsprófi. Hann þakkar það góðvild kennara sinna að hann fékk að ljúka stúdentsprófinu því öflugur námsmaður hafi hann aldrei verið.

„Mér leið aldrei vel í skóla og það er í raun ástæða þess að ég fór ekki í framhaldsnám við kvikmyndagerð. Ég átti alltaf mjög erfitt með að sitja og gera eitthvað sem ég hafði engan áhuga á. Bókfærsla, danska og stærðfræði ... og eitthvað þess háttar. Mér fannst þetta algjör tímasóun. Ég beit það hins vegar í mig að ég þyrfti að klára stúdentsprófið og þakka það góðmennsku kennara minna að það tókst því ég náði ekki öllum prófunum. Oft átta kennarar sig vel á því hvað hentar krökkum en fá ekki endilega að gera eitthvað í því þar sem kennarar þurfa að starfa samkvæmt ríkjandi hefðum í menntakerfi sem hentar alls ekki öllum. Fæst börn sækja í það að sitja kyrr í fimmtíu mínútur og læra stærðfræði. Það eru frekar undantekningar.“

Fjölbreyttar fyrirmyndir eru visst hugðarefni leikstjórans en sjálfur ólst hann upp á hefðbundnu íslensku sjómannsheimili og átti enga ættingja sem störfuðu við listsköpun. Umhverfið í Súðavík var einnig fremur menningarsnautt og ekki mikil hvatning þar. Tíu ára gamlar bíómyndir voru sýndar í Félagsheimilinu tvisvar í viku en tónleikar, leiksyningar og þess háttar uppkomur voru öllu sjaldgæfari.

„Það voru engir listamenn í minni fjölskyldu þegar ég var að alast upp og þannig átti ég engar slíkar fyrirmyndir. Afí minn Ragnar var reyndar mjög listhneigður en hann lést þegar ég var um átta ára. Sá fæddist upp úr þar síðustu



FÓR FIMM SINNUM Á WILD AT HEART Wild at Heart og Sódóma Reykjavík höfðu mikil áhrif á Ragnar sem ákvað að gerast leikstjóri eftir að hafa hrifist af þessum myndum.

aldamótum. Átti fjölda barna og starfaði sem útvegsbóndi en var öflugur í leikfélögum á öllum þorablótum þar sem hann bæði leikstýrði og lék. Svo gaf hann út tvær eða þrjár ljóðabækur en auðvitað var þetta alltaf bara hobbí hjá honum. Ef þessi maður hefði fæðst sjötíu árum síðar er ekki ólíklegt að hann hefði bara orðið leikari eða rithöfundur en gamla Ísland var ekki mjög opið fyrir slíku. Listamenn? Það var bara mjög skritið fólk, Kjarval og einhverjir sérvitringar sem ráfuðu um með penslana sína. „Bókvitið verður ekki í askana látið.“ Það var alltaf viðhorfið. Maður átti að fá sér „alvöru“ vinnu.“

Beinir kastaranum að misbrestum í samfélaginu

Í dag eru eflaust mjög margir sem fagna því að Ragnar fékk sér aldrei „alvöru“ vinnu heldur lagði leikstjórnina fyrir sig. Vaktaserían og myndirnar Börn og Foreldrar slógu rækilega í gegn á sínum tíma og það sama gildir um Fanga sem hefur slegið öll met með fjórtán tilnefningum til Edduverðlaunanna eins og áður kom fram.

Með verkum sínum hefur Ragnar gjarna leitast við að segja sögur nútíma Íslendinga sem eru svoltið utangarðs enda þykir honum mikilvægt að fjölbreyttar raddir fái að heyrast. Þannig gefist fleira fólki jafnframt tækifæri til að endurspegla sjálf sig í listinni og það sé helsti tilgangur hennar. Hvort fólk nær að upplifa þessa tengingu í gegnum tónlist, bókmenntir eða kvikmyndir gildi einu. Aðal tilgangurinn sé þessi tilfinningalega huggun, skilningur og jafnvel gleði sem felst í því að mynda sterka tengingu við listir og sjá sjálfa/n sig endurspeglast í þeim.

„Hvað er list? Í flestum

„Íslensk kvikmyndagerð er ekki lengur eitthvert sumarhobbí fyrir grunnskólakennara heldur öflug atvinnugrein sem hægt er að hafa lifibrauð sitt af.

tilvikum endurspeglar hún samfélagið og listamaðurinn hefur þann tilgang að beina kastaranum að misbrestum eða því sem er í ólagi í kerfinu hjá okkur. Gagnrýna og hrista upp í hlutunum. Með Fanga ... af hverju endar fólk í fangelsi? Hvar eru brestirnir í samfélaginu? Hvar byrjar þetta? Jú, auðvitað í uppeldinu og æskunni. Ef þér líður eins og þú sért ein og utangátta að burðast með einhverja sektarkennd til dæmis, en nærð svo að spegla þig í sjónvarpsþáttum, kvikmynd, tónlist eða bara ljósmyndun þá er tilgangi listarinnar náð. Þetta með að bókvitið verði ekki í askana látið og af hverju færðu þér ekki alvöru vinnu ... allt þetta rugl og þessi árlega gagnrýni á listamannalaunin, þetta lið ... og eitthvað svona. Ég verð svo sorgmæddur yfir þessu. Það er eins og allt of margir átti sig ekki á því að ef við nærumst ekki andlega í gegnum okkar eigin menningu þá sækjum við bara í eitthvað annað. Það er eins og allt of margir sjái ekki ennþá tenginguna á milli lista og eigin lífs,“ segir hann og bætir við að þau sem stóðu að Föngum hafi fengið mögnuð viðbrögð frá alls konar fólki sem hefur séð þættina og upplifað sterkar tilfinningar við það:

„Bara síðast í gær fékk ég tölvupóst frá konu sem hafði horft á þættina með ættingja sínum og eitthvað óþægilegt, sem hafði verið þaggað niður í áratugi flaut upp á yfirborðið með tilheyrandi hreinsun. Þetta er það sem skiptir listamenn máli. Að tíminn, ástin og alúðin sem maður leggur í verkin skili sér í svona áhrifum og viðbrögðum. Að það sem maður gerir hafi góð og uppbyggileg áhrif á líf annarra.“

Kom á óvart hversu auðvelt reyndist að fjármagna gerð Fanga

Þegar Ragnar lítur um öxl og rifjar upp fyrstu ár sín í bransanum segir hann þau hafa verið óttalegt basl. Frá 1992 til 1999 gerði hann aðallega tónlistarmyndbönd og auglýsingar og gaf stundum vinnuna sína enda leit hann svo á að hann þyrfti að ná sér í reynslu. Þegar skuldirnar urðu of háar skellti hann sér í einn eða tvo túra á frystitögara og hélt svo áfram að gera bíó. Árið 1999 frumsýndi hann sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd en hann skrifaði bæði handritið og leikstýrði. Myndin, sem heitir Fíaskó, fjallar um ástalíf þriggja kynslóða eina vetrarnótt í Reykjavík og Ragnar segist hafa verið í sjö ár að gera þennan draum að veruleika enda ekkert grín fyrir ungan, ómenntaðan leikstjóra að ráðast í að gera mynd í fullri lengd. Uppgangur í íslenski kvikmyndagerð var rétt að byrja en þrátt fyrir það var lítið um nauðsynlegan stuðning enda framkvæmdin kostnaðarsöm og þá sérstaklega fyrir tíma stafrænu tækninnar. „Einu sinni á ári var úthlutað úr Kvikmyndasjóði í eitt eða tvö verkefni en í dag er þetta allt annað líf og unga fólk þarf ekki að basla eins mikið í þessu og fyrri kynslóðir. Það er mikið framleitt af inn-



lendu efni og sífellt fleiri sem starfa í greininni, bæði konur og karlar, sem gerir fyrirmyndirnar fleiri og öflugri. Íslensk kvikmyndagerð er ekki lengur eitthvert sumarhobbí fyrir grunnskólakennara heldur öflug atvinnugrein sem hægt er að hafa lifibrauð sitt af.“ Ragnar segist finna mikið fyrir aukinni eftirspurn eftir sjónvarpsfni og kvikmyndum frá Norðurlöndum. Þegar þau fóru af stað með Fanga hafi þau verið svolítið efins um að dæmið myndi ganga upp enda var þetta ekki glæpasería í hinum geysivinsæla „nordic noir“ stíl heldur drama um konur í fangelsi á Íslandi.

„Kynbundið ofbeldi og þess háttar. Maður reiknaði ekki með að það yrði auðvelt að fjármagna þetta en svo kom á daginn að það var gríðarlegur áhugi fyrir þessu. Í fyrsta lagi var gerð krafa um hið kvenlæga, að segja sögur kvenna, og svo hefur norrænt sjónvarpsfni átt gríðarlegum vinsældum að fagna upp á síðkastið. Það er eftirspurn eftir þessu um allan heim. Ef



ALLT Í RUGLI HJÁ RISAEÐLUNUM Ragnar: „Risaeðlurnar spruttu upp úr því að fyrir allmörgum árum var mér boðið til hádegisverðar í óneft sendiráð og mér fannst þessi heimur alveg stórmerkilegur. Þetta var eins og að vera færður nokkra áratugi aftur í tímann og upp úr heimsókninni fóru af stað miklar vangaveltur hjá mér um öll þessi karllægu kerfi og hvernig þeim er viðhaldið.“

maður er með gott handrit og gott lið með sér þá er allt hægt.“

Leiknir íslenskir sjónvarpsþættir eru orðnir alþjóðleg söluvara

Talandi um breytingar og nýja

tækni. Nú er hægt að horfa á Fanga á Netflix og sem nær til umtalsvert stærri áhorfendahóps enda flest heimili á Vesturlöndum með áskrift að þessari efnisveitu. Þetta hlýtur að opna á fleiri tækifæri enda

útvíkkaðar kvíar ef svo þjóðlega mætti að orði komast?

„Svo sannarlega. Leiknar íslenskar þáttaraðir voru ekki alþjóðleg söluvara þegar ég var að byrja á þessu fyrir fimmtán árum. Það kom kannski ein á tíu ára fresti og ég held að ég sé að fara með rétt mál þegar ég segi að Næturvaktin hafi verið fyrsta íslenska þáttaröðin sem var seld til BBC. Þegar við réðumst í að gera Fanga þá forseldum við þættina meðan þeir voru enn á handritastigi. Allar norrænu sjónvarpsstöðvarnar keyptu sýningarréttinn sem og pólska sjónvarpið og Netflix fyrir Norðurlönd. Nýlega lönduðum við svo dreifingarsamningi við AMC, sem framleiddi meðal annars Mad Men og fleiri góða þætti. Þau ætla að dreifa Föngum í enskumælandi löndum; Bretlandi, Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Ástralíu og nú þegar hafa þættirnir verið sýndir á spænsku Sundance-stöðvunum. Ófærð og Réttur fengu líka mjög góða dreifingu og allt hefur



FJÓRTÁN TILNEFNINGAR TIL EDDUVERÐLAUNA Fangar hafa nú hlotið fjórtán tilnefningar til Edduverðlauna sem er einsdæmi í sögu hátíðarinnar. Það kom Ragnar á óvart hversu auðvelt reyndist að fjármagna gerð þáttanna en hann segir mikla alþjóðlega eftirspurn eftir sögum sem byggja á reynsluheimi kvenna á Norðurlöndum.

verkinu og hinn einhver embættismaður. Báðir karlar auðvitað, á áttæðisaldri,“ segir Ragnar, glottir og hristir höfuðið.

„Við sjáum enn ummerki um alls konar úrelt kerfi og gildi sem feðraveldið reynir af veikum mætti að viðhalda meðan það engist um í dauðateygjunum. Dauðateygjurnar munu samt vara eitthvað áfram enda er feðraveldið meðal annars byggt á aldagömlum grunni sem nær langt aftur í tímann og þá á ég til dæmis við trúarbrögðin sem stærstur hluti þjóðarinnar aðhyllist ennþá. Guð er karl, frelsarinn er sonur, presturinn er karl ... Skaparinn er kallaður „hann“ – karlar um karla frá körlum til karla. Og af hverju? Jú, af því Biblían var upprunalega skrifuð af karlklíku, einhverjum embættismönnum sem settust niður með þennan texta og suðu saman strúktúr af sögum sem hentuðu kerfinu enda trúarbrögð ekkert annað en valda- og stjórnæði.“

„Satt að segja fyllist ég bjartsýni þegar ég hugsa um framtíðina“

Þrátt fyrir að feðraveldið hafi enn ekki alveg geispað golunni segist Ragnar mjög bjartsýnn á framtíðina. Hann vill meina að nú sé öld konunnar runnin upp og að eftir um hundrað ár muni heimurinn verða orðinn mikið betri. Þar eigi tækni framfarir meðal annars stóran hlut að máli enda megi rekja jákvæðar samfélagsbreytingar og uppstokkun á vöndum kerfum til byltinga sem hafa byrjað á netinu.

„Á um hundrað ára fresti fáum við ný tæki til byltinga og það hefur sýnt sig að samfélagsmiðlarnir eru slíkt tæki. Þar fá nefnilega alls konar raddir hljómgrunn og í kjölfarið höfum við fengið vitundarvakningar á borð við MeToo og fleiri byltingar. Prentmiðlar voru líka byltingartæki á sínum tíma og það sama gilti um sjónvarpið en það höfðu ekki allir aðgang að þeim miðlum. Sumum finnst hávaðinn á netinu ansi mikill og kannski er erfitt fyrir eldra fólk að ná utan um þetta en ég held að mannkynið muni bara þróast með samfélagsmiðlum og netinu eins og annarri tækni. Krakkar í dag geta til dæmis horft á sjónvarpið, spilað tölvuleik og spjallað á sama tíma. Finnst það ekkert mál. Þau eru bara alin upp í öðruvísi umhverfi og og satt að segja fyllist ég bjartsýni þegar ég hugsa um framtíðina. Ég þarf ekki annað en að tala við börnin mín og vini þeirra til að sjá að þau mikið meðvitaðari, fordómalausari og upplýstari en fyrri kynslóðir Íslendinga. Það eru góðir tímar framundan,“ segir þessi kraftmikli listamaður að lokum. **B**

þetta góð áhrif á verkefnastöðu framtíðarinnar.“

Ragnar segir tækni framfarirnar ekki bara hafa haft góð áhrif þegar kemur að netinu og dreifingu á efni. Sjónvarpstækin á heimilum almennings eigi meira skylt við breiðtjöld kvikmyndahúsanna. Sumir með allt að 100 tommu tæki inni í stofu og allt í háskerpu upplausn. „Þetta er ekki eins og þegar maður sjálfur var að alast upp með nefið ofan í tuttugu tommu svarthvítum túbuskjá,“ segir hann og hlær.

„Neysluvenjur okkar eru að breytast og sjónvarpsefni verður sífellt vinsælla sem afþreying. Fólk er með símana sína og spjaldtölvur að horfa á sjónvarpsþætti og finnst ekkert tiltökumál að horfa kannski á fimm þætti á einum degi í jafn marga klukkutíma. Ef maður myndi stinga upp á að horfa á fimm tíma bíómynd yrði hins vegar ekki tekið sérstaklega vel í það held ég,“ segir hann og skellir upp úr.

„Netflix og aðrar efnisveitur

hafa gert það að verkum að góðir handritshöfundar sækja meira í að skrifa efni fyrir sjónvarp. Hér áður var oft litið á sjónvarpsefni sem óæðra form en kvikmyndir en þetta er breytt í dag eins og sést til dæmis á þessum tilnefningum Fanga til Edduverðlaunanna á sunnudaginn. Ekkert verk hefur fengið svona margar tilnefningar hingað til og fyrir okkur er þetta mikill heiður.“

Feðraveldið, karlklíkur og úreltu kerfin þeirra sem engjast um í dauðateygjum

Leikstjórinn hefur ekki bara skrifað handrit fyrir sjónvarp og kvikmyndir heldur einnig leikhús. Gullregn var sett upp í Borgarleikhúsinu árið 2012, Óskasteinar árið 2014 og Risaeðlurnar hafa gengið fyrir fullum sal í Þjóðleikhúsinu síðasta leikárið. Þar segir frá sendiherrahjónum í Bandaríkjunum sem bjóða ungri listakonu og unnusta hennar til hádegisverðar. Hjónin, sem eru fremur uppskrúfuð, bjóða upp á íslenskan mat og vel af áfengi

og svo fer hádegisverðurinn auðvitað alveg úr böndunum, svona eins og gengur og gerist í leikritum.

„Risaeðlurnar spruttu upp úr því að fyrir allmörgum árum var mér var boðið til hádegisverðar í ónefnt sendiráð og mér fannst þessi heimur alveg stórmerkilegur. Þetta var eins og að vera færður nokkra áratugi aftur í tímann og upp úr heimsókninni fóru af stað miklar vangaveltur hjá mér um öll þessi karllægu kerfi og hvernig þeim er viðhaldið. Íslensk utanríkisþjónusta var auðvitað bara smíðuð í kringum hagsmunum einhvers karlklíkum og það sama má segja um mörg önnur sambærileg kerfi hvort sem eru stjórnkerfi, menntakerfi eða önnur. Svo er þessum kerfum viðhaldið af því að ákveðið fólk, hingað til fámennur karlahópur, hefur haft sitt lífbrauð af þeim,“ útskýrir hann og nefnir í þessu samhengi fjármunina sem er varið til kynningar á íslensku lambakjöti ár hvert en þá segir hann óheyrilega og eflaust hægt að gera margar

bíómyndir fyrir sömu upphæðir.

„Eitt árið hafði utanríkisþjónustan þrettán milljarða til ráðstöfunar og þar af fóru tuttugu milljónir í að kynna menningu og listir þjóðarinnar. Tuttugu milljónir? Maður spyr sig hvað á að gera við þessa peninga ef ekki koma menningu þjóðarinnar á framfæri? Svo fer maður að pæla meira í þessu og niðurstaðan er auðvitað sú að þeir sem skapa og viðhalda þessum kerfum eru þeir sem eru með peningana og þar með völdin. „Skagfirðingarnir“ – stórbændurnir og útvegsmennirnir. Embættismenn eins og sendiherrar eru afsprengi viðskiptahagsmuna sem hefur verið stjórnað af einhverjum karlklíkum áratugum saman,“ segir hann og bætir við að eftir frumsýningu Risaeðlanna hafi tveir einstaklingar haft fyrir því að skrifa langar og harðorðar greinar í Morgunblaðið þar sem þeir kvörtuðu undan verkinu og þótti illa vegið að heiðri utanríkisþjónustunnar.

„Annar var auðvitað fyrrverandi sendiherra sem hafði bara frétt af

MYND ENNAR RAGNAR

NETFLIX „Mundu bara að hafa nóg af tissjú“



Tinna Eik Rakelardóttir fjallar um nýju *Queer Eye for the Straight Guy*

Þegar ég var sextán ára var ég alvarlega háð Skjá Einum (næturhrafnar voru mitt heróín) og einn af þáttunum sem ég horfði ALLTAF á var *Queer Eye for the Straight Guy*.

Á þeim tíma og, verum hrein-skilin, enn í dag, þráði fátt heitar en að „The Fab Five“ yrðu bestu vinir mínir og myndu leiðbeina mér í gegnum lífið, enda var ég alveg einstaklega ósmart; átti skærbleikt, tuskumálað herbergi og var með dökkbrúnar og hvítar randastrípur í hárinu.

Ráðleggingar vinanna höfðu mikil áhrif á mig. Svo mikil að ég fylgi þeim enn og var alveg

smávegis sorgmædd þegar þættirnir voru teknir af dagskrá. Ég tók gleði mína loksins aftur tíu árum síðar, þegar Netflix tilkynnti að fólk þar á bæ ætlaði að endurnýja seríuna með fimm nýjum strákum. Trúin á nýju þáttaröðinni var ekki mikil en það kviknaði samt strax einhver vonarneisti innra með mér.

Fyrir þau sem horfðu aldrei á upprunalegu þættina þá er kannski rétt að geta þess að *Queer Eye for the Straight Guy* eru raunveruleikþættir sem stjórnað er af fimm

hommum. Í nýju seríunni eru það þeir Jonathan, sem sér um hár og húð, Tan, sem sér um fatnaðinn, Bobby, sem sér um innanhúss-hönnun, Antoni, sem sér um mat, og Karamo, sem sér um

menningu og innri yfirhalningu.

Í hverjum þætti er einn karlmaður tekinn fyrir og íbúð, útlit og líf hans er gert upp á bæði myndinn og hjartnæman hátt (hjartnæmt

SAMKYNHNEIGÐIR ÞJATTKARLAR KOMA GAGN-KYNHNEIGÐUM BRÆÐRUM TIL AÐSTOÐAR Þættirnir voru sýndir á Skjá Einum frá 2003 til 2007 og voru gríðarlega vinsælar.



„Ég horgrenja yfir um það bil öðrum hverjum þætti.“

lesist: ég horgrenja yfir um það bil öðrum hverjum þætti).

Fyrsti þátturinn í nýju seríunni vann mig alveg á band hinna nýju frábæru fimm eða „fab five“ og það var að stóru leyti viðfangi fyrsta þáttarins að þakka. Hinn allt of krúttlegi Tom er bara of mikið æði og fær alla til að brynna músunum. Sáttina má líka þakka því sem Tan, tískugúru þáttanna, segir alveg í byrjun: „Upprunalegi þátturinn barðist fyrir umburðarlyndi meðan okkar barátta snýst um samþykki.“ Þessi setning gefur góðan grunn að því hvernig þessi þáttaröð er frábrugðin hinni

upprunalegu. Þótt Tom muni alltaf eiga hjarta mitt þá héldu hinir nýju þættirnir vel dampi og varð ég sjálf alveg sérstaklega skotin í Neal og AJ.

Í þessari seríu eru allir karlmennirnir sem teknir eru fyrir frá fylkinu Georgíu í Bandaríkjunum,

þar sem hómófóbía og kynþáttafordómar eru miklir. Þeir eru flestir hvítir og gagnkyhneigðir og það verður til þess að fordómar eru undirliggjandi umræðuefni í öllum þáttunum í nýju seríunni. Það sem nýju þættirnir hafa líka fram yfir gömlu þættina er að tekið er mun meira tillit til persónu, áhugamála og smekks hvers og eins karlmanns sem tekinn er fyrir, svo fjölbreytnin er mikil.

Þó að gömlu *Queer Eye* muni alltaf lifa í fortíðarljóma hjá mér, og Carson Kressley verði alltaf mín eina sanna ást, þá verð ég að segja að nýju þættirnir gerðu meira en að standast væntingar mínar og ég mæli heilshugar með þeim fyrir alla sem hafa gaman af raunveruleikasjónvarpi, hönnun, tísku, lífsstíl, matargerð og góðri stemningu. Mundu bara að hafa nóg af tissjú við höndina áður en þú byrjar að horfa!

Af fimm stjörnum þá fá nýju þættirnir Queer Eye for the Straight Guy 4½ stjörnu frá mér.

Afmælisbörn vikunnar



75
ára

ÁRNI JOHNSEN

Fæddur: 1. mars 1943 Starf: Söngvari og fyrrverandi stjórnmálamaður



44
ára

NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR

Fædd: 25. febrúar 1974 Starf: Leikkona



46
ára

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Fæddur: 26. febrúar 1972 Starf: Fjölmiðlamaður



45
ára

ÖRN ÚLFAR SÆVARSSON

Fæddur: 28. febrúar 1973
Starf: Spyrill og textamaður

„VEL MÆLT“



„Konan er negri heimsins.“

- Yoko Ono





GÓLFHITA 
 **LAGNIR EHF**

Fullkominn gólfhiti með litlum fyrirvara

GÓLFHITALAGNIR EHF.

Bað færast sífellt í vöxt að gólfhiti sé valinn sem kyndingarkostur í húsum og flest ný hús eru með gólfhita. Einnig er algengt að skipt sé yfir í gólfhita þegar húsnæði er gert upp og jafnvel bara þegar skipt er um gólfefni. Kostir gólfhitakyndingar eru margir, til dæmis sá að þá losna húsnæðiseigendur við ofna af veggjunum. Fyrirtækið Gólfhitalagnir ehf. býður upp á mjög vandaða og fljótvirka þjónustu á þessu sviði og er með fullkomna fræsivél sem getur fræst raufar ofan í öll steingólf. Á fræsivélinni er öflug ryksuga svo ryk og óhreinindi eru í lágmarki við þessa vinnu. Eftir fræsingu leggja Gólfhitalagnir síðan rörin ofan í raufarnar og þá er hægt að leggja gólfefnið á, parket eða flisar.

„Við sérhæfum okkur í að fræsa og leggja gólfhitarörin í raufarnar, við tengjum

ekki gólfhitann heldur sér pípulagnameistari hússins um það,” segir Guðni Vilberg Baldursson hjá Gólfhitalögnum. Hann stofnaði fyrirtækið árið 2013 ásamt Brynjari Kristjánssyni pípulagnameistara. Að sögn Guðna vinna þeir mest í íbúðarhúsnæði en fræsa þó líka og leggja rör í gólf í verslunum og iðnaðarhúsnæði.


Verkefnið eru síðan mjög mismunandi að umfangi: „Við erum að fræsa og leggja rör í allt frá einu badherbergi og upp í heilu húsin,” segir Guðni. Aðspurður segir hann að það hafi verið góður stígangandi í verkefnum undanfarið og ljóst er að gólfhiti færir mjög í vöxt: „Það gefur okkur líka ákveðna sérstöðu að við erum ekki nema daginn að fræsa og leggja rörin í allt að 150 fermetra hús, nánast ryklaust. Tíminn skiptir máli þegar maður er með heimilið undirlagt og það kemur sér

vel fyrir fólk hvað þetta tekur stuttan tíma. Auk þess mætum við líka á staðinn með litlum fyrirvara.”

Gólfhitalagnir bjóða því upp á fljótlega þjónustu með litlu raski en niðurstaðan er frábær gólfhiti og ofnalausir veggir. Á heimasíðu fyrirtækisins, gólfhitalagnir.is, er hægt að leggja inn tilboðsbeiðni og er henni yfirleitt svarað innan klukkustundar. Það tilboð gildir svo lengi sem gólf eru hrein og slétt þegar verkið hefst. Því liggur allur kostnaður fyrir áður en verkið hefst.

Fyrirtækið er staðsett að Krókhálsi 5-E, 110 Reykjavík. Símanúmer er 571-3700, en góðar upplýsingar er að hafa á heimasíðunni, gólfhitalagnir.is.

Einnig er mikið úrval af myndum og myndskaiðum á Facebook-síðu Gólfhitalagna.



MIKIL STEMNING FYRIR BJÓRHÁTÍÐINNI Á KEX

Vilja koma Reykjavík í undirmeðvitund alþjóðlegs bjórähugafólks og bruggara

Hin árlega bjórhátíð hófst á KEX hostel í gær, fimmtudag, en hátíðin stendur til klukkan ellefu á laugardagskvöld.

Hátíðin er haldin í tilefni af 29 ára afmælisdegi íslenska bjórsins, en þann 1. mars árið 1989 var almenn sala á bjór leyfð eftir 74 ára sölubann. KEX Hostel hefur boðið íslenskum og erlendum bruggurum í heimsókn til að kynna sig og sína framleiðslu dagana sem hátíðin fer fram.

Öll helstu brugghús landsins taka þátt í hátíðarhöldunum ásamt erlendum brugghúsum og hefur fjöldinn aldrei verið meiri en í ár. Þar má meðal annars nefna Austra, Beljanda, Jón Ríka, Lady Brewery, Malbygg, Mono, Öldur, Ölverk, ÖR Brewing Project og Ægisgarð en allt eru þetta ný brugghús sem hafa ekki tekið þátt áður. Á hátíðinni er boðið upp á bjórvænan mat og fjölbreytt tónlistartriði í þrjú daga en meðal flytjenda eru til dæmis Margrét Erla Maack frá Reykjavík Kabarett, Emmsjé Gauti og Prins Póló.

Efla og ýta undir innlenda og erlenda bjórmenningu

Tilgangur hinnar Íslensku bjórhátíðar er að efla og ýta undir innlenda og erlenda bjórmenningu, stuðla að bættari drykkjuháttum Íslendinga og efla fræðslu almennings á framleiðslu og kynningu á handverksbjór úr hágæða hráefni. Bjórhátíðin hefur það einnig að markmiði sínu að tengja bjór beint við mat og hvers konar matargerð þar sem þessi tvö hugtök eru náskyld og eiga vel saman.

Í fréttatilkynningu segir að hátíðinni hafi vaxið fiskur um hrygg



síðustu árin en eitt af markmiðum hennar er að koma Reykjavík í undirmeðvitund alþjóðlegs bjórähugafólks og bruggara um allan heim á komandi árum.

Miðasala hefur gengur vel og eru örfáir miðar til á slóðinni: www.kexland.is/beer-festival-2017



BRUGGHÚSIN ALDREI FLEIRI

18th Street Brewery, Aslin Beer Co., Austri, Barr, Beavertown Brewery, Beljandi, Black Project Spontaneous & Wild Ales, Bokkeryder, Borg Brugghús, Brewing Költur, Brewski, Brothers Brewery, BRUS, Civil Society Brewing Co., Cloudwater Brew Co., Collective Arts Brewing, Cycle Brewing, Einstök, Fonta Flora Brewery, de Garde Brewing, Garage Beer Co., Half Acre Beer Company, J. Wakefield Brewing, Járn og Gler / Malbygg, Jón Ríki, KEX Brewing, Lady Brewery, Lamplighter Brewing Co., Lord Hobo Brewing Company, Mantra Artisan Ales, Mikkeller, O/O Brewing, Mono, Half Brewing Co. People Like Us, Prairie Artisan Ales, Reykjavík Brewing Company, Smiðjan, Speciation Artisan Ales, Surly Brewing Company To Øl, Transient Artisan Ales, Vífelfell, Voodoo Brewing Co., Warpigs, Ægisgarður, Öldur, Ölvisholt, Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Ölverk og ÖR Brewing Project.

DAGSKRÁIN FRÁ FÖSTUDEGI

Föstudagur, 23. febrúar

- 17.00 Önnur lota hefst og lýkur klukkan 20.00.
- 17.00 Raxtur í boði TVG Zimsen.
- 20.00 Tap Takeover á Mikkeller & Friends Reykjavík, Hverfisgötu 12, 101 Reykjavík.
- 21.00 Emmsjé Gauti heldur tónleika á KEX Hostel ásamt hljómsveit.
- 23.00 Dagskrá lýkur á KEX Hostel.

Laugardagur, 24. febrúar

- 11.00 Bjórhátíðarhlaup Mikkeller Running Club Reykjavík á KEX Hostel.
- 15.00 Bjórjoga í Gym & Tonic á KEX Hostel. Skráning á <http://kexland.is>.
- 16.00 Priðja og síðasta lota hefst og lýkur klukkan 20.00.
- 16.00 Raxtur í boði TVG Zimsen.
- 20.00 Tap Takeover á Mikkeller & Friends Reykjavík, Hverfisgötu 12, 101 Reykjavík.
- 21.00 Prins Póló heldur tónleika á KEX Hostel.
- 23.00 Dagskrá lýkur á KEX Hostel.



Hvað er þetta eiginlega með Íslendinga og bílskúra?

Undanfarna daga hefur veðrið verið alveg snarvitlaust í höfuðborginni og víðar og þá veltir maður þessu með bílskúrana fyrir sér. Ég hef aldrei skilið af hverju Íslendingar nota ekki bílskúrana sína undir bíla. Einmitt hér á norðurhvara veraldar þar sem vetrarlægðirnar ætla okkur stundum óstöðug að æra.

Þau sem eiga bílskúra kjósa heldur að fylla þá af drasli og láta svo bílana standa úti í alls konar brjáluðum veðrum. Þú kemur út í kaldan og dimman daginn klukkan hálf átta um morgun og skemmtunin hefst á því að moka nokkur kíló af snjó af bílnum þínum. Fyrst notarðu kúst á þakið og svo er það að skafa hann allan hringinn.

Oft eru rúðurnar hellaðar og rúðupurrkurnar fastar svo það þarf að hamast rækilega með sköfunni. Þú ert komin með rautt nef og meikið er hlaupið í kekki á kinnunum þegar þú loks sest inn í ískaldan skjóðinn og kveikir á morgunútlarpinu sem stundum er allt of hress miðað við aðstæður.

Væri ekki talsvert þægilegra að geta farið beint inn í bílinn sinn sem biður hreinn og finnst í upphitunum bílskúrnum? Tipla tvö þrep á huggulegum hælaskóm úr þvottahúsi og tylla sér undir stýri. Með kaffiglasíð í annari og veskið í hinni. Smella á fjarstýringuna, sjá bílskúrshurðina opnast og bakka út. Enginn snjór, ekkert vesen. Kannski annað á heimleiðinni, en

að minnsta kosti yrði morguninn talsvert þægilegri.

Nei. Bílskúrinn skal heldur nota sem afdrepp fyrir aðþrengda eiginmenn sem reyka í laumi og alls konar drasl sem fjölskyldan hefur sankað að sér í gegnum tíðina. Mig grunar að svona 95% allra sem eiga bílskúra á Íslandi hafi kannski einu sinni eða tvisvar keyrt bílinn sinn þar inn. Í mesta lagi.

Væri ekki ráð að taka til í skúrnum, selja dótið í Kolaportinu eða á Facebook, græða smá peninga og minnka svo viðhaldskostnað á bílnum í leiðinni? Ég bara spyr og það á innsoginu. Ég myndi að minnsta kosti gera það – ætti ég bílskúr.

PS. Ef ég væri í byggingabransanum þá myndi ég frekar smíða skemmur með nýjum rað- og einbýlishúsum og nota svo sem sölupunkt: „Fallegt einbýlishús til sölu, 50 fermetra skemma fylgir með. Fullkomin undir jólaskrautið úr Costco og gömul gúmmistígúvél.“

Ætli þetta myndi slá í gegn?

Maður spyr sig.

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR
MARGRET@DV.IS



NÝ KYNSLÓÐ

MANITOU
HANDLING YOUR WORLD

skotbómulyftara

HANNAÐUR TIL AÐ

VINNA VERKIN

AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt ökumannshús með góðu aðgengi og útsýni.



- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórnakkar
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómu
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira



Góð viðgerða- og varahlutabjónusta

Manitou er þarfasti þjónninn í dag

til lands og sveita

Menning



„Þetta er skríttin tilfinning. Ég var búinn að gefast svo oft upp á þessari bók.“

– Rithöfundurinn Alexander Dan Vilhjálmsson skrifaði nýlega undir samning við eina þekktustu furdusagnáútgáfu heims, Gollancz, um útgáfu á skáldsögunni Hrímland og óskrifaðri framhaldsbók. Alexander gaf bókina út sjálfur á Íslandi árið 2014 því ekkert íslenskt forlag vildi taka þátt í útgáfunni.

„Umskurðurinn“
eftir Giovanni Bellini
(1430 - 1516)



Hin heilaga forhúð

Umskurður hefur verið stundaður í fjölda menningarsamfélaga í þúsundi ára. Nú ræða íslenskir þingmenn um hvort banna skuli aðgerðina

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Í síðasta mánuði settu átta íslenskir þingmenn fram frumvarp um bann við umskurði drengja að viðurlögðu allt að sex ára fangelsi. Röksemdirnar sem eru settar fram fyrir banninu snúast um sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga yfir eigin líkama en einnig hefur verið gripið til læknis- og sálfræðilegra raka.

Frumvarpið hefur vakið mikla athygli víða um heim og hafa trúarleiðtogar allra þriggja trúarbragðanna sem tengja sig við Abraham

– kristni, íslam og gyðingdóms – gagnrýnt frumvarpið. Þeir og aðrir gagnrýnendur hafa sett fram fjölmennarleg rök með áherslu á trúfrelsi og segja bannið útilokandi, enda myndi það í raun gera trúarbrögð þeirra sem hefðina stunda ólögleg.

Í ljósi umræðunnar skoðar DV sögu og menningu umskurðar drengja.

Hreinlæti verður að hefð

Umskurður drengja er sú aðgerð þegar forhúðin, skinnið sem er aðeins of stórt fyrir getnaðarliminn linan, er skorið af. Elstu þekktu

heimildirnar um umskurð eru meðal faraóa Egyptalands. Þetta er hægt að greina á múmíum sem hafa varðveist sem og í veggmyndum frá rúmlega þriðja árþúsundi fyrir Krist. Þar má sjá myndir af umskornum karlmönnum og umskurðaraðgerðum.

Það er þó mögulegt að umskurður drengja og karlmanna eigi sér mun eldri sögu, en slíkar aðgerðir tíðkuðust (og gera jafnvel enn) í mörgum ólíkum menningarsamfélögum víða um heim áður en þau komust í kynni við vestræna menningu, ættbálkasamfélögum frumbyggja í Ameríku, Afríku og Eyjaálfu. Ástæðurnar fyrir aðgerðinni eru fjölmargar og mismunandi, þær eru hluti af manndómsvígslu, eru eins konar fórnarathafnir, sönnun á karlmennsku, eiga ýmist að

Þessi athöfn er algjört grundvallaratriði í gyðingdómi.

minnka eða auka ánægju við kynferðisathafnir, eða stuðla að heilbrigði.

Sú kenning hefur oft verið sett fram að grunnástæðan fyrir því að hefðin hafi þróast sé auðveldari þrífnaður og þar með minni hættu á ýmsum sjúkdómum, sérstaklega í heimshlutum þar sem reglulegur þvottur getur verið erfiður, til að mynda þar sem eru heitar eyðimerkur.

Líkamlegur sáttmáli við Guð

Það var líklega í Egyptalandi sem

Gyðingar byrjuðu að umskera sveinbörn sín. Gyðingar líta á umskurð sem líkamlegt og varanlegt tákn um samning Drottins og mannkynsins, og er sagt frá í fyrstu Mósebók Gamla testamentsins, 17. kafla: „Þið skulið umskera hold forhúðar ykkar. Það sé tákn sáttmálans milli mín og ykkar. Hvert átta daga sveinbarn skal umskera meðal ykkar, kynslóð eftir kynslóð. [...] Óumskorinn karlmaður, sem hefur ekki látið umskera á holdi forhúðar sinnar, hefur rofið sáttmála minn og skal upprættur verða úr þjóð sinni.“

Þó að ritningin sé skýr um að án umskurðar geti enginn talist vera Gyðingur eru engu að síður dæmi í sögu gyðingdóms um hópá eða einstaklinga sem á tilteknum tímabilum töldu sig ekki þurfa að framfylgja þessari hefð.

Umdeilt lagafrumvarp

„Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu barns eða konu með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

„Þetta er ofbeldi gegn börnum, þau fara í sjokk börnin, þau gráta og mér finnst þetta bara ekki boðlegt.“

– Silja Dögg Gunarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins



„Við teljum að án [læknisfræðilegra ábendinga fyrir honum] gangi umskurður á ungbörnum gegn Genfaryfirlýsingu lækna og samræmist því síður grundvallarviðmiðum Helsinki-yfirlýsingar lækna um réttinn til sjálfsákvörðunar og upplýsts samþykkis.“

– Yfir 400 íslenskir læknar



Katrín missti hárið eftir að pabbi hennar framdi sjálfsvíg

■ Erfiðar aðstæður eftir skilnað ■ Stendur sterk eftir erfiða lífsreynslu ■ Bjart framundan

Bleikt

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Katrín Rut Jóhannsdóttir er 27 ára þriggja barna móðir úr Hafnarfirði. Foreldrar hennar fóru hvort sína leiðina þegar Katrín var einungis átta ára gömul. Við tók erfiður tími, heimilisaðstæður voru ekki upp á það besta og þá glímdi faðir hennar við áfengissýki sem hafði djúpstæð áhrif á hans nánustu.

„Þá breyttist líf mitt mikið, pabbi fór að drekka illa og ég upplifði margt sem ekkert barn á að þurfa að ganga í gegnum,“ segir Katrín í samtali við DV. „Mamma var mikið ein með okkur systkinin og stóð hún sig vel í móðurhlutverkinu. Ég var alltaf í sambandi við pabba þótt hann hafi farið miklar krossgötur í lífinu,“ segir Katrín. Nýlega greindist Katrín með sjálfsofnæmissjúkdóm sem hefur gert að verkum að hún hefur misst allt hárið. Er sjúkdómurinn rakinn til mikilla áfalla sem Katrín hefur gengið í gegnum.

Misnotaði áfengi

Faðir Katrínar var eins og áður segir mikill drykkjumaður og veikur af alkóhólisma. Sjúkdómurinn tók mikið á Katrínu en hún bældi niður tilfinningar sínar. Katrín misnotaði svo sjálf áfengi en telur að það hafi hún gert til að bæla niður hinar erfiðu tilfinningar frá æsku. Þá notaði hún einnig áfengi til að komast í gegnum daginn.


„Ég hef gengið í gegnum margt á þessum tuttu og sjö árum sem ég hef lifað. Þessi lífsreynsla hefur kennt mér að vera sterk og standa með sjálfri mér,“ segir Katrín.

Hélt hún myndi ekki lifa þetta af
Þann 21. apríl í fyrra fékk Katrín

Katrín Rut Jóhannsdóttir
Hefur misst allt hárið.



„Ég hélt hreinlega að ég myndi ekki lifa þetta af“



skelfilegar fréttir. Faðir hennar var látinn. Hann hafði framið sjálfsmorð. Höggið var gríðarlegt. Sársaukinn ólysanlegur. Myrkrið hellist yfir.

„Þetta var mjög erfitt tímabil og tók svo sannarlega á. Ég hélt hreinlega að ég myndi ekki lifa þetta af. En með góðum styrk og stuðningi komst ég í gegnum þennan dimma dal og var það sérstaklega ein vinkona mín, að nafni Ágústa, sem var mín stoð og stytta í gegnum þennan erfiða tíma.“

Katrín fór að taka eftir því í haust að hár hennar byrjaði að þynnast og gerðist það hratt. Áður en hún vissi af höfðu skallablettir myndast á höfði hennar.

„Mér leist ekkert á blikuna og

Með foreldrum sínum
Katrín var nán báðum foreldrum sínum.



Börn Katrínar
Kári Steinn, Kristófer Snær og Karítas Sól.



fór ég í ýmsar blóðprufur. Rannsóknir leiddu í ljós að ég er með sjálfsofnæmi vegna áfallsins sem ég fékk þegar pabbi minn svipti sig lífi. Þessi veikindi hafa haft mikil áhrif á mig, bæði andlega og líkamlega. Ég veit að ég mun ná mér með tímanum. Ég er að byggja mig upp hjá starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og líður ágætlega í dag.“

EKKI VÍST AÐ HÁRIÐ KOMI AFTUR
Sjálfsofnæmissjúkdómurinn sem Katrín þjáist af lýsir sér á þann hátt

ad hún er mikið næmari fyrir öllum veikindum. Þá er hún reglulega mjög þreytt og orkulítill. Einnig sefur hún illa og finnur fyrir miklu máttleysi í höndum og fótum.

„Ég fékk líka skallabletti þegar ég var yngri, fyrst þegar foreldrar mínir skildu og svo kom þetta aftur upp á unglingsárunum. Þá voru þetta litlir blettir og hárið kom fljótt aftur. Í þessu tilfalli telur lækurinn líkur á að þetta geti lagast, það er þó ekki víst. Það verður að koma í ljós með tímanum.“

Átta ómetanleg húsráð

Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík, deilir átta góðum húsráðum sem allir ættu að þekkja.

- Allt gróft mjöl á að geyma í lokuðum ílátum því annars getur kviknað líf í því. Einnig ágætt að frysta.
- Það á alltaf að hafa opinn glugga einhvers staðar í íbúðinni svo ekki myndist raki inn í henni. Passa að lofta vel út eftir baðferð eða sturtu. Einnig þarf að láta lofta undir rúllugardínur svo ekki myndist raki á gleri og hafa rifi á glugga.
- Allar borðtuskur og diskapurrkur þarf að sjóða. Súr lykt af tuskum myndast af því að þær eru óhreinar.
- Aldrei á að bera tekkolíu á lakkaðan við. Á lakkaðan við fer húsgagnaáburður sem borinn er á húsgögnin og þurrkað vel yfir á eftir. Varist að hann fari ekki á gólfíð því þá myndast mikil hálsa.
- Hrísgrjón á að sjóða á lágum hita og ekki í opnum potti. Setja á 1 hluta grjón á móti 2 hlutum af vatni ásamt örllitlu salti. Þegar súðan kemur upp á að lækka og leyfa þeim að vera í 18 mínútur, ekki hraera í þeim. Vatnið á ekki að gufa upp heldur eiga grjónin að draga það í sig. Þá brenna þau ekki við, eru laus og ekki klessst.
- Í tíðarfari eins og núna fara leðurskór illa. Strjúkið af þeim með rökum klút, gott er að setja dagblöð inn í blautu skó á meðan þeir þorna. Bera síðan skóáburð á þá og burstu vel yfir, að endingu á að setja vatnsvörn.
- Nota skal edik og vatn til þess að þrifa spegla, en klúturinn verður að vera alveg hreinn. Það má alls ekki hafa farið mýkingarefni í hann. 1 hluti edik og 8 hlutar vatn.
- Hafið ávallt sápuhólfíð og þvottavélina opna þegar ekki er verið að nota vélina. Takið sápuhólfíð út af og til og burstu vel ásamt hurð og gúmmihring að innan. Þvoðu súðuvott allavega einu sinni í viku til þess að vélin sé hrein og lyktarlausa að innan. Notið mýkingarefni sem sjaldnast og ekki í æfingagalla. Bómull þvottur þvott á 60–90°.



Margrét Sigfúsdóttir

Heimagerður leir fyrir yngstu börnin

Sunna Rós, bloggari á lady.is, deilir ótrúlega einfaldri uppskrift að heimagerðum leir sem má borða og er því einstaklega hentugur fyrir yngstu börnin.

Uppskrift

- 6 sykurpúðar
- 3 msk. maíssterkja
- 2 tsk. kókosolíu
- 1 tsk. matarlitir

Setjið öll hráefnin saman í skál, nema matarlitinn. Hitið í örbylgjuofni í rúmlega 15 sekúndur. Bætið matarlit við og hnoðið allt saman, gott er að vera í hönskum. Ef deigið er klístrað má bæta við örllitilli maíssterkju.



Heimagerður leir Góður fyrir yngstu börnin.

Hágrét yfir Nágrönnum og brotnaði saman í lok fréttatímans: Íslenskar konur opna sig um meðgönguna

Hér er að finna ótal frásagnir frá íslenskum mæðrum sem deila fyndnum og vandræðalegum augnablikum frá því að þær gengu með barn undir belti.

Ég átti við mikið minnisleysi að stríða þegar ég var ólétt. Í eitt skipti ætlaði ég að stökkva út í búð en fattaði að ég hafði gleymt veskinu mínu þegar ég var lögð af stað. Ég keyrði því til baka og fór alla leið upp á þriðju hæð. Fékk mér vatnsglas og fór svo aftur út í bíl. Keyrði út götuna og áttaði mig þá á því að ég hafði aftur gleymt veskinu. Ég keyrði því aftur til baka og gekk aftur upp á þriðju hæð, fór að pissa og aftur út. Þegar ég áttaði mig á því að ég hafði gleymt veskinu í þriðja sinn þá fór ég til baka, beint upp, sótti veskið og keyrði svo grenjandi út í búð og mundi svo ekkert hvað það var sem ég ætlaði að kaupa.

Flestar mæður búa yfir skemmtilegum sögum frá þeim tíma er hormónin héldu um taumana og stjórnuðu sálarlífinu sem endaði stundum með ósköpum.

Ég var að horfa á sjónvarpsþáttinn Nágranna þegar einhverjir unglingar í þáttunum lentu í bílslysi. Það kom læknir á staðinn og reyndi að bjarga þeim úr bílnum en skar sig á hendinni. Ég fór að hágrenja og á sama tíma hringdi mamma í mig og spurði mig hvað væri eiginlega í gangi. Ég útskýrði það fyrir henni og hún fékk áfall og fór að spyrja mig nánar út í það hvaða nágrannar mínir þetta hafi verið. Þá svaraði ég henni, enn þá grenjandi: „Nei-ii, í sjónvarpinu“. Og þá sprakk hún úr hlátri.

Ég grét alltaf þegar ég sá lokin á fréttatímanum. Þá meina ég þegar fréttapulurinn sagði: „Við ætlum að ljúka þessum fréttatíma á svipmyndum frá Tjörninni í Reykjavík.“


Eitt skipti þegar ég var ólétt fékk ég æði fyrir því að borða Morgunblaðið. Ég prófaði Fréttablaðið en það var ekki eins gott svo ég gerðist áskrifandi að Mogganum í þrjá mánuði.



Þegar ég var ólétt vann ég í Smáralindinni og við barnsfaðir minn vorum bara á einum bíl. Ég keyrði á bílnum í vinnuna um morguninn og hringdi svo í mömmu og bað hana um að skutla mér heim eftir vinnu. Svo þegar barnsfaðir minn kom heim ætlaði hann út í búð og spurði mig hvar ég hafði lagt bílnum. Ég kannaðist ekkert við það þar til ég áttaði mig á því að ég hafði gleymt honum í Smáralindinni.

Karlinn bauðst til þess að hjálpa mér með þvottinn þegar ég var ólétt að yngra barninu. Hann braut handklæðin ekki saman eins og ég vildi að þau ættu að vera þannig að ég fór að grenja og var miður mín.

Þegar ég var ólétt að elsta barninu mínu þá hótaði ég barnsföður mínum að ég myndi drepa hann út af því að hann kom með volgt kók handa mér. Þetta hefði ekki verið eins slæmt ef þetta hefði ekki verið á miðju Ingólfstorgi á 17. júní fyrir framan fjölda fólks. Það héldu allir að hann hefði gert mér eitthvað en þá stóð ég bara grenjandi og sagðist bara vilja ískalt kók.



Ég var alveg lyktarsjúk á síðustu meðgöngu. Ég keyrði í gegnum Hvalfjardargöngin með rúðuna niðri því mér fannst mengunarlyktin svo góð, ég vökvaði blautu mold til þess að finna lyktina af henni, elskaði ísskápslyktina, og þvoði oft hreinan þvott aftur af því að mér fannst lyktin af blautum þvotti svo góð. Eitt skipti þá týndi maðurinn minn mér í Hagkaupum og fann mig þar sniffandi af öllum gúmmístígvélunum. Svo fannst mér lyktin af sementi svo unaðsleg að ég var nokkrum sinnum beðin um að yfirgefa byggingarsvæðið hjá Deloitte-turninum í Kópavogi, ég barðist við löngunina í að kaupa mér sement og borða það!



Grátíð við minnsta tilefni
Hormónin gera það að verkum að hvað sem er getur fengið konur til þess að fella tár.

Ég fékk mikla áráttu fyrir því að dýfa banana ofan í kók og sjúga svo kókið af og dýfa aftur þegar ég var ólétt að mínu fyrsta barni. Mér fannst þetta ekkert athugasvert fyrr en fólk fór að nefna það við mig að það væri nú hálf furðulegt að ég væri sjúgandi banana hvar og hvenær sem er.

Flestar konur sem gengið hafa með barn undir belti kannast við þá óstjórnlegu hormónaframleiðslu sem líkaminn setur af stað nánast um leið og pissað er á prófið. Hormónin gera það að verkum að konan verður virkilega tilfinninganæm á meðgöngunni og stendur það oft yfir í nokkra mánuði eftir fæðinguna.

Fékk æði fyrir því að borða Morgunblaðið.

Ég missti vatnið klukkan 2.20, kallinn minn var í vinnunni og kom og sótti mig til þess að keyra mig á fæðingardeildina í Keflavík. Ég var með mikla samdrætti og var mäsandi og hvásandi í bílnum. Þegar við nálgudumst N1 í Hafnarfirði æpti ég á hann að ég YRÐI að fá Tívoli Lurk svo hann fór þangað inn og keypti handa mér tvo Lurka. Við vorum svo komin inn á sjúkrahús klukkan 4.20 og drengurinn fæddist 6.20. Þetta var besti ís sem ég hef fengið og kallinn minn var sko alveg búin að læra að það er best að hlýða óléttri konu. Jafnvel á síðustu metrunum!

Ég og vinkona mín vorum óléttar á sama tíma. Við fengum báðar æði fyrir tannkremi og við sátum fyrir framan sjónvarpið hvor með sína túbuna.

Ég elskaði tjöruhreinsilykt og var alltaf með tusku hjá mér með tjöruhreinsi í svo ég gæti sniffað. Kærasti minn faldi svo tjöruhreinsibrúsann svo ég myndi hætta þessu en ég grét svo mikið að hann lét mig fá brúsann aftur. Ég tala nú ekki um Scrubstone-efnið, ég var alltaf næstum því farin að éta það.

Þegar ég var ólétt síðast, fyrir næstum því sex árum, langaði mig svo hrikalega mikið í Subway-bát að ég gat ekki hugsað um neitt annað. Við kærasti minn sátum úti í bíl og ég bað hann um að keyra mig út á Skaga en við búum í Borgarnesi. Hann nennti því alls ekki og fór inn, en ég sat í frekjukasti dauðans, hágrenjandi úti í bíl, hringjandi í hann og sendandi skilaboð því ég átti svo mikið bág. Loksins gafst hann upp og keyrði mig út á Skaga til þess að kaupa Subway. Um daginn komumst við að því að ég er aftur ólétt og hann tilkynnti mér strax að hann ætlaði sko EKKI með mig aftur út á Skaga fyrir einn Subway-bát, sama hversu mikið ég myndi suða.

Álagið gekk af ástinni dauðri

■ Kynlífsleysi í samböndum ■ Nýtt upphaf á miðjum aldri

Ragnheiður Eiríksdóttir
skrifar

Skilnaður og sambandslit er nokkuð sem flest okkar ganga í gegnum. Viðbrögð fólks eftir að sambandi lýkur eru ólík. Sumir kasta sér þaðandi öllum öngum beint ofan á kjötfjall kjötmarkaðarins (afsakið orðalagið), á meðan aðrir þurfa einveru til að sleikja sárin og jafna sig. Ólög ríður til að gleyma, á meðan Einar kys einveru, Netflix og platónsk stefnumót með vinum. Reyndar sýnist mér hitt algengara, að karlar kjósi að elta ómínnishegrann með sem allra mestu kynlífi á meðan konur velji frekar rólyndistíma í kjölfar sambandslita.

Hulda hefur nýlega rofið sjö ára skírlífstímabil sem hófst þegar hún var ennþá gift. Hún leyfði mér góðfúslega að birta spjall okkar, en kys nafnleyni og við köllum hana Huldu.

Hulda byrjar á að segja mér frá hjónabandinu sem gekk illa. „Veikindi, peningaleysi og þrjú ung börn voru of mikið álag og ástin dó. Kynlífið fór sömu leið. Eiginlega á undan ástinni. Við reyndum að þúkka upp á kynlífið með rómantískum ferðum, en neistin var horfinn. Eftir skilnað hafði ég lengi engan áhuga á að fara í annað samband. Þar með hafði ég ekki mikinn áhuga á kynlífi heldur,



þar sem ég var stödd hræddist ég að verða ástfangin, ef einhver yrði sætur og góður við mig, svo ég gaf engan séns á mér.“

Hulda segir að kynþörfin hafi í sjálfu sér ekki minnkað á skírlífstímanum, hún hafði bara engan áhuga á kynlífi með eigin-

manninum. „Mér leið bara vel og átti mínar unaðsstundir í einrúmi. Ég notaði vissa krassandi bókar-kafna, kvikmyndir og ljósmyndir til að hressa upp á ímyndunaraflíð, en ég hef aldrei haft mikinn áhuga á klámi. Það er eitthvað fráhrindandi við það. Ég keypti mér held-

ur engin ástarleikföng, fannst ég aldrei þurfa þess.“

Eftir skilnaðinn varð tilhugsunin um samband aftur bærileg. „Þá fór ég að horfa meira í kringum mig og hugsa að það yrði nú næs að kúra hjá hinum eða þessum myndarlega mannum sem ég rakst á. En þá kom líka upp kvíði. Í fyrsta lagi útlitið; að ég væri alltof feit með minn hangandi mömmumaga og appelsínuhúð. En meiri áhyggjur hafði ég af því að vera léleg í rúminu. Það væri svo langt síðan ég hefði stundað skapandi og skemmtilegt kynlíf með öðrum einstaklingi að ég myndi bara hreinlega ekki vita hvað ég ætti að gera.“

Hulda segist hljóta að hafa tekið í það minnsta ómeðvitaða ákvörðun um að skella sér aftur á bak. „Líklega hef ég opnað fyrir

eitthvað í kynveruárunni minni, því það mætti hress knapi á svæðið og það hefur verið mjög gaman hjá okkur síðan. Samband er ekki á dagskrá og í raun hentar það mér mjög vel, eins og er.“

Það kom henni skemmtilega á óvart að það var nákvæmlega ekkert mál að byrja aftur að stunda kynlíf með öðrum einstaklingi. „Að stunda kynlíf er bara eins og að læra að hjóla; ef maður hefur náð tökum á því einu sinni, er tæknin ávallt til staðar. Og hvort sem það er ástmanninum jákvæða að þakka eða ekki, þá gæti mér ekki verið meira sama um líkamsvöxtinn. Ef fólk finnst gott að vera saman, kemur hann hreinlega málinu ekki við. Þannig að áhyggjurnar sem ég hafði reyndust algjörlega óþarfar.“

Það er ánægjulegt að heyra Huldu tala um endurfæðingu sína sem kynveru. „Mér finnst sjálfstraustið meira en fyrir sjö árum og það held ég að sé sambland af þroska, jákvæðri kynlífsupplifun og kæruleysi; að nenna ekki að þæla af mikið í hlutunum. Og þegar sjálfstraustið er í lagi, þá slakar maður betur á, nýtur þess að vera kynvera og maður fær auðveldar fullnægingu. Ég hef líka uppgötvað óvænta og ánægjulega hlið á sjálfri mér, og það er að mér þykir konur kynferðislega aðlaðandi líka, og fengið tækifæri til þess að sanna þá kenningu mína að þær eru betri kyssarar en karlmenn,“ segir hún og hlær. „Þannig að ég sé fram á mjög hress og fjölbreytt kynlíf næstu árin og hlakka bara til.“ ■

Ragnheiður Eiríksdóttir er
hjúkrunarfræðingur og
kynlífsráðgjafi hjá Áfalla- og
sálfræðimiðstöðinni, Hamraborg
11. raggaeiriks@asm.is

PÍLUKAST ER FYRIR ALLA!



Síðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715

Lífið eftir sambandslit

Samtöl ykkar einlægrar við fólk með reynslu í aðdraganda þessara skrifa hafa verið athyglisverð. Það er að minnsta kosti víst að skoðanir á því hvað sé best að gera eftir sambandslit eru margar og mismunandi:

- „Ég þarf bara tíma til að finna mig sem einstakling. Finna að ég get verið ein en þurfi ekki endilega að vera hluti af heild í ástarsambandi. Þegar ég er komin í gott jafnvægi verð ég miklu skemmtilegri kærasta.“ – Kona 45 ára, 10 ár í fyrra sambandi, ein í 3 ár
- „Ég vil bara ekki vera ein. Lífið er svo miklu skemmtilegra ef maður hefur einhvern til að deila með gleði og sorg.“ – Kona 48 ára, 23 ár í fyrra sambandi, 13 mánuði í núverandi sambandi
- „Það er að minnsta kosti öruggt mál að ég er ekki á leiðinni í hefðbundið samband á næstunni.“ – Karlaður 44 ára, 2 ár í síðasta sambandi, einn í 18 mánuði
- „Eftir minn skilnað var ég alls ekki í stuði fyrir karlmenn eða rómantík. Ég beið í heila 9 mánuði eftir að fara í fyrsta sleikinn. Skömmu síðar svaf ég hjá manni og eftir það hefur allt gengið vel í þeim efnum. Ég hugsa að ég fari í samband aftur en er ekki að flýta mér.“ – Kona 46 ára, 14 ár í fyrra sambandi, ein í 4 ár
- „Ég þoli ekki að vera einn. Það er engin rúttina, engin hugguleg stund yfir kvöldmatnum, og ég kveiki varla á kertum. Mig langar í konu.“ – Karlaður 42 ára, 8 ár í fyrra sambandi, einn í 5 mánuði
- „Mig langar að gera þetta vel núna. Ég lærði svo margt og ætla ekki að gera sömu mistökinn. Ég held að það sé góð hugmynd að vera einn í einhvern tíma, en konur eru bara svo ákveðnar. Kannski verð ég komin í samband í næstu viku.“ – Karlaður 55 ára, 28 ár í fyrra sambandi, einn í 7 mánuði



Hörður Bender



Finnur Freyr Gunnarsson



Haukur Baldvinsson

Ný fjármögnunarleið: Fáðu kröfurnar þínar greiddar strax!



Faktoría
Ekkí bíða fáðu borgað strax

FAKTORÍA FJÁRMAGNAR ÓGREIDDAR KRÖFUR

Faktoría er nýtt fjármálatækni fyrirtæki (e. fintech) sem býður fyrirtækjum að fjármagna kröfur þeirra. Fjárfelæði fyrirtækja getur verið mjög sveiflukennt en kostnaðurinn fer aldrei í frí, það þarf að greiða laun og launatengd gjöld um hver mánaðamót auk fjölmargra annarra fastra kostnaðarliða, á meðan útistandandi kröfur falla ekki á gjaldþaga fyrr en eftir mánuð eða mánuði. Þessar kröfur eru hins vegar fjármagnaðar strax hjá Faktoríu, bíðin eftir peningunum getur farið alveg niður í eina klukkustund.

„Við erum að bjóða nýja tegund af fjármögnun fyrir fyrirtæki sem er nokkuð til hliðar við allt skrifræðið og bíðina sem fylgir hefðbundinni lánaþyrirgreiðslu,” segir

Hörður Bender, stofnandi og eigandi Faktoría, en auk hans starfa við fyrirtækið þeir Finnur Freyr Gunnarsson og Haukur Baldvinsson og saman mynda þeir þriggja manna samhent teymi. Hin skilvirka og hraða þjónusta Faktoríu hvílir á afar velvirkum hugbúnaði sem þróaður var í nokkur ár og prófaður með örfáum viðskiptavinum áður en starfsemin hófst formlega fyrir rétt rúmu ári: „Við erum hluti af hinni svokölluðu Fintech. bylgju, þ.e. Financial Technology, en hjá Seðlabanka Íslands og á Alþingi hefur verið kallað eftir meiri flóru í fjármálagæranum. Við erum klárlega að svara því kalli,” segir Hörður.

Það er fleira sem gerir kröfufjármögnun þægilegri en hefðbundna fjármögnun:

Það þarf engin veð. Það þarf bara gilda kröfu, Faktoría gengur úr skugga um að reikningurinn sé réttur og þar með er forsendan fyrir fyrirgreiðslu komin.

Að sjálfsögðu innheimtast ekki allar kröfur og því er áhætta í spilunum sem Faktoría tekur á sig, en föst innheimtubókun er 2,5% af kröfunni. Það þýðir til dæmis 25.000 krónur af 1 milljón, sem fyrir marga er lítið í samanburði við það óhagræði sem hlýst af því að bíða eftir að viðskiptavinir greiði kröfur eða fá hefðbundna lánaþyrirgreiðslu hjá banka.

Að sögn Harðar er markhópur Faktoríu lítil og meðalstór fyrirtæki eða nánar tiltekið fyrirtæki með 5 til 100 starfsmenn: „Stærsti geirinn hjá okkur er byggingar-


iðnaðurinn og síðan eru það sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan. Ferðaþjónustan er gott dæmi um starfsemi þar sem fjárfelæði er ójafnt. Það er oft gott yfir sumarið en síðan er mun erfiðara að reka fyrirtækin yfir vetrartímann. Þá er gott að hafa þessa fyrirgreiðslu sem jafnar út sveiflurnar. Núna eru sérverslanir töluvert að leita til okkar, sem vantar fjármagn til að byggja sig upp fyrir jólin, þurfa að fylla á lagerinn og það er þungt að leggja út fyrir slíku þó að það eigi eftir að skila sér allt til baka í jólasölunni,” segir Hörður.

Sem fyrr segir hefur Faktoría aðeins verið í rúmt ár á markaðnum eftir langan aðdraganda þar sem menn huguðu vandlega að því að treysta tæknilegan grunn

starfseminnar. Hörður segir að viðtökurnar hafi verið frábærar og þjónustan er greinilega kærkomin fyrir mörg lítil og meðalstór fyrirtæki.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þjónustuna betur og hafa ef til vill þörf fyrir fjármögnun af þessu tagi ættu endilega að skoða vel vef fyrirtækisins, faktoría.is. Þar eru greinargóðar og aðgengilegar upplýsingar auk þjónustuvefjar þar sem viðskiptavinir taka nokkur skref að fjármögnuninni í einföldu og traustu ferli.

Á vefnum er einnig að finna símanúmer þeirra Harðar, Finns og Hauks og er velkomið að hringja í þá og fá nánari upplýsingar og útskýringar á þjónustunni í símtali.



Jóna Ingibjörg Lítt þekkt ættartengsl Kynfræðingur og þingmaður

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur, hristi aldeilis upp í hugsun og kynhegðun Íslendinga þegar hún kom fyrst fram á sjónarsviðið á níunda áratugnum með fyrirlestira og fræðigreinar sínar.

Kynlíf og kynhegðun sem áður hafði verið feimismál, þótti nú lítið tiltökumál að ræða við eldhúsborð landsmanna eða uppi í rúmi. Eitthvað sem þykir sérstakt í dag þegar umræða um kynlíf og kynhegðun er orðin mjög opinber.

Einn af frændum Jónu Ingibjargar, er „stóri frændinn“ Mördur Árnason, sjálfstætt starfandi íslenskfræðingur og stjórnmalamaður og fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar.

Mördur er sjö árum eldri en Jóna Ingibjörg og móðir Marðar og faðir Ingu Jónu eru samfedra. Móðir Marðar, Vilborg Harðardóttir, og faðir Jónu Ingibjargar, Jón Reynir Eyjólfsson, eru börn Harðar Gestssonar. Jón Reynir ber hins vegar eftirnafn kjörföður síns, Eyjólf Gíslasonar.

Skemmtilegt er að á meðan Jóna Ingibjörg leggur áherslu á góð og jákvæð samskipti kynjanna í starfi sínu, þá virðast skapsmunir Marðar miklir. Segir Gunnar Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi og alþingismaður, svo frá í ævisögu sinni

að hann hafi lagt það til við forseta Alþingis að Mördur yrði kostadur á námskeið í mannlegum samskiptum.



Mördur Árnason

Þetta borða þeir í morgunmat:

Léttist um fimm kíló á 30 dögum

Sjáðu ógirnilegt matarklám íslenskra kjötæta

Steingerður Sonja Þórisdóttir
ritstjorn@dv.is


Facebook-hópin Iceland Carnivore Tribe-Kjötætur hafa safnast saman einstaklingar sem eiga það sameiginlegt sneiða fram hjá plöntuafurðum og kolvetnum og reyna eftir fremsta megni að borða eingöngu kjöt í þeim tilgangi að léttast og líða betur. Þannig eru meðlimir að borða eingöngu kjöt í morgunmat.

Fimm kíló farin

Tónlistarmaðurinn Jógvan Hansen var einn af þeim sem slógu til og ákvað að prófa kúrnú í byrjun árs og neyta aðeins kjöts í janúar. Í viðtali við DV nú um miðjan janúar, þegar Jógvan var búinn að vera á kúrnum í rúmlega viku, hljómaði hann nokkuð jákvæður en efaðist þó um að þetta yrði einhver varanleg lífsstílsbreyting.

Þegar blaðamaður náði tali af honum til að vita hvernig hafi gengið vildi svo til að Jógvan einmitt að fá sér í salat. „Ótrú-

Jógvan Söngvarinn geðþekki borðaði eingöngu kjöt í mánuð og léttist um fimm kíló.



Evar Austfjörð
Gallhórd kjötæta.

lega fyndið, ég var einmitt að fá mér salat í fyrsta skipti í sex og hálfu viku. Ég hugsaði bara að ég nennti þessu ekki lengur og fékk mér Sesar-salat.“

Að eigin sögn er hann þó mikill kjötmaður og reyndist kúrnú honum því ekki jafn erfiður og mörgum.

„Fyrst maður var að fara í einhvern kúr til að byrja með þá virkaði þessi eðlilegastur fyrir mér. Ég elska kjöt. Þetta er eins einfalt og svona kúrar gerast. Þetta var líka fínt til að núllstillast sig, hætta að borða endalaust af brauði.“



Hann segir að þetta hafi almennt gengið vel. „Ég er búinn að léttast um fimm kíló. Og mér leið bara eins, ég fann ekki þannig mikinn mun á líðaninni. Annars er þetta mikið hugarfarið, fólki finnst alveg fáránlegt að maður sé bara að borða kjöt. Það var erfitt að sleppa kolvetnunum en ég myndi vel hugsað mér að gera þetta aftur. Það er svo mikið af góðu kjöti til, hérna á Íslandi er eitt besta kjöti sem hægt er að fá.“

En var ekki dýrt að borða bara kjöt?

„Ég hef ekki skoðað það nákvæmlega en ég til dæmis keypti minna af drasli eins og sósu sem maður notar kannski bara tveir skeiðar af og svo fer hún í ruslið. Jú, kjöt er kannski örlítið dýrt en ég hugsa að ég hafi ekki eytt meiri pening því ég sóaði minna. Svo fannst krökkunum mínum alveg frábært að fá beikon í morgunmat alla daga!“

Varð orkumeiri

Evar Austfjörð, stofnandi hópsins, hafði áður tileinkað sér lágkolvetna lífsstílinn með ágæt-

um árangri. Hann langaði þó að prófa eitthvað nýtt og ákvað fyrst að sleppa öllum plöntuafurðum í janúar í fyrra. Það fór ágætlega í hann svo hann hellti sér í frekari rannsóknir og komst þannig í kynni við Shawn Baker, sem sjálfur var nýbyrjaður að borða eingöngu kjöt. Baker auglýsti svo stuttu síðar eftir fólki sem væri til í að láta reyna á þetta í 90 daga og ákvað Evar að slá til. Hann sér ekki eftir því en hann hefur misst 13 kíló síðasta hálfu árið og segist hafa mun meiri orku ásamt því að svefninn sé kominn lag.

Myndirnar í hópnun hafa þó vakið athygli fyrir að vera margar frekar ókræsilegar. Evar hlær og slær á léttu strengi. „Mér þykir nú myndirnar flestar girnilegar,“ en bætir svo glettinn við: „nema kannski þegar fólk er að sula einhverjum plöntum á diskana.“

Þótt þetta séu umdeildar hugmyndir, sérstaklega nú þegar sífellt fleiri tileinka sér vegan eða grænmetisæði, geta flestir verið sammála um að þessar myndir séu kannski ekki besta leiðin til sannfæra fólk um ágæti kjötætuksins. ■

„Eins pirrandi og þú ert oft, þá ertu þokkalegur núna“

Skemmtikrafturinn og snapparinn Hjalmar Örn Jóhannsson sýnir á sér nýja hlið í myndinni Fullir vasar sem frumsýnd er í dag. Hann settist niður, tæmdi vasana og svaraði nokkrum undarlegum spurningum fyrir lesendum DV.

Ef þú þyrftir að breyta, hvað myndirðu vilja heita annað en Hjalmar? Ég er sáttur við Hjalmar og skemmtilegt að segja frá því að ég slapp alla grunnskólagaðinguna við að vera kallaður Bólu-Hjalmar.

Hverjum líkist þú mest? Ég er ótrúlega líkur Ledley King, fyrrverandi fyrirliði Tottenham Hotspur.

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Að velja blandi þoka, hef stundum verið kallaður Dr. Blandi.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? „Small talk“, væri geggjað ef allir Íslendingar myndu læra það í skóla.

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund krónum á klukkutíma, í hvaða verslun færirdu? Dogma, væri kominn með tækifærissgjafir fyrir vini og ættingja næstu árin.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum

þínum? Fyrirmynd rauðhæðra og mikill Tottenham-maður sem elskaði óhollan mat.

Hvernig myndirðu lýsa litnum gulum fyrir blindum manni? Leyfa honum að smakka Sinalco.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? Afmæli með Svavari Elliða ft. Hjalmar Örn.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? It's my party and i cry if i want to.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? I'm better – Missy Elliot.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Skott, strákar með langt hár niður á bak. Sakna þess.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir



HIN HLIÐIN

Síðasta söluvegur? Aldrei nokkurn tíma er mjög mathræddur.

Hvað er það furðulegasta sem þú hefur keypt? Hlutabréf í Millwall Football Club.

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? Eins pirrandi og þú ert oft, þá ertu þokkalegur núna.

Hvaða ósíd hefur þér reynt erfiðast að hætta? Naga neglurnar, man ekki af hverju það var einhvern tímann gott.

Hverju laugstu síðast? Að ég væri 105,9 kíló,

ég er 106,6.

Hvaða áhugamál myndirdu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Rotturækt.

Hvaða einstakling finnst þér þú þekkjast, þótt þú hafir aldrei hitt hann? Ricky Gervais.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Þegar einhver sötrar eitthvað.

Hvaða frægu persónu leistu upp til en sérd eftir því í dag? Ruhollah Khomeini, mér fannst hann alltaf þvílíkt jólalegur kall og góðlegur en annað kom á daginn.

Hver er mest kynsandi teiknimyndarpersónan? Betty Rubble, konan hans Barney í Flinstones. „What a lady!“

Í hvaða íþróttagreini finnst þér að keppendur ættu að leika ólvaðir? Krikket, myndi hjálpa þeim að komast í þennan hræðilega leik.

Hvað verður orðið hallærislegt eftir fimm árum? Vonandi há.

Hvaða teiknimyndarpersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Peter í Family Guy.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Fara í joggingboxum og spariskóm út í búð, mjög frelsandi.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerradi? Ertu að verða veikur? Og hvað gerist þá?

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfljótsormurinn finnast, Frikki Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump verða myrtur. Hver væri stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir? Það eru góðar líkur á að Frikki Dór vinni Euro einn daginn, Trump er orðinn verulega tæpur en Lagarfljótsormurinn er „HUGE!“

9. maí í 11 nætur

Frá kr.
110.795

Kynnisferðin
BORGARFERÐ
fylgir frítt með
Agadir sólarferð!

Allt að
10.000 kr.
afsláttur á mann

MAROKKÓ

*Öll verð eru með afslætti.

AGADIR



Golden Beach Aparthotel

Frá kr. 110.795 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 110.795 m.v.
2 fullorðna í íbúð.



Kenzi Europa Hotel

Frá kr. 139.595 m/hálft fæði innifalið


Netverð á mann frá kr. 139.595 m.v.
2 fullorðna í herbergj.



Hotel Royal Atlas Agadir

Frá kr. 158.595 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 158.595 m.v.
2 fullorðna í herbergj.



Sofitel Thalassa & Spa Hotel

Frá kr. 219.995 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 219.995 m.v.
2 fullorðna í herbergj.

SÉRFERÐ – Ævintýri í Marokkó

Frá kr.
269.995



Einstök 11 náttu sérferð þar sem farþegum gefst tækifæri til að skyggnast inn í nýjan og frامandi heim. Það er sérstök upplifun að koma til Marokkó, ekki einungis í sögulegum skilningi heldur einnig til að kynna landi og þjóð orlitið nánar. Í ferðinni er dvalið í litlum heillandi bæjum til sjávar og sveita svo og stærri borgum á borð við Marrakech og Agadir. Þessi ferð hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og ávallt selst upp. Bókaðu því tímanlega.

HREYFIFERÐ – Líkami & sál í Marokkó

Frá kr.
199.995



Í þessari ferð gefst farþegum kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótélum sem standa við strönd Marokkó. Á hótélunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekri og vellíðan allt eftir því hvað hver og einn kys. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 daga afþreyingarpökkum: Jógapakka, Jóga- & Dekurpakka, Brimbrettapakka, Brimbretta- & Jógapakka ásamt því að bóka Brimbretta-, jóga- og dekurpakka.

Þitt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEAM / SIA - NM8500

☎ 595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Svanur Herberts sá fljúgandi furðuhluti

Tónlistarmaðurinn Svanur Herbertsson á ekki langt að sækja hæfileikana enda sonur hins ástsæla söngvara Herberts Guðmundssonar. Hann gefur á næstu dögum út sína fyrstu sólplötu sem heitir UFO. Hann segir í samtali við DV nafnið sé engin tilviljun heldur vísun í örlagaríkt kvöld þegar hann sá merki á himnum og týndi tíma.

„Ég fór út fyrir bæjarmörkin þar sem lítið er um ljósmengun til að ná ljósmyndum af norðurljósum og stjörnum. Og maður þarf venjulega ekki að horfa lengi upp í himininn fyrir en maður sér eitt-

hvað rosalegt. En þetta kvöld varð að einhverju magnaðasta „upplifelsi“ sem ég hef lent í á ævinni. Ótrúlega falleg norðurljós dönsuðu um himininn og áður ég vissi af því blöstu við mér fyrst einn og svo tveir og svo þrír og að lokum sjö ótrúlega falleg hvít hringlaga ljós skínandi ótrúlega bjart í gegnum norðurljósin,“ segir Svanur.


Hinu undarlega atviki lauk ekki þarna. Hann segir að ljósin hafi myndað norræna rún sem táknar sigur. „Þetta virtist ég vita því ég fékk eins konar hugboð um hvað þetta táknadi. Ég upplifði alveg yfirþyrmandi ást þegar ég sá

þetta. Það er ótrúlega erfitt að lýsa tilfinningunni en það eina sem ég get sagt er að það var gríðarlega mikil „nærvera“. Eftir atvikið rankaði ég við mér og þrír klukkutímar höfðu liðið þannig að ég upplifði það sem kallast „missing time“ eða týndan tíma sem er víst eitt af einkennum þess að komast í kynni við FFH,“ segir Svanur.

Svanur segir að atvikið hafi haft gríðarleg áhrif á hann og hann hafi meðal annars fengið sér tattú af fljúgandi furðuhlut. „Ég hef alltaf haft gríðarlega mikinn áhuga á fljúgandi furðuhlutum, fyrir og eftir þetta örlagaríka kvöld sem breytti

lífi mínu fyrir fullt og allt, og þessi merki sem ég sá í himninum hafa haft gríðarlega mikil áhrif á bæði þema plötunnar minnar, augljóslega nafnið á plötunni, textana og plötuumslagid,“ segir Svanur.

Til gamans má geta þess að Svanur er ekki fyrsti íslenski tónlistarmaðurinn sem hefur lýst reynslu af fljúgandi furðuhlutum. Pálmi Gunnarsson og Magnús Eiríksson hafa áður sagt frá því þegar þeir voru brottnumdir af geimverum á Snæfellsnesi. Þeir höfðu reykt hass og sofnuðu í heitri sumarsól. Vöknuðu þeir sjö tímum síðar í nákvæmlega sömu stellingum.



Þá sagði Magnús: „Undir öllum venjulegum kringumstæðum hefðum við átt að vera skaðbrunnir [...] en ég var nákvæmlega jafnfölur og þegar ég lagðist til svefns. Við Pálmi vöknuðum alveg á sama augnablikinu.“ ■

hjalmar@dv.is

Hvað segir pabbi?

Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Góí, hefur í nógu að snúast þessi miss-erin. Hann þótti sýna stjórnuleik í Risaeðlunum. Þá leikur Góí eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Lof mér að falla, en næst verður hægt að sjá hann í sýningunni Slá í gegn. En hvað segir pabbi um þennan upptekna mann, en faðir Góa er **Séra Karl Sigurbjörnsson** biskup.



„Góí hefur alltaf verið einstakur gleðigjafi og góður drengur. Gláðsinna og ljúfur húmoristi, hreinn og beinn, heiðarlegur og samviskusamur. Ótrúlega vinnusamur og vandvirkur í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Frjór og skapandi listamaður. Hann hefur miklu að miðla og á afar gott með að vinna með fólki. Hann er frábær kokkur og örlátur gestgjafi. Það hefur verið mikil gleði að fylgjast með því hvað hann sinnir vel fjölskyldunni sinni í öllum sínum miklu önum. Ég er og hef alltaf verið mikið stoltur af honum.“

Það er staðreynd að ...

... Ísland tekur á móti helmingi fleiri ferðamönnum en ferðamannaparadísin Arúba í Karíbahafinu.



... ef þú ert með veikan eða slasaðan einstakling í bílnum þínum þá máttu nota hvíta veifu í neyðarakstri.



... nokkrir veitingastadir hér á landi bjóða upp á snigla í forrétt. Enginn býður upp á orma.

... enginn veit hversu margir kettir eru á Íslandi. Eða kanínur. Hundar eru rúmlega 17 þúsund.



... að fólk á aldrinum 50 til 80 ára er líklegra en fólk undir fimmtugu til að horfa á RÚV. Það horfir líka mun meira á línulegt sjónvarp.

... að ef þú ert í Miðflokknum er mjög líklegt að þú eigir kort í Costco.



Í bláum skugga, af broshýrum reyri?

Loki

Kópal loftamálning

er sérlega gerð til að mála loft innanhúss og hentar einkar vel þar sem birtan gerir miklar kröfur um jafna áferð.

9.795

86638283
Almennt verð: 13.995

10 lítrar



30% afsláttur

30% afsláttur

Kópal Glitra

10% gljástig. Silkifín áferð sem laðar fram smáatriðin í samspili ljóss og skugga.

4.395

86620040
Almennt verð: 6.295

FRÁBÆR

Málum saman!

HELGA- TILBOÐ

22.-26. febrúar

Fáðu fría Kópal litaprufu - prófaðu litinn heima áður en þú tekur ákvörðun*

4 lítrar

32% afsláttur

Öll gljástig

Kópal Akrylhúð

Gerlavarin, þolir vel rakaálag og hefur mjög góða viðloðun. Einkum ætluð þar sem mikið raka- og þvottaálag er til staðar

5.995

86233040
Almennt verð: 8.795



25 cm

Fia rúlla og bakki, 25cm.

695

84100160
Almennt verð: 995

30% afsláttur



MARKAÐS-DAGAR

Komdu og gramsaðu!

Gerðu frábær kaup!

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Allt fyrir bílinn

23. febrúar 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sværissón / agustb@dv.is



Fagmennska og reynsla í sölu notaðra bíla

HEIMSBÍLAR

Við höfum mikla reynslu hér á Heimsbílum. Ég hef unnið við bílasölu frá árinu 1998, og félagi minn Garðar, frá árinu 2006. Við höfum einnig báðir starfað hjá stóru bílaumboðunum. Við erum báðir löggiltir í greininni. Við tókum við Heimsbílum í apríl 2009. Hérna seljum við bíla fyrir aðra, einstaklinga, bílaleigur og bílaumboðin. Við flytjum hins vegar ekki inn sjálfir. Min grunnhugsun er sú að ef þú ert með bílasölu þá ertu að selja fyrir aðra. Ef þú flytur sjálfur inn bíla ertu farinn að selja fyrir sjálfan þig og kominn í samkeppni við þá sem skaffa þér brauðið. Við forðumst það.

Þetta segir Tryggi B. Andersen hjá bílasölu Heimsbílar sem hann

rekur ásamt félagi sínum, Garðari Smárasyni. Heimsbílar eru til húsa að Kletthálsi 2, 110 Reykjavík. Heimsbílar bjóða upp á mikið úrval af notuðum bílum á breiðu verðbili. „Dýrasti bíllinn sem ég hef selt hérna var yfir 24 milljónir og við erum með töluvert af dýrum bílum hér, t.d. Range Rover, BMW og Mercedes-Benz. Síðan eru þetta bílar alveg niður í 300–400 þúsund. Hins vegar erum við með ákveðnar gæðakröfur, bílar þurfa að vera hreinir og í lagi. Þannig að þó að við bjóðum upp á mjög ódýra bíla reynum við að tryggja lágmarksgæði,” segir Tryggi.

Hann segist álíta að sala í notuðum bílum hafi að mestu staðið í stað síðan árið 2009. Hins vegar hafi hún síðustu árin færst meira yfir í nýlega og dýrari bíla.

Í boði er fjármögnun upp á allt að

1,5 milljónir í gegnum pay.is og eina milljón með VISA. Ýmis önnur fjármögnun kemur til greina: „Það er í rauninni öll fjármögnun í boði nema skuldabréf og vixlar, það er búið,” segir Tryggi.

Heimsbílar selja bíla fyrir einstaklinga, bílaleigur og mörg af stóru bílaumboðunum, og fyrirtækið kappkostar að þjónusta vel bæði þá sem það selur bíla fyrir og kaupendur. Tryggi segir að salan sé nokkuð jöfn yfir árið með ákveðnum sveiflum þó: „Oft eru tveir til þrjú mánuðir rólegir og síðan rifandi gangur í aðra tvo til þrjú mánuði. Það er hins vegar ekki fyrirsjáanlegt hvenær ársins þessi tímabil eru. Afgangurinn á árinu er síðan nokkuð jafn í sölu.”

Tryggi segir að starf bílasala sé annasamt og henti bara þeim sem hafi ástriðu fyrir bílum. „Það þarf að


huga að mörgu, sjá til þess að bílar séu gangfærir og þrifa þá. Það er gaman að geta sinnt starfi sem maður hefur ástriðu fyrir og getur brauðfætt sig með.”

Frekari upplýsingar um starfsemiina er að finna á nýrri og glæsilegri heimasíðu, heimsbílar.is. Þar eru upplýsingar um úrval, sölupóknun og fleira. Hér með greininni eru síðan myndir og upplýsingar um áhuga-verða bíla sem eru til sölu núna.

„Það er og hefur alltaf verið frítt að skrá bil hjá Heimsbílum og eingöngu eru tekin sölulaun af þeim bílum sem seljast. „Við hvetjum fólk til að koma til okkar og skrá bílinn í sölu, sé það í söluhugleiðingum,” segir Tryggi að lokum.



TOYOTA Hilux. Árgætt 2014, ekinn 67 þ.km, dísil, 5 gírar. Verð 4.950.000. Rnr.330954. 3 lítra vélin.



MAZDA 5 advance. Árgætt 2012, ekinn 80 þ.km, dísil, 6 gírar. Verð 2.240.000. Rnr.331002. 7 MANNA. FLOTTUR FJÖLSKYLDUBÍLL.




LANDROVER Defender. Árgætt 2015, ekinn 68 þ.km, dísil, 6 gírar. Verð 6.900.000. Rnr.331140. Þessi bíður eftir nýjum eiganda.



AUDI A4 limousine. Fjórhjóladrifinn. Árgætt 2016, ekinn 39 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 5.300.000. Rnr.331248. Vel búinn og er á staðnum.



NISSAN Qashqai Tekna. Árgætt 2016, ekinn 23 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.331172. Vel með farinn, eins og nýr.



HONDA Jazz Trend. Árgætt 2016, ekinn 59 þ.km, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐSV. 1.890.000. Rnr.331007. Vel með farinn, mjög gott verð.



HJÁ SMÁRA HÓLM

Prolan stoppar ryð og endist lengi

Velkomnir í hellinn minn," segir Smári Hólm kankvís þegar hann tekur á móti blaðamanni og myndatökumanni í húsnæði sínu að Rauðhelli 1 í Hafnarfirði. Smári Hólm rekur þar lítið en afar kröftugt ryðvarna- verkstæði ásamt eiginkonu sinni og samstarfsfélagi, Sigríði Ragnarsdóttur.

Inni á verkstæðinu eru tveir bílar hvor í sinni lyftunni sem Smári Hólm er að vinna við þennan daginn.

Smári Hólm sinnir jöfnum höndum bílum fyrir bílaumboðin, bílaflota fyrirtækja og bílum einstaklinga. Hann segir nýja bíla vera ótrúlega fljóta að ryðga. Annar billinn sem búið er að lyfta upp þarna inni er nýr sýningarbill frá umboði og ekki enn kominn á númer. Smári sýnir okkur merkilega marga ryðbletti undir þessum splunkunýja bíl. „Það er bara enginn bill hannaður fyrir íslenska veðráttu og saltið á götunum fer strax að éta sig inn í þá. Auk þess fer ál sérstaklega illa og rætist mun hraðar en stál," segir Smári.

Ég bið Smára Hólm um að lýsa ryðvarnarferlinu:

„Ég tek bílana inn daginn áður og þurrka þá í miklum hita til að ná kjörhitastigi áður en Prolan er borið á hann. Billinn verður að vera alveg skraufþurr og heitur. Áður en ég hef lokið við að þurrka hann lyfti ég honum upp, tek dekkinn undan honum, tek allt plast utan af honum, tek pönnurnar undan honum. Svo þegar ég er búinn að hreinsa allt sem ég get tekið undan bílnum þá blæs ég hann með háprýstilofti.“

Töfraefnið Prolan

Smári Hólm notast eingöngu fyrir hið frábæra ryðvarnarefni Prolan en hann er umboðsaðili fyrir það á Íslandi:

„Ryðið sem er komið til dæmis í bíl drekkur í sig Prolan-vörnina sem endist síðan von úr viti sem forvörn því hún liggur á bílnum og hrindir stöðugt frá honum vatni. Kemur í veg fyrir að súrefni og vatn komist að járninu. Þess vegna skiptir svo miklu



máli að billinn sé þurr þegar borið er á hann.“

Meðfylgjandi myndir sýna dæmi um ótrúlega virkni Prolans á hluti sem virðast ónýtir og ekki annað í stöðunni en að kaupa nýja. En Prolan gerir kraftaverk á veðruðum og illa ryðguðum hlutum.

Alltaf í bílnum

„Ég fæddist með smurkönnu í annarri hendi og skiptilykilinn í hinni. Pabbi var mikill jeppakall, ég fór mikið með honum á fjöll og fékk að keyra fyrst sjö ára. Er búinn að vera á kafi í jeppamennsku alla mína ævi en hef tekið mér hlé frá henni síðustu árin,“ segir Smári.

Verkstæðið hans hér að Rauðhelli 1 er opið frá 8 til 17 virka daga. Pantan þarf tíma simleiðis í síma 861-

7237 og getur biðtíminn verið nokkuð langur. Smári er eftirsóttur í bransanum enda hefur hann afar gott orð á sér:

„Ég kappkosta að vinna af mikilli fagmennsku. Ég er líka búinn að vera í bílageiranum alla mína ævi.

Sjá nánar á Facebook-síðunni www.facebook.com/prolanrydvorn og vefsíðunni www.smariholm.com.



Fyrir og eftir notkun Prolan





Framúrskarandi endurbætur á tjónabílum

GÆÐASPRAUTUN

Gæðasprautun er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu við eigendur tjónabíla og sér til að eigendurnir fái þá jafn góða eða betri til baka. Gæðasprautun er með samstarfssamninga við tryggingafélögin og er traustur áfangastaður fyrir þá öikumenn sem lenda í tjóni og vilja fá bílinn sinn góðan til baka.

„Ég er með marga ánægða viðskiptavinum sem koma aftur og aftur en við þjónustum bílaleigurnar mikið. Stærstu bílaleigurnar leita mikið til okkar,” segir Ricardas Navickas,

eigandi fyrirtækisins, en hann er frá Litháen. Ricardas hefur búið hér á landi síðan árið 2006 og vegnað afar vel enda fagmaður fram í fingurgóma.

Um fimm manns starfa hjá Gæðasprautun við tjónaskoðun, réttingar og bílasprautun. Gæðasprautun býður upp á mjög umhverfisvænar réttingar því ef lakk er ekki skemmt í beyglunni þá geta þeir lagfært skemmdina án þess að nota lakk með því að beita svokölluðum smáréttungum. Þar með á engin litabjögungun sér stað því það er sami liturinn áfram á tjónaða svæðinu og billinn jafn góður og áður. Þessu er náð fram með sér-

stakri tækni og góðum tækjabúnaði.

„Þetta geta ekki allir gert en við erum með mörg sérhæfð verkfæri til að fást við þessar beyglur og ná þessu fram,” segir Ricardas sem viðurkennir að tjónavinnan sé mjög erfið og krefjist mikils af þeim sem við hana fást. „Við erum í þessu af ástriðu,” segir Ricardas.

Biðtími eftir bíl sem þarf að sprauta eða lakka er oft 2–3 dagar. Ef aðeins þarf að beita smáréttungum án þess að skipta um lakk er oft hægt að vinna verkið samdægurs. Þannig sparast mikill tími og þar með er þetta afar hagstætt fyrir tryggingafélögin. Eigandi bílsins fær afnot af

bílaleigubíl á meðan hann bíður eftir því að gert sé við hans bíl.

„Stundum komum við á staðinn og réttum við beyglur hjá bílaleigandanum, til dæmis hjá bílaumboðum og bílaleigum og þessa þjónustu kunna menn mjög vel að meta. Við höfum oft komið á staðinn eftir að viðskiptavinur bílaleigu hefur lent í tjóni og gert við beyglur á hálf tíma eða klukkutíma og allir eru alsælir, málið er leyst,” segir Ricardas.

Gæðasprautun er til húsa að Súðarvogi 38, Reykjavík. Símanúmer er 660-9640. Sjá nánar á Facebook-síðunni [facebook.com/Gaedasprautun/](https://www.facebook.com/Gaedasprautun/).

Vantar þig varahlut í bílinn?



JAPANSKAR VÉLAR: VARAHLUTIR Í FLESTA ASÍSKA BÍLA OG FLEIRI TEGUNDIR

Þessi starfsemi nær 27 ár aftur í tímann en þá hófum við að flytja inn vélar, girkassa og skiptingar frá Japan. Þess vegna heitir fyrirtækið Japanskar vélar en á þessum tíma voru – og eru raunar enn – fjölmörg fyrirtæki í Evrópu með svipuð heiti. Undanfarin ár hefur starfsemin hins vegar færst úr innflutningi yfir í bílapartasölu,” segir Hlöðver Hjálmarsson, eigandi bílapartasöluunnar Japanskar vélar.



Japanskar vélar bjóða upp á mikið úrval af varahlutum á hagstæðu verði en mest er úrvalið í asískaum bíla. „Þessir bílar eru reyndar framleiddir úti um allan heim en við höfum varahluti í bíla undir flestum þessum asísku merkjum,” segir Hlöðver.

Japanskar vélar kaupa tjónabíla frá tryggingafyrirtækjum og einkaaðilum, rífa bílana niður og flokka varahluti. Almennt er mikil eftirspurn eftir varahlutum en hún hefur þó minnkað nokkuð með auknum innflutningi undanfarin ár. Meðal eftirsótttra varahluta auk véla og drifbúnaðar eru boddíhlutir, felgur, rúður og ljós. Hlöðver tekur hins vegar fram að hann selji ekki öryggisbúnað úr tjónabílum.

Japanskar vélar eru til húsa að Dalshrauni 26 í Hafnarfirði. Opíð er virka daga frá kl. 9 til 17. Hægt er að skoða úrvalið á staðnum en einnig eru ítarlegar upplýsingar á vefsíðunni japanskarvelar.is og Facebook-síðunni www.facebook.com/japanskarvelar/. Viðskipti fara mjög gjarnan fram með tölvupósti eða með simtali í síma 565-3400.



Hægt er að greiða með milli-færslum og símgreiðslum þar sem kortaupplýsingar eru gefnar upp eða á staðnum. Japanskar vélar senda varahluti hvert á land sem er.



Orðsþorið er besta auglýsingin

BÍLAKÓNGURINN, BREKKUSTÍG 40, NJARÐVÍK

Við höfum lítið sem ekkert auglýst en fólk hefur verið ánæggt með þjónustuna og vinnubrögðin og þess vegna fáum við sífellt meiri viðskipti. Við rétt svo önnur því sem til okkar berst núna en það kemur eflaust að því fljótlega að ég þarf að stækka við mig," segir Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem rekur bílaþjónustufyrirtækið Bílakóngurinn í Njarðvík og er annar af tveimur starfsmönnum fyrirtækisins.

Bílakóngurinn þrífur bíla að innan sem utan, framkvæmir lagfæringar eftir yfirborðsskemmdir og tekur bíla í mössun. „Þegar þú ert búinn að þrifa bílinn þinn með kústum í nokkur ár er lakkid orðið mjög matt. Mössunin nær gljáanum upp aftur," segir Sveinbjörn.

„Fyrir utan þetta þá eru oft smárispur á bílunum og það sest bremsuryk á þá. Auk þess fer seltan mjög illa með bílana á veturna. Margir bílar árgærd 2016 eru mjög illa farnir. Þetta er mikil vinna, það þarf að vaka yfir þessu og sinna þessu af alúð og áhuga. En ég hef líka mjög gaman af vinnunni," segir Sveinbjörn en Bílakóngurinn fær mikið hrós frá viðskiptavinum fyrir vönduð vinnubrögð.

„Stundum hef ég þurft að rífa innréttingarnar út úr bílunum til að uppræta lykt því ef það hellist niður og mjólkinn eða kaffið komast inn í járnid þá hverfur lyktin ekkert þó að þú þrífir hann að innan.

Svo erum við með Nano Ceramic-vörn fyrir bílinn sem dugur allt að 3

til 5 ár. Það þarf að panta með viku fyrirvara mjög sterk efni með ábyrgð allan tímann ef farið eftir skilmálum."

Fyrir utan þessi hreinsunarverkefni og endurbætur sem gera bílinn fallegan og aftur nýlegan í útliti þá sinnir Bílakóngurinn bremsuviðgerðum og skiptum á tímareimum.




Þó að meirihluti viðskiptavina Bílakóngrins séu af Suðurnesjum þá er hann með nokkra fasta viðskiptavini í Reykjavík sem gjarnan leita til hans í tengslum við utanlandsferðir. „Ég ek þeim á flugvöllinn og þegar þeir koma heim aftur skila ég bílunum til þeirra hreinum og fínum. Fyrir utan að þrifa bílinn geri ég það sem gera þarf miðað við aðstæður, stundum fer ég með þá í smurningu eða í skoðun," segir Sveinbjörn.

Þjónusta við fyrirtæki

Bílakóngurinn sinnir reglulegri þjónustu fyrir bílaumboðin Öskju og K. Steinarsson. „Ég tek nýja bíla og geri klára fyrir viðskiptavinina og síðan tek ég notaða bíla, massa þá og þríf og geri þá fina fyrir endursölu." Bílakóngurinn vinnur einnig mikið fyrir bílaleiguna Blue og þjónustar bílaflotann hjá meirihlutunum af byggingarverktökum á Suðurnesjum.

Síðast en ekki síst er Bílakóngurinn með þvottastöð á hjólum sem notuð er til að þrifa plön fyrir framan verslanir og bílasölu.

Nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn í síma 771-1449.



Traust þjónusta við bíleigendur í 44 ár

Fyrtækið Vélastilling hefur verið starfandi frá árinu 1975 og er enn rekið á upphaflegu kennitölunni. Sigurður Ingiberg Ólafsson stofnaði fyrirtækið en sonur hans, Ólafur Kr. Sigurðsson, sem ungur lærdi bifvélavirkjun og fór að vinna á verkstæði föður síns, tók við rekstrinum fyrir nokkrum árum.

Nafn fyrirtækisins ber vitni um gamla tíma: „Það er ekkert til lengur sem heitir vélastilling en við erum í almennum bilaviðgerðum og hjólastillingum. Hér áður fyrr voru bílar með platinur og blöndunga og þess háttar, það var því um eiginlega vélastillingu að ræða en núna eru það bara tölvustýrðar stillingar, bilanagreining og þess háttar,“ segir Ólafur.

„Þetta er fyrirtæki sem hvílir á gömlum og traustum grunni en kennitalan er síðan 1975 og bankareikningurinn okkar er enn númer 16. Fólk hváir þegar það heyrir slíkt.“

Að sögn Ólafs veitir Vélastilling alla varahluti sem þarf til viðgerða og gerir við flest allar bílategundir. „Þetta eru alls konar viðgerðir en kannski eru bremsubílanir algengustu vandamálin, það þarf að skipta um bremsuklossa og -diska, til dæmis.“

Fimm starfsmenn eru hjá Vélastillingu, fjórir sinna viðgerðum í fullri vinnu en fimmti starfsmaðurinn er í almennum skrifstofustörfum og útréttingum. Það er mikið að gera allt árið en þó aukast annir mjög mikið á vorin og oftast er rólegt í kringum jólin.

„Oft er mikið að gera í byrjun árs þegar viðskiptavinir leita til okkar fyrir bifreiðaskoðun. Við yfirförum þá allan bílinn og lögum það sem laga þarf.“

Vélastilling sinnir líka tjonamálum, einkum hjólatjónum: „Við erum með samninga við mörg réttingarverkstæði sem vottuð eru af tryggingafélögunum. Við erum sérfræðingar í hjólastillingum og komum því að málum þar sem hjólatjón hefur átt sér stað.“

Vélastilling er til húsa að Auðbrekku 19, Dalbrekkumegin. Ef þú þarft að fara með bílinn í viðgerð hringir þú fyrst í síma 554-3140 og pantar tíma. Eftir það er bíllinn þinn í traustum höndum fagmanna sem starfa á grunni sem lagður var árið 1975.

„Við erum duglegir að skutla fólk á meðan bíllinn er í viðgerð og sjáum til þess að fólk komist á milli staða,“ segir Ólafur.





Bón og þvottur í hálföld

BÓN- OG ÞVOTTASTÖÐIN FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI

Bón- og þvottastöðin er rótgróð fyrirtæki sem ávallt hefur verið í takt við tímann. Að sögn Ara Rafns Vilbergssonar framkvæmdastjóra var Bón- og þvottastöðin fyrsta sjálfvirka bílþvottastöðin á Íslandi en hún var stofnuð árið 1968. Stöðin hóf reksturinn í Sóltúni og var þar samfleytt í nærri 40 ár – eða allt til ársins 2007. Í dag státar Bón- og þvottastöðin af sérlega glæsilegri bílþvottastöð að Grjóthálsi 10, við hliðina á Skeljungu við Vesturlandsveginn.

Einungis handþvottur – engir kústar eða burstar

„Í boði hjá okkur er öll sú meðferð sem nýtist best til þess að þrifa bílinn og bóna hann af natni, eins og tjöruhreinsun, háþrýstipvottur, handþvottur, bón og þurrkun á sjö mínútum,” segir Ari. „Bílþvotturinn er allur unninn í höndunum með svömpum, bón er síðan sett á bílinn og loks þurrkað með míkrofíber-klútum. Við leggjum einungis stund á handþvott sem við teljum veita besta árangurinn og notum hvorki kústa né bursta.“

Byltingarkennd glæný leið til að bóna bílinn

„Bón- og þvottastöðin tók nýlega í notkun glænýja bónaðferð sem kallast Gullfoss og hefur slegið í gegn hjá okkur,” segir Ari.

„Um er að ræða þá skammtilegu viðbót að fá allsherjar bón á bílinn sem endist mun lengur og veitir líka aukinn gljáa. Gullfoss er ný og byltingarkennd aðferð við að bera bón á bíla. Bíllinn fer þá í gegnum vegg af þykku lagi af bóni sem rennur í alla króka og kima á bílnum auk þess sem litadýrðin gleður augað.“

Ummæli ánægðra viðskiptavina:

„Algjörir snillingar og frábær þjónusta.“
„5 stjörnu þvottastöð!“
„Ég ætla aldrei



Ummæli ánægðra viðskiptavina:

- „Algjörir snillingar og frábær þjónusta.“
- „5 stjörnu þvottastöð!“
- „Ég ætla aldrei aftur að þvo bílinn minn sjálfur ...“
- „Fæ alltaf afbragðsþjónustu og glampanði hreinan bíl hjá þessum snillingum!“

aftur að þvo bílinn minn sjálfur ...“ „Fæ alltaf afbragðsþjónustu og glampanði hreinan bíl hjá þessum snillingum!“

Bón- og þvottastöðin
Grjóthálsi 10, 110 Reykjavík
Sími: 588-1010, www.bon.is
Opnunartími: Virka daga: 8.00–18.00, laugardaga: 10.00–16.00






BÍL-PRO: BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

Vel tekið á móti manni og fyrsta flokks þjónusta

Bíl-Pro er löggilt verkstæði á sviði bilaréttinga og bílamálunar og veitir bileigendum sem lenda í árekstri ákaflega faglega, þægilega og heildstæða þjónustu. Þeir rétta og sprauta allar tegundir bíla. Bíl-Pro er með samstarfssamninga við öll tryggingafélögin og notast við Cabas-tjónamatskerfi sem er tengt miðlægum gagnagrunni allra tryggingafélaga. Þeir vinna ávallt eftir viðgerðaleiðbeiningum framleiðanda til þess að ökutækið sem lent hefur í tjóni verði jafngott og það var fyrir árekstur.

Ferlið hefst með því að bileigandi hefur samband í síma 555-1260 eða á vefsíðunni bilpro.is. Síðan kemur hann með bílinn á staðinn og tjónið er metið og gefinn tími fyrir viðgerð. Tjónmatið gengur hratt og örugglega fyrir sig og ekki þarf að bóka tíma í það. Bíl-Pro er staðsett í alfaraleið, að Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík. Bíl-Pro útvegar bileigandanum bílaleigubíl til afnota á meðan viðgerð stendur yfir ef hann kysir það. Þar af leiðandi þarftu eingöngu að koma til Bíl-Pro og sjá þeir um allt ferlið frá upphafi til enda. Viðgerðir felast í bílasprautun, réttungum, plastviðgerðum, framrúðuskiptum og fleiru – allt eftir eðli tjónsins. Viðgerðartími er í flestum tilvikum 3–5 virkir dagar en getur lengst ef tjónið er mikið.

Í Bíl-Pro eru starfsmenn fjórir



talsins í fullu starfi á verkstæðinu og búa yfir mikilli þekkingu og áratuga reynslu. Annar eigandinn, Eiður Már Guðbergsson, er með meistarabréf í bæði bifreiðasmíði og bílamálun, hinn eigandinn, Þröstur Jarl Sveinsson, er meistari í bifreiðasmíði. Starfsmaður á verkstæðinu er með sveinsbréf í bílamálun og annar starfsmaður er nemi í bifreiðasmíði. Auk þess sækja þeir allir endurmenntunarnámskeið reglulega hérlendis sem erlendis, þannig að símenntun er hluti af starfinu.




Fyrir utan fagþekkingu og fyrsta flokks vinnubrögð notast Bíl-Pro eingöngu við besta mögulega búnað og efni. Við bílasprautun er notaður fullkominn sprautuklefi og umhverfisvænt bílalakk frá þýska gæðamerkinu Spies-Hecker sem er með því fremsta á markaðinum í dag. Einnig er notast við sérstakan skanna sem finnur rétta litinn á bílinn. Til réttunga er notast við réttungabekk frá Celette sem er með tölvumælingu.

Enn fremur notast fagmennirnir hjá Bíl-Pro við bestu suðugræjurnar á markaðinum í dag, punktsuðuvélar, álsuðuvélar og koparsuðuvélar. Fólk vill helst fá bílinn sinn betri til baka en hann var fyrir tjónið og þeir fjórmenningar tryggja að svo verði.



Fagmennska í fyrirrúmi og áhersla á fljótlega og góða þjónustu.

Sem fyrr segir er Bíl-Pro til húsa að Viðarhöfða 6. Opið er virka daga frá kl. 8 til 17. Nánari upplýsingar má nálgast á bilpro.is og á Facebook-síðu fyrirtækisins.



Þessi 2015 Skoda Superb 2,0 dísel fékk aflaukningu og fór úr 190 hestöflum í 230 hestöfl ásamt því að togð fór úr 400nm í 480nm. Einnig er hann að fara niður um allt að 10% í eyðslu.



Þessi 2017 Land Rover Discovery Sport fékk aflaukningu og fór úr 150 hestöflum í 180 hestöfl og togð fór úr 380nm í 440nm. Einnig er eyðslan að fara niður um allt að 10%.

KRAFTKORT:

Meira afl og minni eyðsla með tölvustýrðri vélarstillingu

Það er merkileg staðreynd að hægt er að auka kraftinn í bílnum og spara eldsneyti með því að uppfæra gögn í tölvubúnaði. Vélar í nútímabilum nota tölvukerfi við stjórnun vélarinnar. Fjöldmargir skynjarar nema aðstæður og mata vélartölvu bílsins með upplýsingum sem síðan eru notaðar til að stjórna hegðun vélarinnar. Þessir skynjarar mæla t.d. lofthita úti, lofthita í soggrein vélarinnar, vatnshita vélarinnar, stöðu inngjafar, snúningshraða vélar og fjölda annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að beita vélinni sem best við viðkomandi aðstæður.

Fyrirtækið Kraftkort, sem staðsett er að Súlunesi 10 í Garðabæ, hefur veitt fjölmörgum bílum aukni afl og dregið úr eldsneytisnotkun þeirra með þessari nútímalegu vélarstillingu. Guðmundur Rögnvaldsson, sem rekur fyrirtækið, útskýrir aðferðina svo í stuttu máli:

„Þetta snýst um það að við lesum bíltölvuna og erum í samstarfi við breskt fyrirtæki sem heitir Viezu Technologies og er einn stærsti aðilinn á þessu sviði. Við sendum þeim skrána sem er á vélartölvunni í bílnum. Þeir senda okkur nýja skrá með breyttum stillingum sem við keyrum inn á tölvuna. Forritunin sjálf á sér stað hjá þeim en ekki okkur.“

Öll forritin eru prófuð á dynobekkjum hjá Viezu til að sannreyna tölurnar sem gefnar eru upp fyrir hvern bíl.

Eins og áður segir stuðlar endurforritunin bæði að auknu afli og meiri sparneytni: „Ef við tökum

dísilbíla, þá getum við fengið bæði svokallað Performance Map sem lýtur meira að aflaukningu ásamt því að minnka eldsneytisnotkun, og Eco Map, sem veldur minni aflaukningu en meiri eldsneytissparnaði og dregur úr mengun frá bílnum,“ segir Guðmundur.

Einnig er hægt að endurforrita vélartölvur í bensínbílum en fyrir þá er eingöngu til Performance Map. Með auknu afli erfiðar vélin hins vegar minna og því minnkar eyðsla með sama aksturslagi.

Guðmundur tók við starfsemi Kraftkorts í vor en að hans sögn hefur verið boðið upp á þessa þjónustu í nokkur ár. Sem nærri má geta hefur þjónustan þróast í gegnum árin:

„Bílar eru auðvitað ekki eins og þeir voru fyrir nokkrum árum, það er alltaf að koma eitthvað nýtt og hægt að gera fleira.“

Hér með greininni fylgja nokkur dæmi um bíla sem hafa öðlast endurbætt líf, ef svo má segja, eftir tölvustýrða vélarstillingu hjá Kraftkorti.

Sem fyrr segir er fyrirtækið staðsett að Súlunesi 10 í Garðabæ. Heimasíða er kraftkort.net og Facebook-síða www.facebook.com/kraftkortgr. Símanúmer er 857-0210. Hægt er að panta þjónustu eða fá frekari upplýsingar með því að hringja eða senda skilaboð á Facebook-síðunni. Jafnframt er dhugavert að skoða heimasíðu Viezu Technologies, viezu.com.



Þessi 2013 MAN TGX 540 fékk aflaukningu ásamt því að AdBlue var tekið út. Hann fór úr 540 hestöflum í 620 hestöfl og togð fór úr 2450nm í 2850nm. Einnig er eyðslan að fara niður um allt að 13%.



BÍLASTOÐ:

Í fremstu röð á sviði tjónaviðgerða

Árið 2006 stofnuðu þeir Torfi Þórðarson og Jónas Örlygsson fyrirtækið Bilastoð sem sérhæfir sig í meðferð og endurbótum tjónabíla, meðal annars réttingum og sprautun. Torfi hefur starfað í faginu frá árinu 1987 og lærði hann í Svíþjóð í skóla sem rekinn var í samvinnu við bílaframleiðendur þar í landi. Jónas er lærður bílasmíður og hefur starfað við það fag frá árinu 1996.

Markmið Bilastoðar er að vera í fremstu röð á sviði tjónaviðgerða og veita þannig bíleigendum og tryggingafélögum framúrskarandi og


skilvirka þjónustu, en Bilastoð er með samstarfssamninga við öll tryggingafélögin um viðgerðir og endurbætur á tjónabílum. Fyrirtækið leitast við að ná markmiðum sínum með því að beita framúrskarandi tækjabúnaði og hafa í sínum röðum mjög hæft starfsfólk, en auk Torfa og Jónasar starfa aðrir lærðir bílasmíðir og bílamálarar hjá fyrirtækinu. Samtals starfa nú fimm faglærðir einstaklingar hjá fyrirtækinu við réttingar og sprautun en stefnt er að því að bæta við starfsmanni á næstunni vegna aukinna umsvifa.



Meðal tækjabúnaðar Bilastoðar er CAR-O-LINER tölvustýrður réttingabekkur og sprautuklefar frá POLIN. Bilastoð er viðurkennt CABAS-fyrirtæki sem þýðir að Bilastoð uppfyllir kröfur CABAS-kerfisins sem er leiðandi viðmiðun um tjónaviðgerðir.

Bilastoð útvegar viðskiptavinum bílaeigubíla frá Avis á meðan bílar þeirra eru í viðgerð, ef þess er óskað.

Bilastoð er einn af stofnendum FRM, Félags réttinga- og málningarverkstæða, sem vinnur að bættum vinnubrögðum í greininni. FRM heldur úti gæðakerfi fyrir réttinga- og málningarverkstæði sem Frumherji tekur út og fylgir eftir vinnu og þjónustu verkstæða. Á síðasta ári tók Bilastoð upp þessa vottun og er nú vottað verkstæði af FRM-gæðakerfinu. FRM er aðili að alþjóðasamtökum (AIRC)



réttinga- og málningarverkstæða sem rekur Eurogarant-gæðakerfi í Evrópu og það er eina gæðakerfið sem bílaframleiðendur samþykkja. Bilastoð mun á næstu misserum uppfæra sína vottun í Eurogarant-gæðakerfi.

Bilastoð er til húsa að Smiðjuvegi 38, rauð gata, Kópavogi. Símanúmer er 564-0606 og netfang bilastod@simnet.is.

Nánari upplýsingar um starfsemiina er að finna á vefsíðunni bildastod.is.



Natuzzi-tungusófi tekinn í gegn, þrífinn og litaður.



Chesterfield-sófa gefið nýtt líf, sófinn var heillitaður á verkstæðinu okkar.

Heillitun á 30 ára gömlum stól, gaman að sjá leðrið lifna við.

35 ára gamlir borðstofustólar friskaðir upp og fengu þeir nýtt líf hjá okkur.

Dr. Leður gefur leðrinu nýtt líf!

Stýri gefið nýtt líf, hreinsað og litað.

Dr. Leður er 10 ára gamalt fyrirtæki sem var stofnað af Ólafi Geir Magnússyni húsgagnabólstrara sem hefur sérhæft sig í leðurviðgerðum síðan 1992. Dr. Leður sérhæfir sig í þrífum, viðgerðum og litun á leðurhúsgögnum og leðursætum í bílum einnig sér Dr. Leður um að halda leðursætunum í flugflota Icelandair og Air Iceland Connect (Flugfélagi Íslands) hreinum og finum.

Dr. Leður á marga fastakúnnu og einnig kemur margt fólk inn af götunni og óskar eftir þjónustu Dr. Leður, margir kaupa hinn margrómaða Dr. Leður kassa sem inniheldur Dr. Leður-sápu, bursta, Dr. Leður-næringu og klút. Dr. Leður-sápan og Dr. Leður-næringin eru líklega besta tvöna í



Leðurkassinn – líklega besta tvöna í heimi.

heimi og er Dr. Leður-sápan íslensk. Ekki vanrækja leðrið og ALLS EKKI nota bara eitt-hvað á leðrið; leitið ráða hjá fagmönnum! Dr. Leður mælir með að sófasett og bílsæti séu þrífín og nærð 2–4 sinnum á ári.

Dr. Leður kassinn er seldur á eftir-



farandi stöðum:

Casa í Skeifunni 8, Reykjavík
Heimahúsinu í Ármúla 8, Reykjavík
Svefn og Heilsu, Lysthúsinu í Reykjavík
og á Akureyri Linunni í Bæjarlind 16,

Kópavogi Toyota á Akureyri Toyota á Selfossi Berglind Bólstrara á Selfossi Felgur.is á Axarhöfða 16, Reykjavík Dr. Leður á Krókhálsi 4, Reykjavík
Sjá nánar á drledur.is.



Það er engin tilviljun að Hjá Jobba er elsta starfandi bónstöð landsins

Bónstöðvar koma og fara en bónstöðin Hjá Jobba hefur verið starfandi í yfir 30 ár. Hvernig er slíkt hægt þegar meðalaldur í bransanum er 2–3 ár? Svarið er: Gæði, lágt verð og ánægðir viðskiptavinir. Þeir sem fara með bílinn sinn til Jobba vita að þeir munu fá toppþjónustu. Bónstöðin vex enn og dafnar og er núna elsta starfandi bónstöð landsins. Reynsla Jobba í bransanum nær reyndar enn lengra

eftur í tímann en hann starfaði hjá Sveini Egilssyni frá árinu 1982 og stýrði deild sem sá um standsetningu, skráningu og þrif á nýjum bílum. Hann hefur síðan verið sjálfstætt starfandi frá árinu 1986.

Helstu þjónustupættir sem í boði eru hjá Jobba eru eftirtaldir: Allþrif, þrif að innan, þrif að utan og bónun, teflonbónun, djúphreinsun teppa og sæta, tjörupvottur, vélarþvottur, ryksugun, lakkmössun, blettun,

lakkviðgerðir og ýmislegt fleira. Ítarlegar upplýsingar um þjónustuliðina er að finna á vefsíðunni hjobba.is. Þar eru einnig greinargóðar upplýsingar um verð.

Fólksbílur almennings eru vitanlega algengustu verkefni Jobba en stöðin tekur líka meðal annars að sér hreinsun og bónun á rútum, flutningabílum og öðrum vinnutækjum.

Enn fremur þrifur Jobbi og bónar bíla fyrir Suzuki bíla ehf. og fleiri þekkt

fyrirtæki.

Hjá Jobba er staðsett í Skeifunni 17. Stöðin er opin virka daga frá kl. 9 til 17.30 nema föstudaga, þá er opið til kl. 17. Tímá pantanir eru í síma 568-0230. Þá er einnig tilvalið að senda tölvupóst á netfangið hjobba@simnet.is ef þú vilt bæstast í ört vaxandi hóp ánægðra viðskiptavina stöðvarinnar. Því eins og Jobbi segir: „Við gerum gott betra.“ Heimsíða er hjobba.is.




Vantar þig ódýra varahluti? Allar partasölur landsins á einum stað

Fjölmargar partasölur eru starfandi á landinu þar sem má finna gott úrval af ýmiss konar varahlutum. En margir vita ekki hvert best er að snúa sér í leitinni að varahlutum á hagstæðu verði sem passa í þeirra ökutæki. Við þeim vanda er hins vegar til einföld lausn:

Á vefsíðunni partasolur.is eru allar partasölur landsins saman komnar. Á síðunni eru upplýsingar um allar partasölur landsins, heimilisföng, símanúmer og netföng. Auk þess er hægt að senda fyrirspurnir beint á hverja og eina partasölu á vefsíðunni.

Síðast en ekki síst eru upplýsingar um alla bíla sem eru til á partasölunum, eftir tegund og árgerð, og viðkomandi partasölur, þar sem finna má hluti í bílategundirnar, tilgreindar.

Upplýsingar á síðunni eru einfaldar og aðgengilegar. Það er því ekki eftir neinu að biða ef þig vantar varahlut eða hefur áhuga á að eiga viðskipti við partasölu, skodaðu heimasíðuna partasolur.is.



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu

